

**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um sigur Framsóknar í Reykjavík og mannréttindi. 19



**LÍFIÐ** Söngkonan Ásdís María Viðarsdóttir skemmtir með Snoop Dogg í júní. 30



**SPORT** Átján ára kylfingur bætti vallarmetið á Strandavelli á Hellu í gær. 27


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


# FRÉTTABLAÐIÐ


Mánudagur
2. júní 2014
128. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Ótrúlegur bati

Ævar Sveinn Sveinsson féll niður af fimm hæða húsi og lenti á báðum fótum á steinsteyptri stétt í vinnuslysi í febrúar. Hann hefur náð ótrúlegum bata og gengur nú óstuddur. 2

**Meirihlutinn heldur í Garðabæ** D-listinn vann stórsigur í Garðabæ en bæjarstjórinn náði ekki inn. 4

**Konur í meirihluta** Konur skipa í fyrsta skipti meirihluta í bæjarstjórn á Akureyri. 6

**Ný stjórn í Reykjanesbæ** Tuttugu ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ er lokið. 10.



18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 7° | NA | 3 |
| Akureyri | 12° | SA | 4 |
| Egilsstaðir | 16° | SSA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | SA | 2 |
| Reykjavík | 11° | SV | 4 |

**Hlýjast austast** Í dag má búast við hægri suðlægri eða breytilegri átt. Nokkuð bjart NA- og A-til, annars skýjað og stöku skúrir. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk





Vertu laus við LIÐVERKINA!




www.gengurvel.is




**HEFJA VIÐRÆÐUR Í DAG** Oddvitar flokkanna fjögurra sem hyggjast mynda meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur hittust í fyrsta sinn eftir kosningarnar í sjónvarpsumræðum á Stöð 2 í gærkvöldi. Björn Blöndal, Halldór Auðar Svansson, Dagur B. Eggertsson og Sóley Tómasdóttir ræddu saman á léttu nótunum áður en sest var niður í myndverinu að skeggræða kosningaúrslitin. Formlegar meirihlutaviðræður hefjast í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjórir flokkar ræða samstarf í Reykjavík

Meirihlutaviðræður Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata hafnar í Reykjavík. Nýir meirihlutar á Akureyri, í Hafnarfirði og Reykjanesbæ. Stjórnarflokkarnir vinna víða á. Björt framtíð með ellefu fulltrúa í sveitarstjórnum.

**KOSNINGAR** Formlegar viðræður um myndun meirihluta fjögurra flokka í borgarstjórn Reykjavíkur hefjast í dag. Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, og S. Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar, áttu fund í gær og ákváðu að gangast fyrir meirihlutaviðræðum ásamt Vinstri grænum og Pírötum.

Þessir flokkar hafa níu menn af fimmtán í borgarstjórn. Gengið er út frá því að Dagur B. Eggertsson verði borgarstjóri ef samkomulag næst, en fram kom í umræðum oddvita flokkanna á RÚV í gærkvöldi að S. Björn Blöndal sæktist ekki eftir borgarstjórastólnum.

„Ég vil að allir fulltrúar vinni að sameiginlegri sýn og ég hef trú á að þessir fjórir flokkar finni hana,“ segir Dagur.

### Vonbrigði Bjartrar framtíðar

Björn tekur undir orð Dags um vænlegt samstarf flokkanna fjögurra þótt hann geti ekki leynt vonbrigðum sínum með kosningaúrslitin. Björt framtíð fékk eingöngu tvo borgarfulltrúa, en Besti flokkurinn fékk sex í síðustu kosningum.

Sviptingar urðu í nokkrum stærstu sveitarfélögunum í kosningunum á laugardag. Meirihluti Samfylkingar og VG í Hafnarfirði féll en í gær voru engar formlegar viðræður um meirihlutasamstarf. Þar er Björt framtíð í lykilstöðu með tvo fulltrúa, en Sjálfstæðisflokkurinn stærstur í bæjarstjórn með fimm menn.

### Sviptingar í stórum bæjum

Í Kópavogi hélt meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks velli. Sjálfstæðismenn hafa þó þreifað á samstarfi við aðra flokka, þótt framsóknarmenn vilji halda áfram í meirihluta.

Á Akureyri féll meirihluti L-listans en fulltrúar hans hafa hafið viðræður við Framsóknarflokk og Samfylkingu um meirihlutasamstarf.

Í Reykjanesbæ féll meirihluti Sjálfstæðisflokksins og hófust viðræður um myndun meirihluta Frjáls afls, Beinnar leiðar og Samfylkingar í gær.

Samfylkingin vann á og er stærsti flokkurinn í Reykjavík en tapaði fylgi víða annars staðar, þannig að fulltrúum flokksins í sveitarstjórnum fækkar um sjö.

Sjálfstæðisflokkurinn styrkti víða stöðu sína og fjölgar sveitarstjórnarfulltrúum hans úr 117 í 120. Flokkurinn fékk nærri þrjá fjórðu atkvæða í Vestmannaeyjum, vann hreinan meirihluta í Mosfellsbæ og á Akranesi og hélt meirihluta í Árborg, Garðabæ og á Seltjarnarnesi. Í Reykjavík fékk flokkurinn hins vegar sína verstu kosningu frá upphafi.

VG tapaði víða fylgi og fækkar fulltrúum flokksins úr fjórtán í níu. Framsóknarflokkurinn vann sinn stærsta sigur í Reykjavík frá 1974 og bætir víða við sig, fer úr 45 mönnum í 49.

Björt framtíð, sem býður nú fram til sveitarstjórnar í fyrsta sinn, fær ellefu fulltrúa kjörna á landinu. Píratar náðu hins vegar eingöngu inn manni í Reykjavík.

- sjá síður 4 til 16

> **Ég vil að allir fulltrúar vinni saman að sameiginlegri sýn og ég hef trú á að þessir fjórir flokkar finni hana.**
>
> *Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík*

Nýr stjórnmálaflokkur:

## Undirbúningsfundur í júní

**STJÓRNMÁL** Boðað hefur verið til fundar 11. júní næstkomandi þar sem vinna á að stofnun nýs stjórnmálaflokks undir heitinu Viðreisn.

Stofnun flokksins hefur staðið til í nokkurn tíma, en um er að ræða frjálslyndan flokk á vegum Benedikts Jóhannessonar stærðfræðings og fleiri. Flokkurinn hefur meðal annars á dagskrá að ljúka aðildarviðræðum við ESB og greiða atkvæði um aðildarsamning. - bá


Ný sending komin!
Betri svefn, betri líðan




Öll betri apótek, Hagkaup, Fjarðarkaup, Heimkaup og Lifandi Markaður

## SPURNING DAGSINS



Er ekkert hálfvitalegt að fá gullplötu sjö árum síðar?

**„Nei, nei, er ekki sagt að morgunstund gefi gull í mund? Það er ekki komið hádegi hjá Hálfvitunum.“**

Hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir fékk á dögunum afhenta gullplötu fyrir fyrstu plötu hljómsveitarinnar sem kom út árið 2007. Sævar Sigurgeirsson er einn meðlima hljómsveitarinnar.

David Cameron er ósáttur við fyrirhugaðan forseta framkvæmdastjórnar ESB:

# Hótar að flýta þjóðaratkvæði

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** David Cameron hefur hótað því að Bretar kunni segja skilið við Evrópusambandið verði Jean-Claude Juncker kjörinn forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þetta er fullyrt í þýska miðlinum Der Spiegel.

Juncker er fulltrúi stærsta flokkahópsins í nýafstöðnum kosningum til Evrópuþingsins. Mið-og hægriflokkahópur Junckers hlaut 213 af 751 þingsæti í kosningunum.

Cameron á að hafa sagt að gamlir stjórnmálamenn gætu ekki leyst vandræði ESB. Spiegel segir að ráðherrann hafi sagt að yrði Juncker forseti kynnu Bretar að flýta kosningum um áframhaldandi veru Breta í ESB sem áætlað er að fari fram 2017.

David Cameron mun hafa tilkynnt óánægju sína þjóðarleiðtogum annarra Evrópusambandsríkja. Cameron er sagður vera ósáttur við að svo eindreginn stuðningsmaður frekara Evrópusamstarfs verði forseti framkvæmdastjórnarinnar.

Hann vill að nýr forseti taki tillit þeirra kjósenda sem eru óánægðir með hvaða stefnu Evrópusambandið hefur tekið.

Samkvæmt heimildum The Guardian á Cameron að hafa samfært Angelu Merkel um að draga stuðning sinn við Juncker til baka og koma þar með í veg fyrir að hann verði skipaður forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. - ih



**ÓSÁTTUR CAMERON** Forsætisráðherra Bretlands hótar að flýta þjóðaratkvæði um ESB verði næsti forseti framkvæmdastjórnar sambandsins honum ekki að skapi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SIGLT UM SJÓINN** Félagar í Kayakklúbbnum kepptu í sprettróðri við Reykjavíkurhöfn en upphafs- og endamarkið var við Sjóminjasafnið. FÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsmenn héldu upp á sjómannadaginn víða um land:

## Hetjur hafsins heiðraðar í gær

**HÁTÍÐARHÖLD Sjómannadagurinn var víða haldinn hátíðlegur í gær. Fjölbreytt dagskrá var í boði fyrir alla fjölskylduna og hetjur hafsins voru venju samkvæmt heiðraðar í tilefni dagsins. Dagurinn var örlítið votur víðast hvar en vætan kom þó ekki í veg fyrir skemmtileg hátíðarhöld um land allt.**

**Í Reykjavík var stútfull dagskrá alla helgina þar sem hafnardagurinn og sjómannadagurinn hafa verið sameinaðir undir nafninu Hátíð hafsins.** - ka

47 á kjörskrá í Árneshreppi:

## Klukkutíma tók að telja atkvæði

**ÁRNESHREPPUR** Kosningar gengu vel fyrir sig í Árneshreppi, fámennasta sveitarfélagi landsins, að sögn Ingólfs Benediktssonar, formanns kjörstjórnar í hreppnum. Kosið var óhlutbundinni kosningu. Guðlaugur Ágústsson hlaut flest atkvæði eða 25. Kjörsókn var 72,3 prósent og kusu 34 af þeim 47 sem voru á kjörskrá.

Kjörstaður var opinn frá hálf ellefu að morgni til hálf sjö að kvöldi. Um klukkutíma tók að telja atkvæðin. - ih

Æðar úr þrívíddarprentara:

## Prentaðar æðar

**VÍSINDI** Teymi vísindamanna í Boston hefur nú tekist í fyrsta sinn í sögu læknisfræðinnar að prenta út æðar í þrívídd.

Sú undirgrein læknisfræðinnar sem fjallar um að lækna eða græða ýmiss konar vefi eins og húð, vöðva og æðar hefur þróast hratt á síðustu árum.

Útprentuðu æðarnar eru gerðar úr eins konar vatnskenndu hlaupi, sem er gert með háþróuðum lífeindaþrívíddarprentara.

Rannsóknarteymið segir mögulegt að í framtíðinni verði þrívíddarprentarar mikið notaðir við vefjalækningar. - kóh

# Féll fimmtán metra en gengur óstuddur

Ævar Sveinn Sveinsson féll niður fimm hæðir og lenti á báðum fótum á steinsteyptri stétt í vinnuslysi í febrúar síðastliðnum. Ævar var staðráðinn í að ná fullum bata og nú, fjórum mánuðum síðar, er hann farinn að ganga um óstuddur.

**FÓLK** „Ég er bara farinn að labba um, get að vísu ekki hlaupið enn, en ég keypti mér reiðhjól. Þessu fylgja auðvitað verkir, sjúkraþjálfun og píningar en þetta er allt að koma,“ segir Ævar Sveinn Sveinsson, 24 ára smiður úr Árbænum.

Ævar lenti í vinnuslysi í Kórahverfinu í febrúar þegar hann féll 15 metra niður á steinsteypta stétt. Hann hlaut opið beinbrot á báðum ökklum, hryggbrotnaði og mjaðmagrindarbrotnaði og var fluttur í skyndi á sjúkrahús þar sem hann gekkst undir aðgerð sem tók níu klukkustundir. Við tók endurhæfing á Grensásdeild.

„Þetta hefur verið heldur skjótur bati. Ég byrjaði á því að losna við grindina framan á mjöðminni og mátti þá byrja að labba í vatni, þannig er maður léttari. Svo fékk ég leyfi til þess að fara í tíu mínútna göngutúr á dag en þá blés auðvitað allt út og bólgnaði svo að þess á milli var ég bara í hjólastólnum. Svo fór ég á hækjurnar en er nú búinn að losna við þær,“ segir Ævar.

Hann segir að frá upphafi hafi hann verið staðráðinn í því að ná fullum bata. „Tímaramminn sem læknarnir gefa manni er alltaf rúmur. Þeir reiknuðu með því að ég gæti kannski farið að ganga í haust en mér tókst þetta á fjórum mánuðum, sem er alveg frábært.“

Ævar hefur stundað mótókross af kappi um langt skeið og vill ólmur komast aftur á hjólið. Næst á dagskrá er hins vegar sólarlandaferð með kærustunni, Halldísi Sævarsdóttur, sem staðið hefur þétt við bakið á honum – og svo meiri endurhæfing. kristjana@frettabladid.is



**ÓTRÚLEGT FALL** Á myndinni má sjá hversu hátt fallið var. Þó svo að þetta sé ekki sama bygging og sú sem Ævar féll fram af er um sömu hæð að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Úkraínsk mynt ekki lengur gjaldgeng á Krímskaga eftir innlimunina:

# Taka upp rússneska rúblu

**KRÍMSKAGI** Krímskagi hefur tekið upp rússnesku rúbluna sem gjaldmiðil. Þetta er skref í átt til frekari aðlögunar héraðsins að reglum og hagkerfi Rússneska ríkjasambandsins, en skaginn var innlimaður í Rússland í mars.

Samkvæmt upplýsingum frá rússneska seðlabankanum munu verslanir á Krímskaga nú aðeins sýna verð í rúblum. Þar til nú hefur verslun á Krímskaga verið í aðlögunarferli þar sem bæði rúblan og hin úkraínska hryvnia voru gjaldgengir miðlar.

Sem stendur berst nýkjörinn forseti Úkraínu, Petro Porosjenkó, við að halda þjóðinni saman og rétta af hagkerfið.

Aðskilnaðarsinnar í austurhluta landsins vilja innlimun úkraínskra bæja og sveita í ríkjasamband Rússa.

Vladyslav Seleznyov, talsmaður varnarmálaráðuneytis Úkraínu, sagði í samtali við Bloomberg-fréttastofuna að úkraínskar herdeildir héldu áfram að berjast gegn aðskilnaðarsinnuðum uppreisnarmönnum. Margir þeirra beita hræðsluáróðri og hryðjuverkum til að vekja athygli á málstað sínum.

Embættismenn Evrópusambandsins og Bandaríkjanna hafa sakað forseta Rússlands, Vladimír Pútín, um að ýta undir óeirðirnar í austurhéruðunum. Pútín á að hafa sent sekur um að sjá aðskilnaðarsinnum fyrir fjármagni, skotvopnum og liðsauka. - kóh



**HERNAÐARÆFINGAR** Aðskilnaðarsinni æfir sig að skjóta úr vélbyssu í nágrenni við Donetsk í austanverðri Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




H:N Markaðssamskipti / SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**939** **Íslendingar eiga afmæli í dag, 2. júní,** **samkvæmt þjóðskrá 1. janúar 2012.**

Í lok 1. ársfjórðungs 2014 bjuggu 326.340 manns á Íslandi, 163.660 karlar og 162.680 konur. Landsmönnum fjölgaði um 720 á ársfjórðungnum.

D-listinn vann stórsigur í Garðabæ en náði ekki bæjarstjóranum inn:

# Hreinn meirihluti heldur velli

**GARÐABÆR** Hreinn meirihluti Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ heldur velli en flokkurinn fær sjö bæjarfulltrúa kjörna af ellefu. Björt framtíð fær tvo menn kjörna, Fólkið í bænum einn mann og Samfylkingin einn. Framsóknarflokkurinn kom ekki manni að.

„Þetta er nýtt umhverfi sem við erum að fara í og það verður spennandi að takast á við það,“ segir Áslaug Hulda Jónsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, en bæjarfulltrúum Garðabæjar fjölgar úr sjö í ellefu vegna sameiningar við Álftanes.



**GUNNAR EINARSSON** bæjarstjóri

Gunnar Einarsson bæjarstjóri skipaði 8. sæti lista flokksins og komst því ekki í bæjarstjórn.

„Svona er bara pólitíkin,“ segir Áslaug. „Þetta er það skemmtilega við hana, það getur oft munað svo litlu og þetta verður spennandi.“

Björt framtíð bauð í fyrsta sinn fram í bæjarfélaginu nú í ár. Guðrún Elín Herbertsdóttir, oddviti flokksins, segist stolt og þakklát fyrir árangurinn. Hún segir að breyting hafi átt sér stað í pólitísku landslagi bæjarins og að sjálfstæðismenn séu ekki jafn sterkir og áður.

„Það er engum hollt að vera við völd of lengi,“ segir Guðrún. „Við leggjum áherslu á að það þurfi að stokka upp reglulega og skipta um fólk.“ **- bá**




# Meirihlutaviðræður hefjast í dag

**Í dag munu oddvitar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata hefja meirihlutaviðræður í borginni. Ekki var ljóst að starfandi meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins væri fallinn fyrr en í gærmorgun. Oddvitar flokkanna hafa áhyggjur af dræmri kosningaþátttöku í borginni og sumir af málefnum Framsóknarflokksins sem vann kosningasigur á lokasprettinum og náði tveimur mönnum inn.**

**REYKJAVÍK** Oddvitar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata hittust í fyrsta skipti, eftir að niðurstöður kosninganna lágu fyrir, í sjónvarpsútsendingu í gærkvöldi. Engar eiginlegar meirihlutaviðræður höfðu farið fram, aðeins var komin fram viljayfirlýsing frá flokkunum um meirihlutasamstarf í borginni.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar, og S. Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar, höfðu gefið það skýrt út að vilji væri fyrir tveggja flokka samstarfi flokkanna. Þegar lokatölur komu frá borginni klukkan sjö í gærmorgun kom þó í ljós að meirihlutinn væri fallinn og því var leitað til Pírata og Vinstri grænna, en báðir flokkar fengu einn borgarfulltrúa. Slíkur meirihluti skilar því níu borgarfulltrúum.

### Samfylking stærsti flokkurinn

Samfylkingin náði sögulega góðum árangri í borginni með 31,9 prósenta hlutfalli og er þar með stærsti flokkurinn í borgarstjórn. Dagur segir að fastlega sé gert ráð fyrir að hann taki borgarstjórastólinn en öðrum embættum hefur ekki verið úthlutað.

„Ég vil að allir fulltrúar vinni að sameiginlegri sýn og ég hef trú á að þessir fjórir flokkar finni hana. Varðandi úthlutun embætta þá finnst mér mikilvægast að allir borgarfulltrúar fái verkefni við hæfi og fái að njóta sín. Slíkt samstarf er mikilvægt og árangursríkt.“

### Vonbrigði Bjartrar framtíðar

Björn tekur undir orð Dags um vænlegt samstarf flokkanna fjögurra þótt hann geti ekki leynt vonbrigðum sínum með kosningaúrslitin. Björt framtíð fékk eingöngu tvo borgarfulltrúa, en Besti flokkurinn fékk sex í síðustu kosningum.



**DAGUR B. EGGERTSSON** oddviti Samfylkingar



**S. BJÖRN BLÖNDAL** oddviti Bjartrar framtíðar



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR** oddviti Vinstri grænna



**HALLDÓR AUÐAR SVANSSON** oddviti Pírata



**SVEINBJÖRG B. SVEINBJÖRNSDÓTTIR** oddviti Framsóknarflokks



**HALLDÓR HALLDÓRSSON** oddviti Sjálfstæðisflokks

„Fjölmiðlar hafa fyrst og fremst fjallað um einn flokk í aðdraganda kosninganna. Það er ekkert stórmál að vekja ótta, það er mun auðveldara en að vekja traust og öryggi. Ég hef áhyggjur af gengi Framsóknarflokksins í því samhengi og dræmri kjörsókn.“

### Málefnin mikilvægust

Eitt af helstu baráttumálum Sóleyjar Tómasdóttur, oddvita Vinstri grænna, hefur verið að gera leikskóla gjaldfrjálsa. Mun hún slaka á þeim kröfum í meirihlutaviðræðum?

„Ég legg vissulega meiri áherslu á málefnin en embætti í borgarstjórn. Ég mun því fylgja mínum málefnum vel eftir og ég get.

Halldór Auðar Svansson, oddviti Pírata, segir að grunnstefna Pírata verði sett á oddinn í meirihlutaviðræðum.

„Beint lýðræði, gegnsæi og sjálfsákvörðunarréttur íbúa eru okkar helstu málefni,“ segir Halldór.

### Góður flötur á samstarfi

Dagur segir ekki hafa komið til greina að hefja meirihlutaviðræður við Sjálfstæðisflokk Hann segir samvinnu við frjálslynda fulltrúa flokksins hafa gengið vel en ekki við aðra á lista þeirra. Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna, segist ekki geta svarað fyrir mat Dags á flokknum en hann telur að góður flötur sé á samstarfi við Samfylkinguna.

„Það hefði verið einfaldasti kosturinn í stöðunni. Ég er meðal þeirra frjálslyndu sem hann ræðir um og það væri vel hægt að koma upp málefnaskrá sem sátt væri um.“

### Gott gengi Framsóknar

Nokkrir oddvitar flokkanna hafa opinberlega lýst því yfir að ekki sé áhugi á að starfa með Framsóknarflokki í meirihluta. Helsta ástæðan sem gefin er upp er andstaða flokksins við byggingu mosku í Reykjavík. Framsóknarflokkurinn náði eingöngu 2,7 prósenta fylgi í síðustu sveitarstjórnarkosningum en fékk tæpra 15 prósenta fylgi nú og tvo borgarfulltrúa.

erlabjorg@frettabladid.is



**SIGRI FAGNAÐ** Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, fagnar með Degi B. Eggertssyni, oddvita flokksins í Reykjavík, á kosningavöku í Stúdentakjallaranum eftir að fyrstu tölur birtust. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




* Fylgi Besta flokksins árið 2010






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Friedrichshafen | 21° | New York | 26° |
| Aþena | 25° | Gautaborg | 20° | Orlando | 29° |
| Basel | 24° | Kaupmannahöfn | 20° | Ósló | 23° |
| Berlín | 21° | Las Palmas | 24° | París | 22° |
| Billund | 21° | London | 21° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 22° | Mallorca | 22° | Stokkhólmur | 18° |




**Á MORGUN** Hægviðri og skúrir síðdegis S- og SV-til.




**MIÐVIKUDAGUR** Yfirleitt hægur vindur og væta við suðurströndina.

**HÆGLÆTISVEÐUR** Í dag verður nokkuð bjart NA- og A-til á landinu en þungbúnara og stöku skúrir sunnan- og vestanlands. Hægur vindur verður á landinu næstu daga og stöku skúrir en yfirleitt úrkomulítið norðaustan- og austanlands.

**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# SUMARFJÖR Í SMÁRALIND

# 3.-5. JÚNÍ

**Verslaðu fyrir 3.000 kr. eða meira og þú átt möguleika á að vinna 50.000 kr. gjafakort frá Air, Esprit, Líf & list eða Debenhams, miða á Justin Timberlake og fjölda annarra skemmtilegra vinninga.**

## VEITINGASTAÐIR

- Opið til kl. 21 á flestum veitingastöðum og frábær tilboð og afslættir dagana 3.-5. júní.

## SMÁRABÍÓ

- 900 kr. á allar myndir dagana 3.-5. júní.
- Þeir sem versla í Smáralind 3. júní geta komið með kassakvittun þann dag og fengið 2 fyrir 1 á allar myndir.

## SMÁRATÍVOLÍ

- Uppákomur og Speed of light keppni 3. júní.
- 12.000 kr. inneign fyrir aðeins 6.000 kr.
- Partýtilboð, 1 klst. á 1.990 kr.

**Stemningin nær hámarki fimmtudaginn 5. júní á MIÐNÆTURFJÖRI SMÁRALINDAR þegar allt húsið fyllist af afsláttum, tilboðum og skemmtilegum viðburðum. Fáðu að vita meira á Smáralind.is**



DEBENHAMS SMÁRALIND ESPRIT AIR Líf & List SMÁRALIND

SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað hétu nafnarnir sem útskrifuðust úr Harvard á fimmtudaginn?
**2.** Hvað námu viðskipti Garðabæjar og IBM mörgum milljónum?
**3.** Með hvaða liði spilar Hörður Björgvin Magnússon á Ítalíu?

**SVÖR:**

**1.** Friðrik Árselsson og Friðrik Árni Hirst **2.** 70 **3.** Spezia

Framfarasinnaðir Hólmarar hlutu 56,7% kosningu og hreinan meirihluta:

# Sturla verður bæjarstjóri á ný

**KOSNINGAR** H-listi framfarasinnaðra Hólmara hlaut 56,7% atkvæða í sveitarstjórnarkosningunum á laugardag. Slík kosning gefur listanum fjóra menn í bæjarstjórn, sem nægir til að mynda hreinan meirihluta.

Sturla Böðvarsson, sem áður gegndi embætti bæjarstjóra í Stykkishólmi á árunum 1974-1991, var í fjórða sæti listans, en einnig var hann bæjarstjóraefni hans.

Þar eð listinn myndar hreinan meirihluta er víst að Sturla verður bæjarstjóri Stykkishólms á ný, eftir hlé frá stjórnarstörfum sem varað hefur í næstum aldarfjórðung.

Mótframboð H-listans, L-listinn, hlaut 43,3% atkvæða, og fær listinn því þrjá menn í bæjarstjórn.

Dóttir Sturlu, Ásthildur Sturludóttir, er bæjarstjóri í Vesturbyggð, en þar var listi sjálfstæðismanna sjálfkjörinn. Verður þetta í fyrsta sinn sem feðgin gegna embætti bæjarstjóra samtímis.

Alls voru 826 manns á kjörskrá í Stykkishólmi og kjörsókn var 87,3%.

**- kóh**



**STYKKISHÓLMUR** Góð kjörsókn var í Hólminum á laugardag.






**27 ÁR SEM SVEITARSTJÓRI** Guðný er einn þaulsætnasti sveitarstjóri Íslandssögunnar.

Guðný skilar góðu búi og ætlar nú í gott sumarfrí:

## Hætt eftir 27 ár sem sveitarstjóri

**GRÝTUBAKKAHREPPUR Guðný Sverrisdóttir mun 15. júní næstkomandi hætta sem sveitarstjóri Grýtubakkahrepps en hún hefur gegnt því starfi síðastliðin 27 ár. Hún er því einn þaulsætnasti sveitarstjóri Íslandssögunnar.**

**Guðný segir að gengið hafi á ýmsu gegnum árin. Hún segist þó skila góðu búi. Atvinnulífið sé öflugt, þjónusta við íbúa góð og fólki fari fjölgandi í hreppnum.**

**Guðný bætir við að nú taki við gott sumarfrí. Að öðru leyti sé framtíðin óráðin.**

**- ih**

Engin áhrif á úrslit kosninga:

## Ekki mikið um útstrikanir

**REYKJAVÍK** Lítið var um útstrikanir á kjörseðlum Reykvíkinga.

Ekki var hægt að greina nánar frá fjölda útstrikana í gærkvöldi en Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, verkefnastjóri í Ráðhúsinu, segir fjöldann vera óverulegan.

„Það er útilokað að breytingar og útstrikanir hafi áhrif á röð frambjóðenda,“ segir Hildur.

Þegar yfirferð lýkur verður greint frá hvaða framboð og frambjóðendur fengu flestar útstrikanir.

**- ebg**

Nánast alveg óbreytt fylgi:

## Samstaða tapar 0,1 prósentustigi

**KOSNINGAR** A-listi í Þingeyjarsveit tapaði 0,1 prósentustigi milli kosninga 2010 og 2014. Árið 2010 buðu fram N-listi og A-listi í Þingeyjarsveit. Þá fóru kosningar svo að N-listi hlaut 165 atkvæði og A-listi hlaut 364. 549 greiddu atkvæði.

Í ár bauð hinn nýstofnaði T-listi fram gegn A-lista. Sem fyrr greiddu 549 manns atkvæði, en í þetta sinn hreppti Samstaða 360 atkvæði, meðan Sveitungar nældu sér í 166 atkvæði. Þetta þýðir að Samstaða tapaði 0,1 prósentustigs fylgi.

**- kóh**




# Mynda meirihluta án Sjálfstæðisflokksins

Níu nýliðar setjast í bæjarstjórn Akureyrar eftir kosningar. Í fyrsta skipti skipa konur meirihluta bæjarstjórnar. Sjálfstæðisflokkur og Samfylking eru sigurvegarar kosninganna meðan L-listinn tapar fjórum mönnum og fylgi hans helmingast.

**AKUREYRI** L-listi fólksins, Samfylking og Framsóknarflokkurinn hafa hafið viðræður um myndun meirihluta á Akureyri. Oddvitar flokkanna hittust í tvígang í gær til að fara yfir stöðu mála og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ágætis gangur í viðræðum milli flokkanna.

Níu nýliðar taka sæti í bæjarstjórn, aðeins Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Logi Einarsson sátu sem aðalmenn í bæjarstjórn við lok kjörtímabilsins. Einnig er athyglisvert að í fyrsta skipti í sögu Akureyrarkaupstaðar skipa konur meirihluta bæjarstjórnar Akureyrar en alls náðu sex konur kjöri.

### Fylgi L-listans hverfur

Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin bættu við sig mestu fylgi í sveitarstjórnarkosningunum á Akureyri á meðan fylgi L-listans helmingaðist frá 2010. A-listi Bæjarlistans hlaut 8,7 prósent atkvæða fyrir fjórum árum, náði inn manni. A-listinn sameinaðist L-lista fyrir kosningar. Því má segja að L-listinn og A-listinn tapi samtals fimm fulltrúum.

### Sjálfstæðismenn bæta við sig

Sjálfstæðisflokkurinn fékk fjórðung allra greiddra atkvæða, tvöfaldaði fylgi sitt og bætir við sig tveimur bæjarfulltrúum. Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokksins, var að vonum ánægður með úrslit kosninganna og sigur Sjálfstæðisflokksins en var að sama skapi ekki ánægður með að vera ekki í aðstöðu til að mynda meirihluta. „Mín skoðun er sú að þeir flokkar sem bættu við sig mestu og sigruðu í kosningunum hefðu átt að ræða saman fyrst um að mynda meirihluta. L-listinn tapar fimm bæjarfulltrúum og er því hafnað af kjósendum á Akureyri. Það er því undarlegt að L-listinn skuli leiða meirihlutaviðræður eftir slíkan ósigur.“

L-listi fólksins tapar miklu fylgi. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum hlaut flokkurinn 45 prósenta fylgi og hreinan meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar. Fylgi hans rúmlega helmingast, fer í 21 prósent greiddra atkvæða og tvo menn kjörna í bæjarstjórn. Hann tapar því fjórum bæjarfulltrúum. Ljóst er að L-listi fólksins er taparinn í þessum kosningum og flokkurinn stefndi á að fá meira fylgi upp úr kjörkössunum.

### Stærsti sigur Samfylkingarinnar utan Reykjavíkur

Samfylkingin tvöfaldar fylgi sitt líkt og Sjálfstæðisflokkur frá því í kosningum 2010. Flokkurinn fékk 17,5 prósent atkvæða í kosningunum í vor og verður þetta að teljast stærsti kosningasigur Samfylkingarinnar utan Reykjavíkur. Flokkurinn fær tvo menn kjörna í bæjarstjórn en hafði einn á síðasta kjörtímabili. „Samfylkingin vinnur mikinn sigur á Akureyri og því erfitt að fara saman frá hjá okkur í meirihlutaviðræðum. Þessir þrír flokkar sem eru nú að tala saman hafa talað á svipuðum nótum í kosningabaráttunni,“ segir Logi Már Einarsson.

### VG stefndi á meira fylgi

Framsóknarflokkurinn fékk 14,2 prósenta fylgi í kosningum og bætir við sig manni í bæjarstjórn Akureyrar. Flokkurinn fékk 12,8 prósent í síðustu kosningum svo að fylgisaukningin er ekki mikil en nægileg til að bæta við manni.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð hlaut næstum því sama fylgi og í síðustu kosningum. Flokkurinn hlaut 10,5 prósenta fylgi og einn mann kjörinn í bæjarstjórn. Sóley Björk Stefánsdóttir, oddviti VG, sagði í samtali við fréttamann að stefnan hefði verið sett á meira fylgi en nú væri verkefnið að bretta upp ermar og vinna. Aðhald í minnihluta væri alveg jafn mikilvægt í lýðræðisríki og að vera í meirihluta.

Björt framtíð er nýtt framboð sem nær inn manni í bæjarstjórn Akureyrar. Framboðið hlaut 9,4 prósent atkvæða. Margrét Kristín Helgadóttir er oddviti Bjartrar framtíðar. Hún sagði einnig að markmiðin hefði verið sett hærra en sem nýtt framboð á Akureyri væru þau þakklát fyrir hvert einasta atkvæði sem þau fengu. Hún hlakkaði til að takast á við verkefnin fram undan með því góða fólki sem hefði valist inn í bæjarstjórn Akureyrar.

sveinn@frettabladid.is




## Skiptar skoðanir um meirihlutamyndun



„Mín skoðun er sú að þeir flokkar sem bættu við sig mestu og sigruðu í kosningunum hefðu átt að ræða saman fyrst um að mynda meirihluta.

*Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokksins*



„Samfylkingin vinnur mikinn sigur á Akureyri og því erfitt að fara fram hjá okkur í meirihlutaviðræðum.

*Logi Már Einarsson, oddviti Samfylkingarinnar*

➜ Þrír flokkar hafa hafið meirihlutaviðræður á Akureyri. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki einn þeirra þrátt fyrir að hafa unnið stóran sigur í kosningunum og sé orðinn stærsti flokkurinn í bænum.




ÍSLENSKA /SIA PEN 69305 05.14

# STATTU MEÐ ÍSLENSKRI HÖNNUN



**FANSA**
RAFHÆKKANLEGT SKRIFBORÐ

Tilboðsverð
**160x80 cm: 97.763,-**





Hönnun: Valdimar Harðarson, arkítekt.

Rafhækkanlegu skrifborðin frá Fansa eru nú á sumartilboði hjá Pennanum. Láttu eftir þér íslenska hönnun á góðu verði og búðu þér enn betra vinnuumhverfi.

- Stærðir á lager: 160x80 cm, 180x80 cm og 200x80 cm.
- Aðrar stærðir fáanlegar. Burðargeta grindar 80 kg.
- Litir á grind eru silfurgrár (á lager), hvítur, svartur og króm.

Tilboðsverð á grind: 74.900,-. Önnur Fansa húsgögn eru með 20% afslætti út júní.

- Litir á borðplötum á lager: hvítur, eik og beyki.
- Aðrir litir fáanlegir.
- 5 ára ábyrgð.

Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Aldrei fleiri gefið kost á sér:

## 32 Pólverjar í framboði

**KOSNINGAR** 32 pólskir ríkisborgarar buðu sig fram í sveitarstjórnarkosningunum. Aldrei fyrr hafa svo margir Pólverjar verið í framboði.

Á Suðurlandi voru sjö í framboði, en á Norðvesturlandi bauð aðeins einn Pólverji sig fram.

Hver sá sem búsetu hefur haft á Íslandi í fimm ár eða lengur hefur rétt til þess að bjóða sig fram eða kjósa í lýðræðislegum kosningum til sveitarstjórnar. Á tíunda þúsund Pólverja býr á Íslandi. - kóh

Vinstri græn missa sinn mann úr bæjarstjórn og Björt framtíð kemur inn:

# Meirihlutinn hélt velli í Árborg

**ÁRBORG** Sjálfstæðisflokkurinn er með hreinan meirihluta í Árborg og heldur sínum fimm bæjarfulltrúum.

„Ég tel það gæfuspor fyrir íbúa Árborgar að hafa valið okkur áfram við stjórn,“ segir Gunnar Egilsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins. „Við höfum unnið vel saman í fjögur ár. Það heldur bara áfram.“

Framsóknarflokkur og Samfylking halda einnig sínum mönnum í bæjarstjórn. Eina breytingin frá fyrra kjörtímabili er að VG missir sinn mann og Björt framtíð fær einn bæjarfulltrúa.



ÁRBORG

„Við fundum snemma í baráttunni að það væri ekki mikill meðbyr og ekki mikill áhugi á félagshyggjuhugmyndum okkar,“ segir Andrés Rúnar Ingason, oddviti VG, og bætir við að klofningur í flokknum í síðustu alþingiskosningum hafi mögulega haft áhrif á gengið.

„Okkur vantaði svolítið félagana sem tóku þátt í framboði Regnbogans. Við erum samt heilshugar ákveðin í að halda áfram og safna liði fyrir næstu kosningar.“ - ebg




# Þreifingar á milli flokka í Kópavogi

Sjálfstæðismenn hafa haft samband við Bjarta framtíð og fleiri flokka um hugsanlegt meirihlutasamstarf í Kópavogi. Framsókn segist enn vilja mynda meirihluta með Sjálfstæðisflokki. Meirihluti þessara flokka hélt velli í kosningunum.

**KÓPAVOGUR** Sjálfstæðisflokkurinn í Kópavogi hefur bæði haft samband við Bjarta framtíð og Framsóknarflokkinn um mögulegt meirihlutasamstarf í bænum.

Meirihluti sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í Kópavogi hélt velli í kosningunum en innan Sjálfstæðisflokksins vilja menn skoða möguleika á samstarfi við aðra flokka en Framsóknarflokkinn.

Báðir flokkarnir bættu við sig fylgi í Kópavogi. Sjálfstæðisflokkurinn bætti við sig manni en fylgisaukning Framsóknarflokksins dugði þó ekki fyrir öðrum bæjarfulltrúa.

Ef þessir flokkar mynda meirihluta eru þeir með sex af ellefu bæjarfulltrúum í bæjarstjórn.

Birkir Jón Jónsson, Framsóknarflokki, ítrekaði þá afstöðu sína í samtali við Fréttablaðið í gær að hann væri tilbúinn í áframhaldandi samstarf með Sjálfstæðisflokki.

Björt framtíð fékk tvo bæjarfulltrúa kjörna í Kópavogi og ef flokkurinn myndaði meirihluta með Sjálfstæðisflokki ættu þessir flokkar sjö bæjarfulltrúa af ellefu.

Theodóra S. Þorsteinsdóttir leiddi lista Bjartrar framtíðar. Hún segir að margir í Kópavogi hafi verið orðnir þreyttir á þeirri pólitík sem hafi verið rekin í bænum undanfarin ár.

„Við boðuðum meiri sátt og meira samstarf og breytta orðræðu í bæjarstjórn. Þetta fékk hljómgrunn meðal kjósenda,“ segir Theodóra og bætir við að flokkurinn hafi verið heiðarlegur og einlægur í kosningabaráttunni.




Þriðji möguleikinn á meirihlutasamstarfi í Kópvogi er Samfylking, Framsóknarflokkur, Vinstri græn og Björt framtíð. Slíkur meirihluti væri með sex af ellefu í bæjarstjórn en þykir ólíklegur kostur.

Samfylkingin tapaði manni og er nú með tvo í bæjarstjórn.

„Niðurstaðan er vonbrigði. Björt framtíð tók töluvert mikið fylgi frá okkur. Undir lok kosningabaráttunnar fóru Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn í mikil yfirboð auk þess sem þeir auglýstu mikið,“ segir Pétur Hrafn Sigurðsson, en hann leiddi lista Samfylkingarinnar.

Næst besti flokkurinn þurrkaðist nánast út og tapaði sínum fulltrúa.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í meirihluta í 24 ár utan 16 mánaða tímabils á síðasta kjörtímabili en þá mynduðu Samfylking, Næst besti flokkurinn, listi Kópavogsbúa og Vinstri græn meirihluta. Sá meirihluti sprakk með hvelli. johanna@frettabladid.is

## Úrslit sveitarstjórnarkosninga 2014

### Bolungarvík

**D Sjálfstæðisflokkurinn**
61,6% 4 4

**M Máttur meyja og manna**
38,4% 3

Sjálfstæðisflokkurinn hélt meirihluta sínum í kosningunum í Bolungarvík.

### Vesturbyggð

**D Sjálfstæðisflokkurinn**
100% 7 4

Sjálfstæðisflokkur var einn í framboði í Vesturbyggð og hélt því sínum meirihluta. Ásthildur Sturludóttir verður áfram bæjarstjóri.

### Súðavíkurhreppur

**H Hreppslisti**
61,6% 3

**L Lýðræðislistinn**
38,4% 2 4

Hreppslistinn er sigurvegari kosninganna í Súðavíkurhreppi. Kjörsókn var 88,19%.

### Eyja- og Miklaholtshreppur

**H Betri byggð**
56,6% 3

**F Sveitin**
43,9% 2

Fulltrúar framboðsflokkanna tveggja í Eyja- og Miklaholtshreppi röðuðust til skiptis í sæti í kosningum.

### Snæfellsbær

**D Sjálfstæðisflokkurinn**
46,0% 4 4

**J Bæjarmálasamtök**
37,1% 3 3

**Æ Björt framtíð**
10,4%

**N Nýi listinn**
6,2%

D-listi Sjálfstæðisflokks hlaut meirihluta atkvæða í Snæfellsbæ eða 46,09%.

### Strandabyggð

**J Félagshyggjufólk**
43,9% 3 3

**E Strandamenn**
28,9% 1

**F Óháðir**
27,2% 1

J-listi félagshyggjufólks heldur meirihluta sínum í hreppsnefnd Strandabyggðar.

### Grundarfjarðarbær

**L Samstaða**
52,2% 4 4

**D Sjálfstæðisflokkurinn**
47,8% 3 3

L-listi bæjarmálafélagsins Samstöðu hlaut meirihluta atkvæða í Grundarfjarðarbæ.

### Skagafjörður

**D Sjálfstæðisflokkurinn**
26,7% 2 2

**B Framsóknarflokkur**
45,9% 5 4

**K Skagafjarðarlistinn**
12,8% 1

**V Vinstri græn**
15,0% 1 1

Framsóknarflokkurinn hlaut meirihluta með fimm fulltrúa. Á síðasta kjörtímabili unnu Vinstri græn og Framsóknarflokkurinn saman í meirihluta.

### Húnavatnshreppur

**A Listi framtíðar**
62,0% 4 4

**E Nýtt afl**
38,0% 3 3

A-listi Framtíðar sigraði í kosningunum í Húnavatnshreppi með fjórum mönnum. Mótframboðið, Nýtt afl, fékk þrjá menn.

### Húnaþing vestra

**B Framsóknarflokkur**
40,9% 3 2

**E Nýtt afl**
59,1% 4

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs er fallinn í Borgarbyggð.

### Borgarbyggð

**D Sjálfstæðisflokkurinn**
34,6% 3 3

**B Framsóknarflokkur**
27,1% 3 2

**S Samfylkingin**
22,6% 2 2

**V Vinstri græn**
15,6% 1 2

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs er fallinn í Borgarbyggð.

### Blönduós

**L Listi fólksins**
51,0% 4 4

**J Umbótasinnaðir**
49,0% 3

Listi fólksins heldur meirihluta sínum og öllum sínum fjórum bæjarfulltrúum.

### Mýrdalshreppur

**B Framfarasinnar**
53,5% 3 4

**D Mýrdælingar**
46,3% 2

92% kjörsókn var í Mýrdalshreppi, en þar búa 489 manns. B-listi Framfarasinna hlaut 53% atkvæða í kosningunum.





HÆKKAÐU
Í SUMRINU
4G
LTE
1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 6 mán. fylgir.
Urbanears
11.990 kr. stgr.
Margir litir fáanlegir.
iPhone 5c 16 GB
89.990 kr. stgr.
5.490 kr. /18 mán.
Sumarið er komið í verslanir Nova. Hækkaðu vel í græjunum og hlustaðu á góða tónlist með Urbanears heyrnartólunum.
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Brandenburg

# Úrslit sveitarstjórnarkosninga 2014

## Grindavíkurbær

**D** Sjálfstæðisflokkurinn 42,9% 3 1

**B** Framsóknarflokkur 23,5% 2 3

**S** Samfylkingin 16,3% 1 1

**G** Listi Grindvíkinga 17,3% 1 2

Sjálfstæðisflokkurinn bætti við sig 22 prósentustigum í Grindavík.

## Sandgerði

**D** Sjálfstæðisflokkurinn 17,3% 1 1

**B** Framsóknarflokkur 26,5% 2 1

**S** Samfylkingin 36,7% 3 4

**H** H-listinn 19,4% 1 1

Hreinn meirihluti Samfylkingar féll.

## Garður

**D** Sjálfstæðisflokkurinn 60,6% 5 4

**N** Nýir tímar 28,3% 2

**Z** Samstaða 11,1%

D-listi hlaut hreinan meirihluta.

## Vogar

**D** Sjálfstæðisflokkurinn 30,3% 2

**E** Listi Stranda og Voga 50,5% 4 3

**L** Listi fólksins 19,2% 1 3

E-listi Stranda og Voga bætti við sig einum manni í sveitarstjórn Voga.

## Bláskógabyggð

**T** Listi Tímamóta 69,8% 5 4

**P** Listi áhugafólks um sveitarstjórnir 30,1% 2 3

T-listi Tímamóta fékk meirihluta.

## Grímsnes- og Grafningshreppur

**C** Listi lýðræðissinna 56,6% 3 3

**K** Listi óháðra kjósenda 43,4% 2 2

C-listi hlaut þrjá fulltrúa af fimm.

## Hveragerðisbær

**D** Sjálfstæðisflokkurinn 59,2% 4 5

**B** Framsóknarflokkur 13,3% 1

**S** Samfylkingin 27,6% 2

Sjálfstæðisflokkur hlaut 60% atkvæða og hreinan meirihluta.

## Skaftárhreppur

**D** Sjálfstæðisflokkurinn 34,9% 2

**Ó** Skáftárhrepp á kortið 44,7% 2 3

**Z** Sól í Skaftárhrepp 20,4% 1

Listi framboðsins Skaftárhrepp á kortið missti einn mann.

## Flóahreppur

**F** Flóalistinn 65,7% 3

**T** T-listinn 34,3% 2 1

Flóalistinn hlaut 65% atkvæða í Flóahreppi og fékk þrjá menn kjörna í stjórn.

## Hrunamannahreppur

**H** H-listinn 68,6% 4 3

**Á** Á-listinn 31,4% 1 2

H-listinn sigraði í kosningunum. Hann hlaut 69% atkvæða og kom fjórum mönnum inn.

## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

**F** Listi Framsýnar og uppbyggingar 29,6% 2

**O** Okkar sveit 56,1% 3

**J** Fjölbreytt og réttlátt samfélag 14,3%

O listi Okkar sveitar hlaut flest atkvæði eða rúm 55%.

## Vestmannaeyjar

**D** Sjálfstæðisflokkurinn 73,0% 5 4

**E** Eyjalistinn 27,0% 2

Sjálfstæðisflokkurinn hlaut nánast rússneska kosningu, eða heil 73%.

## Hornafjörður

**B** Framsóknarflokkur 37,8% 3

**D** Sjálfstæðisflokkurinn 37,2% 2 4

**E** 3. framboðið 25% 2 2

Aðeins munaði 7 atkvæðum milli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í Hornafirði.

## Rangárþing ytra

**D** Sjálfstæðisflokkurinn 53,5% 4 2

**Á** Áhugafólk um sveitarstjórnarmál 46,5% 3

Sjálfstæðisflokkur hlaut 4 sæti í bæjarstjórn á móti 3 sætum Áhugafólks um sveitarstjórnarmál.

## Rangárþing eystra

**B** Framsóknarflokkur 46,4% 4 4

**D** Sjálfstæðisflokkurinn 34,0% 2 2

**L** Óháð framboð 19,6% 1

Framsókn var stærst með 46% atkvæða í Rangárþingi eystra. Kjörsókn var 84,8%.

## Ölfus

**B** Framsóknarflokkur 54,5% 4 2

**D** Sjálfstæðisflokkurinn 25,3% 2 2

**Ö** Listi félagshyggjufólks 20,2% 1 1

Framsókn vann stórsigur í sveitarfélaginu Ölfusi en hann hlaut 4 fulltrúa eða hreinan meirihluta.

Boko Haram hafa myrt hundruð síðastliðinn mánuð:

# Fjórtán látnir í Nígeríu

**NÍGERÍA** Í gær létust fjórtán manns og tólf særðust í sprengjuárás á krá í Nígeríu. Tala látinna gæti þó hækkað ef marka má heimildir BBC.

Enginn hefur lýst yfir ábyrgð á verknaðinum. Árásin átti sér stað í bænum Mubi í héraðinu Adamawa í norðausturhluta landsins.

Adamawa er eitt af þremur héruðum í Nígeríu þar sem neyðarlög hafa gengið í gildi.

Sprengjuárásir hryðjuverkasamtakanna Boko Haram hafa dregið yfir tvö hundruð manns til dauða síðastliðinn mánuð. Liðsmenn þeirra hafa einnig myrt yfir þrjú hundruð manns í annars konar árásum.

Boko Haram rændu einnig tvö hundruð skólastúlkum fyrir um mánuði. Leit að stúlkunum hefur enn engan árangur borið.

Boko Haram hafa staðið fyrir hryðjuverkaárásum í norðurhluta Nígeríu síðastliðin fimm ár.

Goodluck Jonathan, forseti Nígeríu, lýsti því yfir í síðustu viku að nú hæfust aðgerðir af fullri hörku gegn Boko Haram. -ih



**ÓÖLD Í NÍGERÍU** Fulltrúar nígeríska hersins fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Nýir stjórnarherrar í Reykjanesbæ

Auglýsa á eftir nýjum bæjarstjóra í Reykjanesbæ. Nýr meirihluti ætlar að leggja áherslu á atvinnumál og að endurskipuleggja rekstur bæjarins. Fráfarandi bæjarstjóri sjálfstæðismanna segist reiðubúinn að axla ábyrgð á tapi flokksins.

**REYKJANESBÆR** Nýr meirihluti er að verða til í Reykjanesbæ og þar með lýkur 20 ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins í bæjarfélaginu.

Í kosningabaráttunni voru Á-listi Frjáls afls, S-listi Samfylkingar og óháðra og Y-listi Beinnar leiðar, farin að ræða óformlega saman um myndun nýs meirihluta. Þessi framboð fengu tvo fulltrúa hvert. Eftir að ljóst var aðfaranótt sunnudags að meirihlutinn væri fallinn hittust oddvitar framboðanna og ákváðu að hefja formlegar viðræður um myndun nýs meirihluta.

Kristinn Jakobsson, oddviti Framsóknarflokksins, var boðaður til fundar í gær en ekki var tekin ákvörðun um hvort Framsóknarflokkurinn tæki þátt í myndun nýs meirihluta.

„Við vildum heyra þeirra sjónarmið og þess vegna voru þeir boðaðir til fundarins,“ segir Guðbrandur Einarsson, oddviti Beinnar leiðar.

„Við erum að móta samstarfssamning og höfum fulla trú á að framboðin nái saman. Við ætlum að klára þetta í vikunni,“ segir Friðjón Einarsson, oddviti Samfylkingar og óháðra.

Nýr meirihluti í Reykjanesbæ ætlar að leggja áherslu á að endurskoða rekstur og fjármál bæjarins. Þá eru úrbætur í atvinnumálum forgangsverkefni. Þá eru menn sammála um að auglýst verði eftir bæjarstjóra.

Gunnar Friðjónsson, oddviti Frjáls afls, segir að menn séu ekki farnir að ræða skiptingu í trúnaðarstöður í sveitarfélaginu eða skiptingu í nefndir.

„Það á eftir að hnýta nokkra lausa hnúta. Við tökum ekki við fyrr en um miðjan mánuðinn svo það er tími til stefnu,“ segir Gunnar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur stjórnað í Reykjanesbæ í tuttugu ár og ósigur hans er stór, hann var með hreinan meirihluta á síðasta kjörtímabili, sjö fulltrúa en fékk nú fjóra.

Árni Sigfússon bæjarstjóri leiddi lista sjálfstæðismanna, ætlar hann að hætta í kjölfar ósigursins?

„Ég er reiðubúinn að axla ábyrgð,“ segir Árni. Hann segir jafnframt að nú verði staðan metin, engar ákvarðanir hafi verðið teknar.

„Ég hef reyndar sagt að það eigi enginn að vera fyrir í góðu samstarfi. Ef ég er til trafala er ég alveg tilbúinn að víkja,“ segir Árni og bætir við að hann sé reiðubúinn að leggja sitt af mörkum en það geti orðið með ýmsum hætti.

johanna@frettabladid.is






„Ég hef reyndar sagt að það eigi enginn að vera fyrir í góðu samstarfi. Ef ég er til trafala er ég alveg tilbúinn að víkja.

*Árni Sigfússon, fráfarandi bæjarstjóri í Reykjanesbæ*

Leiðtogi talíbana í Afganistan fagnar skiptum á föngum við Bandaríkin:

# Hermaður látinn laus úr haldi

**KABÚL** Múlla Mohammad Omar, leiðtogi talíbana í Afganistan, segir í tilkynningu að skiptin á fimm föngum úr Guantanamo-fangabúðunum fyrir bandarískan hermann sem var í haldi talíbana sé „stórsigur“. Hinn 28 ára gamli Bowe Bergdahl var afhentur bandarískum hersveitum í Afganistan á laugardag.

Frá þessu greinir fréttaveita BBC. Skiptin hafa verið umdeild, meðal annars vegna þess að bandaríska þingið var ekki látið vita með mánaðar fyrirvara að til stæði að sleppa föngunum úr haldi. Chuck Hagel, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, hefur varið þessa ákvörðun og segir að stjórnvöld hafi þurft að bregðast mjög hratt við til að bjarga lífi Bergdahls.

Omar hefur aldrei komið fram opinberlega síðan hann flúði Afganistan við innrás Bandaríkjamanna árið 2001. Hann segist í tilkynningu sinni óska allri afgönsku múslímaþjóðinni „innilega til hamingju“.

Ríkisstjórn Afganistans var ekki látin vita af samkomulagi Bandaríkjanna og talíbana fyrr en eftir að fangaskiptin höfðu farið fram. Hún segir skiptin brjóta í bága við alþjóðalög.

Bergdahl hefur verið fluttur til Þýskalands þar sem hann fær frekari aðhlynningu. Hann var eini bandaríski hermaðurinn í haldi talíbana. - bá



**LAUS ÚR HALDI** Bowe Bergdahl hvarf úr herbúðum í Afganistan árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fylgið hnífjafnt á Seyðisfirði:

# Munaði aðeins sex atkvæðum

**SEYÐISFJÖRÐUR** Ótrúlega mjótt var á munum í sveitarstjórnarkosningunum á Seyðisfirði um helgina. Munurinn á þeim þremur flokkum sem voru í framboði var einungis sex atkvæði.

Sjálfstæðisflokkurinn fékk flest atkvæði, eða 144, sem skilaði honum þremur bæjarfulltrúum. Næstur kom Seyðisfjarðarlistinn með 142 atkvæði og tvo bæjarfulltrúa. Framsóknarflokkurinn rak lestina með 138 atkvæði og tvo bæjarfulltrúa. - ih

Í-listinn með meirihluta eftir átján ára valdasetu Sjálfstæðisflokksins:

# Söguleg úrslit í Ísafjarðarbæ

**ÍSAFJARÐARBÆR** Gísli Halldór Halldórsson verður bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar en hann var bæjarstjóraefni Í-listans sem náði hreinum meirihluta í kosningunum.

Gísli er starfandi formaður bæjarráðs fyrir Sjálfstæðisflokk. Hann bauð sig þó ekki fram í prófkjöri flokksins í vetur og hefur sagt ástæðuna vera skort á samhljómi við aðra sjálfstæðismenn. Í kjölfarið tilkynntu hann og Arna Lára Jónsdóttir, oddviti Í-flokksins, að hann yrði bæjarstjóraefni flokksins en hann tók þó ekki sæti á listanum.


**ÍSAFJÖRÐUR**

„Hann hefur langa reynslu af sveitarstjórnarmálum og við treystum honum mjög vel til verksins,“ segir Arna Lára en aldrei kom til greina að hún yrði sjálf bæjarstjóraefni flokksins.

Arna Lára er að vonum ánægð með niðurstöður kosninganna enda í fyrsta skipti í átján ár sem Sjálfstæðisflokkurinn nær ekki meirihluta í bæjarstjórn. Hún segist telja að fólk hafi verið tilbúið í breytingar og að flokkurinn muni byrja á að einbeita sér að atvinnu- og fræðslumálum bæjarins. - ebg





**HVUMSA** Eva skilur ekki hvers vegna aðrir frambjóðendur hafa ekki þegar kært framboð Sveinbjargar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eva Hauks er undrandi:

# Framboð vafalaust ólögmætt

**KOSNINGAR** Bloggarinn Eva Hauksdóttir segist undrandi á því að enginn frambjóðandi hafi þegar kært framboð Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur.

Sveinbjörg, sem er oddviti Framsóknar og flugvallarvina, er búsett í Kópavogi, en með skráð lögheimili í Reykjavík. Þjóðskrá athugar nú hvort skráningin sé lögmæt.

„Ég tel engan vafa um að þetta framboð hafi verið ólöglegt,“ segir Eva.

„Mér finnst bara afskaplega sorglegt að það sé töluvert stór hópur sem vill mismuna útlendingum á grundvelli trúar og menningarbakgrunns,“ segir Eva jafnframt. - sks

Sigraði á Íslandsmeistaramóti:

# Guðmundur skákmeistari

**SKÁK** Alþjóðlegi meistarinn Guðmundur Kjartansson sigraði á Íslandsmeistaramótinu í skák 2014.

Með frammistöðu sinni tryggði hann sér áfanga að stórmeistaratitli.

Guðmundur var sjöundi í stigaröð keppenda áður en mótið hófst svo að árangur hans kom allflestum í opna skjöldu.

Guðmundur hlaut sex og hálfan vinning í níu skákum, vinningi meira en Héðinn Steingrímsson og Hannes Hlífar Stefánsson sem lentu í 2.-3. sæti. Sex stórmeistarar tóku þátt á mótinu. - sa

260 metra göngupallur:

# 40 milljónir í göngustíga

**FERÐAMENNSKA** Vatnajökulsþjóðgarður hefur fengið 40 milljóna króna styrk frá iðnaðar-og viðskiptaráðuneytinu vegna uppbyggingar göngustíga við Dettifoss.

Um er að ræða um 260 metra langan göngupall og nýjan útsýnispall við fossinn að vestanverðu.

Landeigendur Reykjahlíðar hafa haft áform um að taka gjald af ferðamönnum á svæðinu til að byggja upp göngustíga og útsýnispall.

Nú hefur iðnaðarráðuneytið ákveðið að hefja uppbygginguna. – sa

110 ára
1904-2014
FÁLKINN
ÞEKKING REYNSLA ÞJÓNUSTA




Opnum á nýjum stað!

Velkomin

í nýja verslun okkar að Dalvegi 10–14 í Kópavogi

Sími: 540 7000 • www.falkinn.is

# Úrslit sveitarstjórnarkosninga 2014

## Norðurþing

D Sjálfstæðisflokkurinn 27,6% 3 2
B Framsóknarflokkur 27,6% 2 4
S Samfylkingin 18,4% 2 1
V Vinstri græn 26,5% 2 1

Óvenju mjótt var á munum í Norðurþingi. Innan við einu prósentustigi munaði á þremur efstu flokkunum.

## Langanesbyggð

U U-listinn 45,0% 3
L Framtíðarlistinn 32,3% 2
B Nýtt afl 22,2% 2

U-listinn er sigurvegari kosninganna með þrjá sveitarstjórnarfulltrúa. Fyrir fjórum árum gengu kjósendur óhlutbundnir til kosninga.

## Vopnafjarðarhreppur

B Framsóknarflokkur 38,8% 3 3
Ð Betra Sigtún 35,7% 2
B Framsóknarflokkur 25,5% 2 2

Mynda þarf nýjan meirihluta á Vopnafirði. Allir flokkar gætu orðið aðilar að tveggja flokka stjórn.

## Fljótsdalshérað

B Áhugafólk um sveitarstjórnarmál 26,3% 2 2
B Framsóknarflokkur 27,3% 3 3
D Sjálfstæðisflokkurinn 22,2% 2 1
L Samtök félagshyggjufólks 21,2% 2 3

Framsóknarflokkurinn gæti myndað lista með öllum flokkum. Líklegt er að meirihlutasamstarf Á-lista og Framsóknarflokksins haldi áfram.

## Seyðisfjörður

B Framsóknarflokkur 32,7% 2 2
D Sjálfstæðisflokkurinn 33,7% 3 3
L Seyðisfjarðarlistinn 33,5% 2

Mjög mótt var á munum á Seyðisfirði en Sjálfstæðisflokkurinn hlaut þrjá fulltrúa en hin tvö framboðin tvo.

## Seltjarnarnes

D Sjálfstæðisflokkurinn 53,1% 4 5
B Framsóknarflokkur 4,1%
N Neslisti 13,3% 1 1
S Samfylkingin 29,6% 2 1

Sjálfstæðisflokkurinn hlaut 53% kosningu en flokknum hefur ekki gengið svona illa síðan 1962.

## Þingeyjarsveit

A Samstaða 68,7% 5 5
T Listi sveitunga 31,3% 2

A-listi Samstöðu heldur sínum fulltrúum og er með fimm menn af sjö og því með hreinan meirihluta.

## Eyjafjarðarsveit

F F-listinn 47,5% 4 3
H H-listinn 29,3% 2 4
O Hinn listinn 23,2% 1

H-listinn tapar meirihluta sínum yfir til F-listans sem fékk hreinan meirihluta með fjóra fulltrúa af sjö.

## Dalvíkurbyggð

B Framsóknarflokkur 44,9% 3 1
D Sjálfstæðisflokkurinn 24,5% 2 1
S Framboðslisti óháðra 30,6% 2 4

Framsóknarflokkurinn fékk flesta fulltrúa eða þrjá. Meirihluti óháðra er fallinn en þeir tapa tveimur mönnum.

## Fjallabyggð

B Framsóknarflokkur 16,3% 1 2
D Sjálfstæðisflokkurinn 29,6% 2 3
F Fjallabyggðarlistinn 28,6% 2
S Samfylkingin 25,5% 2 3

Ýmsir möguleikar á meirihlutasamstarfi eru mögulegir í Fjallabyggð en enginn flokkur fékk fleiri en tvo fulltrúa.

## Hörgársveit

J Gróska 46,8% 3 2
L Lýðræðislistinn 26,9% 1 3
N Nýir tímar 26,3% 1

J-listi Grósku fékk hreinan meirihluta og því er stjórn Lýðræðislistans fallinn. Lýðræðislistinn sigraði í kosningunum árið 2010 með einu atkvæði.

## Mosfellsbær

B Framsóknarflokkur 7,2%
D Sjálfstæðisflokkurinn 49,5% 5 4
M Íbúahreyfingin 9,3% 1 1
S Samfylkingin 17,5% 2 1
V Vinstri græn 11,3% 1 1
X Mosfellslisti 5,2%

D-listi heldur sínu. D-listi Sjálfstæðisflokks hlaut nær helming atkvæða í kosningunum í Mosfellsbæ og fimm menn kjörna.

Hlutfall kynja í bæjarstjórnum hefur jafnast út síðan í kosningunum 2010:

# Kynjahlutfall einstaklega jafnt

**KOSNINGAR** Kynjahlutfall í sveitarstjórnum hefur jafnast talsvert frá síðustu kosningum árið 2010.

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 60,15% bæjarfulltrúa karlkyns og 39,84% kvenkyns fyrir fjórum árum. Þá buðu 139 karlmenn sig fram í fyrsta sæti framboðs síns, meðan 46 konur gerðu slíkt hið sama. Eftir kosningarnar á laugardag hefur hlutfallið breyst töluvert, en nú eru 49,83% bæjarfulltrúa kvenkyns og 50,17% karlkyns. Hlutfallið er því nánast hnífjafnt og hefur breyst talsvert frá síðustu niðurstöðum. Til dæmis eru hlutföllin í bæjarstjórnum Akureyrar, Hafnarfjarðar og Grindavíkur konum mjög í vil eftir kosningarnar.

Á Akureyri voru sex frambjóðendur af þeim ellefu sem komust í stjórn kvenmenn.

Í Hafnarfirði eru sex af níu bæjarstjórnarfulltrúum kvenkyns og í Grindavík eru fimm af sjö kjörnum fulltrúum konur.

Því má segja að staða kvenna hafi batnað svo um munar.

- kóh



**ODDVITI** Rósa Guðbjartsdóttir er ein sex kvenna sem náðu kjöri í Hafnarfirði.

# Allt getur enn gerst í Hafnarfjarðarbæ

Sjálfstæðisflokkurinn er stærstur í Hafnarfirði í fyrsta sinn í sextán ár. Oddviti Samfylkingarinnar segir þó ekki sjálfgefið að sjálfstæðismenn verði í meirihluta. Nýliðarnir í Bjartri framtíð virðast hafa myndun meirihluta í höndum sér.

**HAFNARFJÖRÐUR** Sjálfstæðisflokkurinn vann kosningasigur í Hafnarfirði í fyrsta sinn frá árinu 1998 í kosningunum á laugardag. Samfylkingin, sem hlaut flest atkvæði í síðustu þrennum bæjarstjórnarkosningum, missir tvo menn úr bæjarstjórn.

„Meirihlutinn er fallinn og fólk vill gefa Samfylkingunni frí, það er alveg skýrt," segir Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði. Flokkur hennar hlaut 35,8 prósent atkvæða og náði fimm mönnum inn í bæjarstjórn.

Rósa segir að tími muni fara í það á næstunni að tala saman milli flokka um mögulega myndun meirihluta. Þó að Sjálfstæðisflokkurinn sé stærstur í Hafnarfirði þarf hann að mynda meirihluta með einum hinna þriggja flokkanna og hlýtur Björt framtíð að teljast líklegasti kosturinn.

„Það er margt sem hljómar vel í mínum eyrum í þeirra stefnuskrá og ýmislegt líka hjá hinum," segir Rósa. „Það verða málamiðlanir, auðvitað, og við skulum bara sjá hvað setur."

Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar í bænum, segir ekki sjálfgefið að Samfylkingin verði utan meirihluta.

„Ég lít svo á að það sé í höndum Bjartrar framtíðar núna að ákveða hvort hún vilji starfa til hægri og veita Sjálfstæðisflokknum stuðning sinn, eða með hinum jafnaðar- og félagshyggjuflokkunum," segir Gunnar. „Ég hefði eðlilega flokkað Samfylkinguna og Bjarta framtíð saman."




Allt bendir því til að nýliðarnir í Bjartri framtíð séu í kjörstöðu varðandi myndun meirihluta. Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti flokksins, segir þó ekkert víst í þeim efnum.

„Það sem við viljum fyrst og fremst vera alveg viss um er að við séum algjörlega sátt við okkar val," segir Guðlaug. „Það getur líka einhver annar myndað meirihluta án okkar. Það getur allt gerst."

bjarkia@365.is

### Björt framtíð í lykilstöðu



„Ég lít svo á að það sé í höndum Bjartrar framtíðar núna að ákveða hvort hún vilji starfa til hægri og veita Sjálfstæðisflokknum stuðning sinn, eða með hinum jafnaðar- og félagshyggjuflokkunum.

*Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar*

Oddvitar í Fjarðabyggð funduðu í vöffluboði hjá móður annars þeirra:

# Segja góðan gang í viðræðum

**FJARÐABYGGÐ** Jens Garðar Helgason, oddviti Sjálfstæðisflokksins, og Jón Björn Hákonarson, oddviti Framsóknarflokks, eru bjartsýnir á að núverandi meirihlutasamstarf flokkanna haldi áfram í Fjarðabyggð.



**JENS GARÐAR HELGASON**

Flokkarnir fengu samanlagt 67 prósenta fylgi og þrjá bæjarfulltrúa hvor. Fjarðalistinn verður því líklega áfram í minnihluta en flokkurinn hlaut einnig þrjá bæjarfulltrúa og 32,8 prósenta fylgi.

Oddvitarnir Jens Garðar og Jón Björn hittust í gær heima hjá móður Jens Garðars, fengu sér vöfflur og kaffi og báru saman stefnuskrár flokkanna.

Jens Garðar gerir ráð fyrir að sjálfstæðismenn í Fjarðabyggð muni funda síðdegis og fara yfir stöðuna. Í kjölfarið munu oddvitarnir hittast og ræða málin betur.

Páll Björgvin Guðmundsson var óháður bæjarstóri í Fjarðabyggð á síðasta kjörtímabili. Jens Garðar segir að samstarfið við Pál hafi gengið vel. Framhald hans í starfi verður rætt eins og önnur mál í viðræðum oddvitanna.

- ih



**REYÐARFJÖRÐUR**

www.n1.is facebook.com/enneinn




ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 68326 05/14

Hluti af umhverfinu
N1

# Fylgi stjórnarflokkanna eykst víða

45% bæjarfulltrúa í fimmtán stærstu sveitarfélögunum eru sjálfstæðismenn. Meira en tvöfalt stærri hópur en Samfylkingar. Björt framtíð er að festa rætur í íslenskri pólitík. Stjórnarflokkarnir bæta víða við sig fylgi, ekki síst Sjálfstæðisflokkurinn sem er gríðarsterkur í Kraganum.

**FRÉTTASKÝRING**

**Sveinn Arnarsson**
sveinn@frettabladid.is



**Sveitarstjórnarkosningar 2014**

Sjálfstæðisflokkurinn ber höfuð og herðar yfir önnur stjórnmálaöfl þegar skoðaður er fjöldi bæjarfulltrúa í fimmtán stærstu sveitarfélögum landsins. Flokkurinn hefur á að skipa 45% allra bæjarfulltrúa í þessum sveitarfélögum. Í fimmtán stærstu sveitarfélögum landsins búa rúmlega 80 prósent landsmanna.

Sveitarstjórnarkosningarnar þetta árið einkenndust af dræmri kjörsókn víðast hvar um landið. Íslendingar hafa í gegnum tíðina verið duglegir að mæta á kjörstað og hefur kjörsókn þeirra verið mun meiri en gengur og gerist á Vesturlöndum. Nú kveður hins vegar við nýjan tón. Árin eftir hrun hefur íslensk þjóð gengið að kjörborðinu oftar en hún hefur mátt venjast. Tvennar kosningar um Icesave og kosningar til stjórnlagaþings bættust við þingkosningar 2009 og 2013, sveitarstjórnarkosningar 2010 og 2014 og forsetakosningar 2012.

Á því kjörtímabili sem nú er nýlokið áttu sjálfstæðismenn 42,6% kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum þessara fimmtán stærstu sveitarfélaga landsins. Flokkurinn eykur það hlutfall sitt í 44,9% eftir kosningarnar á laugardaginn. Sjálfstæðisflokkurinn til að mynda vann stórsigur á Akranesi og er með hreinan meirihluta. Flokkurinn nær góðum árangri í Kraganum. Síðast en ekki síst vann Sjálfstæðisflokkurinn ótrúlegan kosningasigur í Vestmannaeyjum.

„Sjálfstæðisflokkurinn fékk auðvitað nokkurn skell í sjálfu sér í mikilvægasta sveitarfélaginu, Reykjavík. Flokkurinn er í sögulegu lágmarki í borginni. Hins vegar er Sjálfstæðisflokkurinn að styrkja sig í sterkum vígjum í kringum Reykjavík, bláa beltinu svokallaða," segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri. „Síðan má ekki gleyma því að flokkurinn náði ekki góðum árangri árið 2010 og er því að rétta úr kútnum hvað það varðar."

Samfylkingin á undir högg að sækja og er ekki hálfdrættingur á við Sjálfstæðisflokkinn þegar kemur að fjölda bæjarfulltrúa. Samfylkingin átti á síðasta kjörtímabili 19,1% kjörinna bæjarfulltrúa í þessum sömu sveitarfélögum en verður nú með 17% bæjarfulltrúa. Samfylkingin tapaði til að mynda stórt í Hafnarfirði, einu sterkasta vígi Samfylkingarinnar og áður Alþýðuflokks síðustu áratugina.

Grétar Þór segir stöðu Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í þessum fimmtán sveitarfélögum gjörólíka. „Samfylkingin náði ekki góðum árangri í kosningunum 2010. Flokkurinn tapar enn bæjarfulltrúum fjórum árum síðar á meðan Sjálfstæðisflokkurinn bætir stöðu sína," segir hann. „Líkleg skýring er að Samfylkingin þarf nú að etja kappi við Bjarta framtíð um atkvæði frjálslyndra miðjumanna. Björt framtíð tekur þannig mörg atkvæði af Samfylkingu og nær inn ellefu bæjarfulltrúum."

Framsóknarflokkurinn bætir við sig tveimur bæjarfulltrúum í þessum 15 stærstu sveitarfélögum á næsta kjörtímabili. Stærsti sigur Framsóknarflokksins er án efa að hafa komið tveimur borgarfulltrúum að í Reykjavík. Flokkurinn náði ekki inn manni 2010 og fékk einn mann kjörinn 2006.

7,5% bæjarfulltrúa þessara sveitarfélaga koma úr Bjartri framtíð. Til að mynda er hlutfall bæjarfulltrúa VG 4,8%. Það þýðir að flokkurinn er að festa sig í sessi á sveitarstjórnarstiginu. Flokkum utan fjórflokksins hefur ekki tekist það, og hafa þeir lognast út af, líkt og Kvennalistinn og Frjálslyndi flokkurinn svo dæmi séu tekin.

Um útkomu Bjartrar framtíðar segir Grétar það geta verið áhyggjuefni fyrir flokkana á miðjunni að þarna sé kominn flokkur sem þurfi að skapa sér olnbogarými. „Þetta er mikilvægur sigur fyrir Bjarta framtíð. Hann gerir góða hluti í Garðabæ og Hafnarfirði til að mynda og þetta hlýtur að styrkja innra starf flokksins og innviði hans til framtíðar."

Grétar Þór telur að þessar kosningar gætu að einhverju leyti markað ákveðin tímamót í íslenskri sveitarstjórnarsögu og að niðurstöður í hinum ýmsu sveitarfélögum kalli á umræðu um hvaða reiknireglu við eigum að nota til að raða niður sveitarstjórnarfulltrúum milli flokka. „Við erum að sjá flokka fá hreina meirihluta í sveitarstjórnum með um 41-42 prósenta fylgi. D'Hondt-reiknireglan býður upp á að svoleiðis meirihlutar geti myndast. Að mínu mati er umræða þörf í þessum efnum til að vega og meta kosti þess að skipta um reiknireglu til að komast hjá því að svona gerist. Ef við hefðum verið með einhverja aðra reiknireglu til að mynda hefði L-listinn ekki verið með hreinan meirihluta á Akureyri á síðasta kjörtímabili og Sjálfstæðisflokkurinn væri ekki með meirihluta á Akranesi með sín 41,8%," segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri.

## Formenn stjórnmálaflokkanna um kosningarnar

### Ástæða til að óska Bjartri framtíð til hamingju



„Ég get ekki annað en verið sáttur við stöðuna í heild. Það sem stendur upp úr er að Samfylkingin er stærsti flokkurinn í borginni. Við erum svona í útreikningum að tvöfalda fylgi okkar frá því í kosningunum í fyrra og erum að bæta við okkur manni víða.

Björt framtíð er að koma inn og ná fótfestu á ýmsum stöðum. Í flestum tilvikum fer það saman við að fylgi okkar minnkar. Það er full ástæða til að óska Bjartri framtíð til hamingju með að vera komin á blað í sveitarstjórnum."

*Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.*

### Nýir flokkar og breytt landslag



„Það má kannski segja að við höfum haldið sjó frá síðustu kosningum og þeim sem voru þar á undan. En ég hef líka trú á því að við getum betur.

Við náðum mjög góðri kosningu í Norðurþingi og í Skagafirði. Ég varð fyrir vonbrigðum með að við misstum okkar mann í Árborg, þannig að auðvitað er þetta köflótt. Maður veit það að þetta getur farið á allan hátt."

*Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna.*

### Hefðbundnar leiðir skila enn miklu



„Mér fannst kosningarnar ganga vonum framar, fyrir flokk sem er ekki eldri en þetta, að ná saman starfhæfum hópum á þetta mörgum stöðum og að ná árangri á öllum stöðunum sem við buðum fram á. Í tveimur sveitarfélögum náðum við ekki inn manni en það voru líka framboð sem bar mjög brátt að og á brattann að sækja. Við erum algjörlega búin að stimpla okkur inn."

*Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Bjartrar framtíðar.*

### Meirihlutafall í Reykjavík stendur upp úr



„Það er alveg klárt að Sjálfstæðisflokkurinn kemst mjög vel út úr þessu og skýr sigurvegari í fjölda sveitarfélaga um allt land. En ég dreg ekki fjöður yfir það að það er mikið verk að vinna í Reykjavík fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Það má segja að niðurstaðan í Reykjavík sé frekar súrsæt. Það er súrt að flokkurinn skyldi ekki ná sér betur á strik í borginni en það er sætt að ná meiri árangri en kannanir gáfu til kynna."

*Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.*

### Kannski kosningaþreyta í fólki



„Auðvitað eru alltaf úrslit sem maður hefði viljað hafa aðeins öðruvísi. Maður hefði viljað ná inn enn fleiri bæjarfulltrúum.

Miðað við það sem fólk hafði talað um í aðdraganda kosninganna, að þetta yrðu kosningar nýju flokkanna, held ég að megi segja að niðurstaðan fyrir stjórnarflokkana hafi verið betri en menn gerðu ráð fyrir að yrði."

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins.*






**KOSIÐ Í LAUGARDAG** Kjörsókn hefur ekki verið minni í Reykjavík frá árinu 1928. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kjörsókn um helgina var með dræmasta móti:

## Ástæða til viðbragða

**KOSNINGAR** Kjörsóknin í nýliðnum kosningum var með dræmasta móti víða um land. Í Reykjavík kusu einungis um 66 prósent atkvæðabærra manna og hefur kjörsókn ekki verið minni í Reykjavík frá árinu 1928. Formenn stærstu stjórnmálaflokkanna eru á einu máli um að bregðast þurfi við þessari þróun.

„Mér finnst þessi dræma kjörsókn áhyggjuefni fyrir okkur öll, óháð því fyrir hvaða flokk við stöndum," segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna.

„Við hljótum að leita skýringa hjá okkur sjálfum og annars staðar. Þetta er eitthvað sem allavega við í minni hreyfingu munum fara yfir, hvernig við getum komið okkar sjónarmiðum betur á framfæri og vakið áhuga fólks á stjórnmálum."

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir að tilgangslaust sé að stinga upp á mögulegum lausnum fyrr en ástæður að baki lítilli kjörsókn hafa verið kannaðar nánar.

„Ég held að það sé óþarfi að eyða mörgum orðum í hversu mikið áhyggjuefni það er," segir Árni Páll. „Það er bara aðalatriðið að það verði gerðar ítarlegar greiningar sem fyrst á því hvers vegna fólk sat heima. Hver sem er getur látið sér detta í hug einhverjar skýringar á því en við þurfum á rannsóknum á því að halda sem fyrst og leggjast síðan í átak til að bregðast við."

Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Bjartrar framtíðar, nefnir sem möguleika svokallaðar sértækar viðhorfskannanir, þar sem fólk hlýtur fræðslu í ákveðnum málaflokkum áður en það greinir svo frá afstöðu sinni til þeirra, og rafræna atkvæðagreiðslu.

„Ef það er eitthvað sem við Íslendingar erum ágæt í, þá er það að laga okkur að svona tækninýjungum," segir Heiða Kristín. „Ég held að við værum góð „prótótípa" í svona tilraun."

bjarkia@365.is

# MAÐUR MÁ LÁTA SIG DREYMA




## Komdu strax í MAX og draumurinn um nýtt sjónvarp á góðu verði getur orðið að veruleika!

50"

HM VERÐ

99.989

STÓRKOSTLEGT VERÐ

LG

**LG-50PN450D**
50" HD Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn. 600Hz Sub Field Drive. Triple XD Engine. Picture Wizard II 2.000.000:1 Superb Contrast. Real Cinema 24p. Digital DVB-T2 móttakari. Progressive Scan. USB. Scart, 2 HDMI, Component, CI rauf, CVBS, Optical út o.fl.




59.989

**Thomson 32HW3324**
32" LED sjónvarp 1366x768p upplausn. Stafrænn móttakari DVB-T/2. Pure Image 2 Engine. USB, 3x HDMI, Scart, Component, VGA, CVBS og heyrnatólstengi.




109.989

**Philips 42PFL3108T**
42" Full HD LED sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. 100Hz Perfect Motion Rate. Digital Crystal Clear. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Ljósskynjari. USB, 2 HDMI tengi o.fl.




79.989

**Toshiba 40L1353N**
40" Full HD Led sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn. Háskerpu stafrænn DVB-T2/T/C móttakari. AMR 100 Active Motion & Resolution. Active Backlight Control. USB2.0, Scart, 3x HDMI, CI+, VGA tengi o.fl.

max.is

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

# Týndu atkvæðin í Ráðhúsinu ekki til

Fótur og fit varð uppi í talningu atkvæða úr borgarstjórnarkosningunum þegar í ljós kom að 40 atkvæðum var ofaukið. Mikil leit hófst að týndu atkvæðunum en síðar kom í ljós að einungis var um innsláttarvillu frá einni kjördeildinni að ræða.

**REYKJAVÍK** „Það reyndu bara allir að leysa þetta mál, öll kjörstjórnin og allir sem voru í Ráðhúsinu. Við vorum búin að fara í gegnum marga tugi kjördeilda þegar villan kom í ljós,“ segir Tómas Hrafn Sveinsson, formaður kjörstjórnar í Reykjavík, en innsláttarvilla úr einni kjördeild var ástæða þess að ekki var hægt að birta lokatölur í Reykjavíkurkjördæmi fyrr en klukkan að ganga átta í gærmorgun.

Tómas segir að talningin hafi í raun og veru gengið vel fyrir sig, henni hafi verið lokið klukkan þrjú og stefnt hafi verið að því að birta lokatölur um klukkan hálf fjögur. Tölurnar stemmdu hins vegar ekki, 40 atkvæðum var ofaukið og því þurfti að fara í gegnum öll gögn upp á nýtt. Aldrei var hins vegar um nein eiginleg atkvæði að ræða en ein kjördeildin hafði hreinlega slegið inn vitlausa tölu.

Útsendingin klúðraðist einnig þegar Tómas reyndi öðru sinni að lesa upp atkvæðin úr Ráðhúsinu en þá þurfti hann þrjár tilraunir til að greina frá því hvernig atkvæðin féllu. „Það sem gerðist var að ég fékk vitlaust blað í hendurnar og byrjaði að lesa, en þá vantaði inn auðu seðlana. Þá fór allt í steik hjá RÚV og þeir klipptu á mig áður en ég náði að klára þó svo að ég væri með allt klárt. Ég þurfti því að koma aftur inn í þriðja skipti,“ segir Tómas, sem segist þó hafa náð að halda ró sinni þrátt fyrir alla dramatíkina. „Svona reikningsskekkjur og innsláttarvillur geta alltaf komið upp, því miður. Það tók bara langan tíma að finna villuna í þetta skipti og svoleiðis er það bara.“ Athygli vakti einnig hversu miklar sveiflur voru í talningu atkvæða í Ráðhúsinu en Tómas segir einungis tilviljun hafa ráðið því hvernig atkvæðin röðuðust. „Við veljum bara kassa af handahófi og teljum. Talningin var því gerð nákvæmlega eins og áður hefur verið gert í þessum kosningum.“

kristjana@frettabladid.is



**ATKVÆÐIN KEYRÐ Í HÚS** Töluvert verk var að koma atkvæðunum af kjörstöðum og niður í Ráðhús. Það reyndist þó enn meira verk að telja atkvæðin. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






**FÁIR Á KJÖRSTAÐ** Kjörsókn hefur ekki verið verri í sveitarstjórnarkosningum hér á landi síðan 1950.

# Dræm kjörsókn skekkir niðurstöður

Stjórnmálafræðiprófessor segir meiri mun á niðurstöðum kannana og kjörfylgi í Reykjavík en áður. Dræm kjörsókn ungs fólks sé líklegasta skýringin.

**KOSNINGAR** Talsvert meiri munur var á úrslitum borgarstjórnarkosninganna í Reykjavík og skoðanakönnunum en í alþingiskosningunum fyrir ári. Þetta fullyrðir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.

Fjögur fyrirtæki birtu kannanir síðustu tvo dagana fyrir kosningarnar. Fylgi Sjálfstæðisflokks var að meðaltali vanmetið um 3,9 prósentustig og Framsóknarflokks um 3,6 prósentustig.

Fylgi Samfylkingar og Bjartrar framtíðar var ofmetið að meðaltali um ríflega 3 prósentustig. Fylgi Pírata var einnig ofmetið í öllum könnunum.

Grétar telur skekkjuna orsakast af því að ungt fólk hafi ekki skilað sér á kjörstað. „Kjósendur Pírata og Bjartrar framtíðar eru almennt yngri en kjósendur Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.“

Grétar bætir við: „Skili unga fólkið sér ekki á kjörstað er hætta á skekkju í könnunum samanborið við niðurstöðu kosninga.“



**GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON**

Mestur munur var á könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og niðurstöðunum í Reykjavík. Að meðaltali 3,9 prósent. Munur á niðurstöðum annarra kannana, þar á meðal Fréttablaðsins og Stöðvar 2, var um 2,5 prósent.

Grétar segir ekki við könnunarfyrirtækin að sakast. „Skoðanakannanir kanna viðhorf þversniðs kjósenda. Ef stórir kjósendahópar greiða ekki atkvæði er hætta á að kannanir gefi ranga mynd.“ Kjörsókn í Reykjavík var 63 prósent og hefur ekki verið minni í áratugi.

ingvar@frettabladid.is

## Sveitarstjórnarkosningar
## SKOÐANAKANNANIR




➜ Fylgi Samfylkingar og Bjartrar framtíðar var ofmetið að meðaltali um ríflega 3 prósentustig. Fylgi Pírata var einnig ofmetið í öllum könnunum.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## YLJA Í HLJÓMAHÖLLINNI

**Hljómsveitin Ylja heldur tónleika í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ annað kvöld kl. 21. Einnig koma fram Snorri Helgason og hljómsveit ásamt tónlistarmanninum Lindy Vopnfjörð sem kemur frá Kanada. Bjartey Sveinsdóttir og Gígja Skjaldardóttir eru í framvarðarsveit hljómsveitarinnar.**













**GÓÐAR VÖRUR FRÁ SCHOLL** Magðalena S. Kristjánsdóttir hjá Halldóri Jónssyni ehf. segir skó- og fótaspreyin frá Scholl halda fótunum og skónum ferskum allan daginn. MYND/VALLI

# FERSKIR FÆTUR

**HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR** *Skó- og fótaspreyin frá Scholl sem koma í veg fyrir óæskilega lykt af skóm og fótum og halda þeim ferskum alla daga.*

Þegar fætur eru lokaðir ofan í skóm allan daginn þá kemur oft óæskileg lykt af skónum og fótunum. „Til að koma í veg fyrir þetta er mikilvægt að hugsa vel um fæturna og einnig skóna. Scholl skó- og fótaspreyin halda fótum þínum og skónum ferskum allan daginn," segir Magðalena S. Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Halldóri Jónssyni ehf. sem flytur inn Scholl-fótavörurnar.

Svitakirtlar eru fleiri á fótunum en nokkurs staðar annars staðar í líkamanum. Sviti er fullkomlega eðlilegur og nauðsynlegur til að halda húðinni mjúkri og sveigjanlegri og stjórna hitastigi fótanna.

„Margir halda að sviti sé orsök þess að slæm lykt myndast á fótum og í skóm, en svo er ekki. Lyktin myndast þegar bakteríur fá að vaxa í skóm vegna hita og raka. Því er mikilvægt að leyfa fótunum að anda reglulega, klæðast sokkum úr náttúrulegum efnum og velja sér skó sem leyfa fótunum að anda."

Scholl-vörurnar eru á 20% afslætti í apótekum út allan júní.




**SCHOLL-FÓTASPREY – FERSKIR, ÞURRIR OG ILMANDI FÆTUR** Fótasprey sem eyðir óæskilegri lykt og heldur fótunum þurrum. Regluleg notkun kemur í veg fyrir að lykt komi aftur. Ferskir, þurrir og ilmandi fætur allan daginn.




**SCHOLL SKÓSPREY – FERSKIR OG LYKTARLAUSIR SKÓR Í 24 KLUKKKUSTUNDIR** Skósprey sem eyðir óæskilegri lykt í skóm. Hentar fyrir allar tegundir af skóm og skilur ekki eftir leifar. Regluleg notkun hjálpar til við að vernda skó. Ferskir og lyktarlausir skór í 24 klukkustundir.









**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kolli@365.is, s. 512 5447








**VÖRUHÖNNUÐUR** Katrín Magnúsdóttir er nýútskrifaður vöruhönnuður. Hún segir námið hafa opnað augu sín fyrir ábyrgð hönnuða í samfélaginu. MYND/STEFÁN

# ENDURVINNUR PLASTPOKA

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Katrín Magnúsdóttir, nýtútskrifaður vöruhönnuður, hannaði spunavél, sem snýr saman gamla plastpoka í þráð, sem lokaverkefni.*

Burðarplastpokar eru óendurvinnanlegir og samkvæmt bókinni Cradle to cradle: Remaking the Way We Make Things, eftir Braungart og William McDonough, eigum við að hugsa efnisheiminn í tveimur mengjum; lífrænu mengi og gerviefnamengi. Ef við notum plast innan síns mengis og blöndum því ekki við hið náttúrulega mengi er það „í lagi“. Hugmyndin snýst um að framleiða ekki meira af plastpokum heldur umbreyta þeim. Ég kem með tillögu að leið til að nota þá plastpoka sem þegar eru til,“ útskýrir Katrín Magnúsdóttir, nýútskrifaður vöruhönnuður frá Listaháskóla Íslands.

Lokaverkefnið hennar er spunavél sem snýr saman plastpoka í þráð.

„Venjulega enda plastpokar í landfyllingu, í náttúrulega menginu þar sem við viljum ekki hafa þá. Með spunavélinni umbreyti ég pokunum í þekkjanlegan efnivið sem fólk á auðveldara með að skilja hvernig má nýta áfram. Það mætti til dæmis snúa hann aftur og aftur saman í þykkt reipi.“

Katrín segir spunavélina vel geta orðið að verkfæri inni á heimilum til að endurvinna plast. Hún sér einnig fyrir sér frekari útfærslur á vélinni, meðal annars fyrir landbúnað.



**ÞEKKJANLEGUR EFNIVIÐUR** Katrín hannaði spunavél sem snýr saman gamla plastpoka í þráð. Þráðinn má svo nýta til ýmissa hluta, til dæmis sem fiskilínu eða í þykkari reipi. MYND/ÖRN EYJÓLFSSON



**SPUNAVÉL** Vélin gæti orðið að verkfæri inni á heimilum til að endurvinna plastpoka. Þá sér Katrín fyrir sér að útfæra hana svo bændur gætu snúið saman rúlluplast og vír og búið til rafmagnsgirðingu.

„Bændur gætu til dæmis snúið saman rúlluplast og vír og búið þannig til rafmagnsgirðingu. Það er ýmsir möguleikar opnir.“

Katrín viðurkennir að hafa ekki verið sérstaklega meðvituð um endurvinnslu áður en hún hóf námið við LHÍ. Námið hafi opnað augu hennar fyrir ábyrgð hönnuða í samfélagi og á umhverfinu. Hún stefni frekar í átt að upplifunarhönnun en iðnhönnun.

„Ég heillaðist af upplifunarhönnun eftir fyrirlestur hjá Hlín Helgu Guðlaugsdóttur. Þeirri hugmynd að vera ekki endilega að búa til fleiri stóla og borð, nóg er nú til, heldur að rannsaka umhverfið og hanna það með upplifun í huga.

Annars er framtíðin frekar óráðin hjá mér. Nú er ég bara að pústa eftir skólatörnina. Það gæti verið gaman að fara í eitthvert starfsnám í útlöndum eftir sumarið.“



**ENDURVINNSLA** Burðarplastpokar brotna ekki niður í náttúrunni.

■ heida@365.is











## Í ÖÐRUVÍSI HLUTVERKUM

**■ MARGFÖLD VIRKNI**
**Margir hversdagslegir hlutir sem hafa skýrt og afmarkað hlutverk geta leynt á sér. Ef hugmyndafluginu er gefinn laus taumur og hugsað út fyrir kassann má sjá annan tilgang með þessum hlutum og nota þá í önnur verk en vant er.**

**Glært naglalakk getur virkað eins og ósýnilegt lím og því gott að nota það til dæmis til að festa tölur eða litlar skrúfur.**



**Gamlir förðunarburstar eða litlir penslar eru tilvaldir til að hreinsa lyklaborð með.**

**Þegar blásið er til veislu er sniðugt að setja klakana í sigti yfir skál. Þannig verður vatnið af klakanum eftir í skálinni og drykkurinn ekki útþynntur.**

**Pappírshólka innan úr klósettrúllum má nota til koma í veg fyrir að snúrur flækist saman. Snúrunum er þá rúllað upp og þær settar inn í pappírshólkana.**

**Vínglös má nota sem fínustu kertastjaka til borðskreytinga. Bæði má setja kertin ofan á fót glass sem snúið hefur verið á hvolf eða inn í glas á hvolfi.**

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**

**Landmark leiðir þig heim!**



**Magnús Einarsson** Löggiltur fasteignasali Sími 897 8266
**Sigurður Samúelsson** Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312
**Sveinn Eyland** Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820
**Íris Hall** Löggiltur fasteignasali
**Þórarinn Thorarensen** Sölustjóri Sími 770 0309
**Kristberg Snjólfsson** Sölufulltrúi Sími 892 1931
**Eggert Maríuson** Sölufulltrúi Sími 690 1472
**Haraldur Ómarsson** sölufulltrúi sími 845 8286
**Sigurður Fannar Guðmundsson** Sölufulltrúi Sími 897 5930
**Benedikt Ólafsson** sölufulltrúi Sími 661 7788

**100% þjónusta = árangur***

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is



Elín Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

**Efstasund - 49,9m** **Leiðhamrar - 49,9m**






- *TVÍBÝLISHÚS (68,25% af heildareign hússins)*
- *5 rúmgóð SVEFNHERBERGI og 2 baðherbergi*
- *41,8 FM BÍLSKÚR*
- *Töluvert endurnýjað hús. Sérinngangur*
- *Skráð 166,9 fm + bílskúr 41,8 fm samtals=208,7 fm*
- *Stór garður og sólskáli.*

- *Parhús á tveimur hæðum, 165,8 fm*
- *Rúmgóð 4-5 herbergja eign*
- *Fallegur arkitektúr innan eignar*
- *Möguleiki á skiptum á minni eign, opin staðsetning*
- *Bílskúr og 2 verandir*

**elin@fasteignasalan.is** **Sími: 695 8905**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT



# Glæsilegar nýjar íbúðir

**Valhöll, fasteignasala kynnir: Nýjar íbúðir í Nönnubrunni 1, Úlfarsárdal.**

Að sögn Þórunnar Pálsdóttur, byggingarverkfræðings og sölufulltrúa hjá Valhöll fasteignasölu, eru fjórar íbúðir af tíu þegar seldar. Sami byggingaraðili, Integrum ehf., og byggði Friggjarbrunn 3 og 5 og sömu hönnuðir eru að þessu húsi. Jón Hrafn Hlöðversson er aðalhönnuður og Bryndís Eva Jónsdóttir innanhússhönnuður. Um er að ræða lyftuhús á þremur hæðum, íbúðir frá 75,3 fm til 146,4 fm með stæði í bílakjallara. Mikið og fallegt útsýni er úr flestum íbúðanna. Afhending verður snemma á næsta ári.

Innréttingar eru sérsmíðaðar hjá Fagus. Borðplötur eru Granítsteinum og spanhelluborð og bökunarofnar af tegundinni Gorenje frá Rönning.

Á gólfum verður hágæða gólfefni frá Parka, plankaparket og 60x60 flísar. Vönduð blöndunartæki og vaskar eru frá Tengi. „Þetta hverfi er í mikilli uppbyggingu og verður afskaplega fallegt og gott til búsetu,“ bætir Þórunn við.

Úlfarsárdalurinn er heldur betur kominn á kortið. Margir eru að uppgötva þessa náttúruperlu í borginni. **Allar frekari upplýsingar veitir Þórunn Pálsdóttir í s: 773-6000 eða thorunn@valholl.is.**

**heimili**
FASTEIGNASALA



**Bogi Pétursson** lögg.fasteignasali
**Finnbogi Hilmarsson** lögg. fasteignasali
**Gústaf Adolf Björnsson** lögg. fasteignasali
**Stefán Már Stefánsson** sölufulltrúi
**Guðbjörg G. Blöndal** lögg. fasteignasali
**Ásdís Írena Sigurðardóttir** skjalagerð
**Brynjólfur Snorrason** sölufulltrúi

Finndu okkur á Facebook




**Hólmgarður 10- efri sérhæð**
Vönduð og mikið endurbætt efri sérhæð með aðstöðu í risi. Fjögur svefnherbergi og tvær stofur. Parket og flísar á gólfum og endurbættar innréttingar ásamt lögnum. **V. 32,9 m.**
**Til sýnis í dag kl 17:15 - 18:15.**




**Keilufell 37 - Einbýli**
Mikið endurnýjað og vel skipulagt 154,3 fm einbýlishús með frístandandi bílskúr og stórum garði. Fjögur góð svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, stórt og fallegt eldhús og rúmgóð stofa með útgengi út í garð. Eignin var öll endurnýjuð að innan árið 2008 og er í topp standi.
**OPIÐ HÚS í dag kl. 17:15-18:00**




**Boðaþing 55ára og eldri**
Góð 2ja herbergja 97,8 fm íbúð á 4 hæð í lyftuhúsi fyrir 55ára og eldri ásamt stæði í bílageymslu við Boðaþing 6 í Kópavogi. V.32,9m
**Opið hús í dag frá kl. 16:30-17:00**




**Tröllakór - 4ra herb + bílageymsla**
Góð 4ra herbergja 133fm endaíbúð ásamt stæði í lokaðri bílgeymslu. Skiptist í forstofu, sjónvarpshol, stofa og borðstofa mynda eitt stórt rými, eldhús með borðkrók. Hjónah. með góðum skáp, tvö barnah. með skápum. Baðherbergi með sturtu og baðkari. Þvottahús. Frábær fjölskylduíbúð. **V.34,9m**
**Opið hús í dag frá kl. 17:30-18:00**



**Selhólsbraut - Öndverðarnes**
Gott 4ra herbergja 75 fm sumarhús og svefnloft. Húsið stendur á góðum stað innst í botnlanga Selhólsbrautar í Öndverðarnesi. Þrjú svefnherbergi, góð lofthæð í stofu, góðir sólpallar og fallegt umhverfi. Golfvöllur og sundlaug í landinu.
**V. 22,9 m.**



**Laugalind - 4ra herb.**
Góð 110 fm íbúð á 2. hæð í litlu 5 íbúða fjölbýlishúsi. Ljósar innréttingar, parket og flísar á gólfum. Góðar suðvestur svalir og þvottahús innan íbúðar.
**V. 37,0 m.**



**Klapparhlíð - 5 herb.**
Vönduð 4ra - 5 herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi. Húsið stendur innst í botnlanga á skjólgóðum stað. Góð eign á góðum stað. Stutt í verslun og þjónustu ásamt útivistar- og íþróttaaðstöðu, golfvöll, sundlaug, líkamsrækt og skemmtilegar gönguleiðir. **V. 37,0 m.**



**Þórðarsveigur - 3ja herb.**
Stór 110 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi. Íbúðinni fylgir stæði í bílskýli og afgirtur ca 50 fm sólpallur. Vandaðar eikarinnréttingar, parket og flísar á gólfi og þvottahús innan íbúðar.
**V. 29,9 m.** Mikið áhvílandi.




**Aratún - tveggja íbúða hús**
Tvílift einbýlishús með aukaíbúð í kjallara. Húsið er skráð 271,6 fm. íbúðarrými er 148 fm, flatarmál kjallara er 77 fm og bílskúr er 46,6 fm. Lóðin er falleg og með sundlaug, verönd, grasflöt og trjágróðri. Nýlegur dúkur á þaki og bílskúr. Vel skipulagt hús með mikla möguleika.



**Álftamýri - endaraðhús**
Endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, samtals 194,3 fm. Fimm svefnherbergi ásamt stofu og borðstofu. Parket, flísar og dúkur á gólfum. Stór garður í góðri rækt. Ekkert áhvílandi. Laus strax við kaupsamning. **Verð 54,9 millj.**

**530 6500** **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** **530 6500**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.**
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is


**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


**Elías Haraldsson**
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is


**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Sölumaður
gisli@fastmark.is


**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Vatnsstígur - Glæsileg íbúð með tvennum svölum og sjávarútsýni.



Glæsileg 149,2 fm. íbúð á 4. hæð í glæsilegu lyftuhúsi í Skuggahverfinu með tvennum svölum og sjávarútsýni. Íbúðin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Samliggjandi rúmgóðar stofur. Úr stofum er útsýni út á sundin og að Esjunni. Svalir til austurs út af báðum herbergjum. Glæsilegt baðherbergi. Tvær geymslur í kjallara fylgja íbúðinni auk sér bílastæðis í lokaðri og upphitaðri bílageymslu. Rafmagnsopnanir eru á öllum útihurðum og mynddyrasímakerfi er í íbúðinni.

**Verð 74,9 millj.**

### Hofslundur – Garðabæ.



Vel skipulagt 158,0 fm. endaraðhús á einni hæð með innbyggðum 27,0 fm. bílskúr á góðum stað neðst í Lundunum í Garðabæ. Samliggjandi bjartar stofur. Eldhús með nýlegum ljósum viðarinnréttingum. Útgengi á verönd bæði úr stofu og úr eldhúsi. Tvö herbergi ( þrjú á teikningu). Ræktuð lóð. Geymsluloft yfir bílskúr. **Vel staðsett eign innst í botnlanga.**

**Verð 49,9 millj.**

### Kópavogsbraut – Kópavogi.



115,3 fm. hæð og ris ásamt 33,1 fm bílskúr í þríbýlishúsi. Húsið var allt klætt að utan árið 2006. Íbúðin sem er nýmáluð skiptist m.a. í eldhús með eikarinnréttingu, stofu og borðstofu með gluggum á tvo vegu og 3 herbergi. Lóðin er 1.716 fm. að stærð og hefur henni verið skipt á milli þessa þriggja íbúða. Bílskúrinn er innréttaður sem íbúðarherbergi í dag. Þak verður málað í sumar.

**Verð 41,5 millj.**

### Úthlíð – Reykjavík. Neðri sérhæð.



Vel skipulögð og frábærlega staðsett 155,9 fm. 6 herbergja neðri sérhæð með suðursvölum. Eignin er í góðu ástandi og skiptist í rúmgott hol, eldhús með eldri hvítum innréttingum, stofu með frönskum gluggum til suðurs, borðstofu, fjögur herbergi auk vinnuherbergis og flísalagt baðherbergi. Svalir til suðurs út af einu herbergi. Frábær staðsetning, nærri skólum og í góðu göngufæri við miðborgina.

**Verð 52,9 millj.**

## ATVINNUHÚSNÆÐI




**LAUGAVEGUR 51. SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI.**
Til leigu glæsilegt og algjörlega endurnýjað 161,0 fm. skrifstofurými á 2. hæð við Laugaveginn. Nýtt eldhús með nýjum tækjum, ný salerni og ný gólfefni. Hæðin er öll nýmáluð að innan með nýjum loftljósum. Eitt sér bílastæði á baklóð fylgir rýminu. **Laust til afhendingar nú þegar.**




**VESTURHLÍÐ 7 - SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI.**
Mjög gott 117 fm. þjónustu-/skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum. Húsnæðið er með innkeyrsludyrum og góðum göngudyrum og tilvalið fyrir t.d. heildsölu/skrifstofur. Neðri hæðin er um 70 fermetrar og efri hæðin er um 40 fermetrar. **Húsnæðið er laust til afhendingar 1. júní nk.**

## 3JA HERBERGJA



**BALDURSGATA - REYKJAVÍK.**
- Vel skipulögð 66,5 fm. íbúð á 2. hæð.
- Björt stofa. Rúmgóð herbergi.
- Möguleiki að setja svalir til suðurs.
- Húsið er nýviðgert steinhús.

**25,9 millj.**



**BLÖNDUHLÍÐ.**
- Mikið endurnýjuð 63,5 fm. risíbúð í Hlíðunum.
- Nýlegt eldhús. Nýlegt baðherbergi. Ný gólfefni.
- Aukaherbergi í risi þar sem áður voru geymslur.
- Sér merkt bílastæði fylgir.

**27,9 millj.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



**LAUFÁS- GARÐABÆ. NEÐRI SÉRHÆÐ.**
119,2 fm. neðri sérhæð í tvíbýlishúsi auk 29,8 fm. bílskúrs og sér geymslu í kjallara. Íbúðin var öll endurnýjuð hið innra fyrir um 10 árum síðan, s.s. gólfefni, eldhúsinnrétting, innihurðir, baðherbergi, þvottaherbergi o.fl. Sjónvarpshol með útgengi á verönd. **Eignin er laus til afhendingar strax** **Verð tilboð**



**GRUNDARSTÍGUR - Á EFSTU HÆÐ.**
Stórglæsileg 112,8 fm. íbúð á efstu hæð með tvennum svölum og bæði með sér bílskúr og sér stæði í bílageymslu á frábærum stað í nýlegu húsi í Þingholtunum. Íbúðin er innréttuð á mjög vandaðan máta og mikil lofthæð er í eigninni. Bjartar stofur. **Tvennar svalir.** **57,9 millj.**

## SÉRBÝLI



**BAKKASTAÐIR.**
- Mjög fallegt 253,8 fm. einbýlishús. Óinnréttað rými í risi.
- Tvennar stofur auk borðstofu. Fjögur herbergi.
- Stór um 100 fm. suðvesturverönd með heitum potti.
- Frábær staðsetning. Glæsilegt útsýni. Stutt í skóla.

**71,0 millj.**



**KÓPAVOGSBARÐ-KÓPAVOGI.**
- Glæsilegt og vel hannað 315 fm. parhús á tveimur hæðum.
- Afhendist fullbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttinga.
- Veruleg lofthæð og miklir gluggar á efri hæð.
- Svalir til suðurs og verönd til suðurs og vesturs.

**69,5 millj.**




### Tunguvegur – Reykjavík

**Mjög fallegt 267,5 fm einbýli á tveimur hæðum ásamt 33,4 fm bílskúr (íbúð í dag) eða samtals 300,9 fm. Búið er að breyta húsinu umtalsvert og skipta því upp í þrjár íbúðir. Fallegar snyrtilegar innréttingar eru í öllum íbúðunum og öll gólf parket og flísalögð. Húsið að utan er mjög snyrtilegt og vel við haldið. Gróin lóð með hellulögn og grasflöt.**
**Verð 79,9 millj.**




### Laxakvísl - 5 herbergja endaíbúð.

Mjög falleg 131,7 fm 5. herbergja endaíbúð á 2. hæð í lágreistu fjölbýli. Aðeins fjórar íbúðir í húsinu. Íbúðinni fylgir 25,7 fm bílskúr sem stendur sér í lengju. Samtals 157,4 fm. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Eldhús með fallegri innréttingu úr birki. Stofur með góðri lofthæð og útgengi á svalir til vesturs. Milliloft sem býður upp á ýmsa möguleika. Endahús í botnlanga.
**Verð 42,9 millj.**




## Logaland 10. Endaraðhús.



**Eignin verður til sýnis
á morgun frá kl. 17.30-18.00**

Fallegt 211,9 fm. 6 herbergja endaraðhús á frábærum stað í Fossvogi. Húsið er á fjórum pöllum og hefur fengið mjög gott viðhald í gegnum tíðina. Stór stofa með arni og útgangi á svalir til suðurs. Þrjú herbergi auk sjónvarpshols þar sem hægt væri að útbúa herbergi í að hluta. Nýlega standsett baðherbergi. Fallegur suðurgarður með miklum trjágróðri. Nýtt þak og nýtt gler í öllu húsinu.

**Verð 58,5 millj.**
**Verið velkomin.**

## Álftamýri 22 - Reykjavík. 3ja herbergja íbúð




**Eignin verður til sýnis
frá kl. 17.15-17.45**

Falleg 75,8 fm. íbúð á 4. hæð að meðtalinni sér geymslu. Húsið var sprunguviðgert og málað árið 2013 og einnig skipt um allt gler í þessari íbúð. Svalir til suðurs út af stofu. Ljós innrétting í eldhúsi. Tvö herbergi. Staðsetning er frábær þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla.

**Íbúð merkt 0408.**
**Verið velkomin.**

## Kirkjulundur 12- Garðabæ. Fullbúin 4ra herb. útsýnisíbúð.






**Eignin verður til sýnis á morgun
frá kl. 17.30-18.00**

Glæsileg 129,0 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð með svölum til vesturs í 5 hæða glæsilegri nýbyggingu við Kirkjulund í Garðabæ auk 8,5 fm. geymslu í kjallara og sér bílastæðis í bílageymslu. Íbúðin er fullbúin og innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Innréttingar frá Fagus í Þorlákshöfn. Þrjú herbergi. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónstu. **Íbúðin er laus til afhendingar strax.**

**Verð 55,9 millj.**
**Íbúð merkt 0302.**
**Verið velkomin.**

## SÉRBÝLI



**HÆÐARBYGGÐ – GARÐABÆ**

294,3 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 57,3 fm. innbyggðum bílskúr á fallegum útsýnisstað. Eignin er þó nokkuð endurnýjuð. Fjögur rúmgóð barnaherbergi. Stórt eldhús með kamínu. Glæsileg stofa með fallegu útsýni og stórum arni. Hjónasvíta með fataherbergi og baðherbergi innaf. Hús að utan í góðu ástandi. Falleg ræktuð lóð með veröndum til suðurs **90,0 millj.**



**SPORÐAGRUNN – REYKJAVÍK.**

Glæsilegt 334,6 fm. einbýlishús á þremur hæðum auk um 30 fm. sólstofu. Sér 3ja herbergja íbúð er í kjallara, lítið niðurgrafin og með fullri lofthæð. Eignin er í góðu ásigkomulagi og hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á undanförnum árum. Nýlega endurnýjað baðherbergi. 24,5 fm. sérstæður bílskúr. Ræktuð lóð með hellulögn á baklóð. **89,0 millj.**

## SÉRBÝLI



**SÓLVALLAGATA. GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS.**

Fallegt einbýlishús sem er tvær hæðir auk kjallara á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Húsið er 235,5 fm. að stærð að meðtöldum 25,2 fm. bílskúr og hefur verið mikið endurnýjuð á undanförnum árum m.a. eldhús, baðherbergi, lagnir o.fl. Aukin lofthæð er í stofum. Skipt hefur verið um járn á öllu húsinu og nýr bílskúr byggður frá grunni 2006. Nýlega byggður sólpallur. Húsið var allt málað 2013. **75,9 millj.**



**MÓAFLÖT – GARÐABÆ**

Glæsilegt 210,4 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 48,8 fm. innréttuðum bílskúr á Flötunum í Garðabæ. Húsið var nánast allt endurnýjað hið innra og ytra fyrir ca. 5 árum síðan og er í mjög góðu ástandi. Gólfefni eru ný og gólfhitalagnir í öllu húsinu. Allar innréttingar, innihurðir, eldhús, baðherbergi og lýsing í loftum eru endurnýjuð. Rúmgóð setustofa, borðstofa og stór skáli. **Verð tilboð.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



**KEILUGRANDI - 5 HERB. ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ**

Mjög góð 106,0 fm. íbúð á efstu hæð (4. og 5. hæð) ásamt sér stæði í bílageymslu í vesturbæ Reykjavíkur. Útsýni til sjávar úr eldhúsi og stofu. Stofa með góðri lofthæð og svölum til suðurs. Tvö baðherbergi, bæði flísalögð. Fjögur herbergi. Skipt var um alla þakglugga árið 2006.

**42,0 millj.**



**GEITLAND – REYKJAVÍK. 4RA HERB. M/BÍLSKÚR.**

124,7 fm. björt og afar vel skipulögð íbúð á 2. hæð í nýviðgerðu fjölbýlishúsi auk 20,9 fm. bílskúrs. Rúmgóðar stofur með útgangi á skjólsælar svalir til suðurs. 3 herbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Húsið er nýlega viðgert og málað að utan. Gler í suðurhlið hússins er nýtt. Útsýni yfir Fossvoginn, að Bláfjöllum, Reykjanesi og víðar. <B> Virkilega falleg eign á frábærum stað í Fossvoginum. **40,9 millj.**




## Nýbýlavegur – Kópavogi. Gistiheimili í fullum rekstri.

174,2 m2 einbýlishús innst í botnlanga á fallegum stað við Arnartanga 16 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í góða stofu, eldhús með borðkrók, 5 svefnherbergi, baðherbergi m/ baðkari og sturtu, gestasalerni, sér þvottahús og bílskúr. **V. 43,9 m.**

### Brattholt 5 -270 Mosfellsbær



182,9 m2 einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr við Bratthólt 5 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, stóra stofu, eldhús, fjögur svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni og þvottahús. Bílskúr er með tveimur innkeyrsluhurðum. Falleg lóð, stór timburverönd með heitum potti.
**V. 48,5 m.**

### Klapparhlíð 24 - 270 Mos.



Mjög falleg 97,0 m2, 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Vinsæll staður stutt í skóla, leikskóla sund og líkamsrækt. Einnig er stutt á golfvöllinn. **V. 30,9 m.**

### Skipasund 18 - 104 Reykjavík




Tvíbýlishús með bílskúr við Skipasund 18 í Reykjavík. Eignin skiptist upp í tvær einingar, annarsvegar 96,8 m2 sérhæð með risi og 31,2 m2 bílskúr og hinsvegar í 66,9 m2 3ja herbergja íbúð í kjallara. Eignin selst í einu lagi. **V. 52,5 m.**

### Rauðarárstígur 23 - 105 Reykjavík



Höfum fengið í sölu 1825,8 fm eða 75,53 % fasteigninni að Rauðarárstíg 23, Reykjavík, en þar er útibú Arion banka til húsa ásamt hlutdeild í byggingarrétti og bílastæðum. Aðkoma að húsinu er mjög góð. Sá hluti sem verið er að selja er jarðhæð, 2. hæð, 3. hæð og kjallari.
**V. 490 m.**

### Krókabyggð 18 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 108 m2 raðhús við Krókabyggð 18 í Mosfellsbæ. Um er að ræða 96 m2 íbúð á jarðhæð ásamt 12 m2 rislofti sem er að grunnfleti mun stærra. Vinsæll staður. Timburverönd og garður í suður.
**V. 35,9 m.**

### Tröllateigur 24 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Rúmgóð og björt 151,4 m2, 4ra herbergja íbúð á 1. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í fallegu lyftuhúsi. Sérinngangur af opnum svalagangi og mjög stórar svalir. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu, hjónaherbergi með sér baðherbergi m/baðkari, tvö góð barnaherbergi, rúmgott eldhús, aðalbaðherbergi með sturtu og stórt þvottahús. Sér geymsla í kjallara. Einnig fylgir 10,9 m2 auka sérgeymsla sem er innaf stæði í bílageymslu. **V. 39,9 m.**

### Jötnaborgir 7 - 112 Reykjavík




**Opið hús fimmtudaginn 5 júní frá kl. 17:00 til 17:30**

Mjög fallegt 180,2 m2 parhús á tveimur hæðum með bílskúr á fallegum útsýnisstað við Jötnaborgi 7 í Grafarvogi. Eignin skiptist í forstofu, gestasalerni, stóra stofu/borðstofu og eldhús á efri hæð og sjónvarpshol, 2 barnaherbergi, baðherbergi, stórt hjónaherbergi m/ fataherbergi, þvotthús og geymsla á neðri hæð. **V. 49,5 m.**

## 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
Leifur Aðalsteinsson löggiltur fasteignasali | Kristín Sigurey Sigurðardóttir löggiltur fasteignasali




### Reynimelur - 107 Reykjavík



Mikið endurnýjað 101 fm parhús á einni hæð. Eignin skiptist í forstofu, gang, stofu, borðstofu, 3 svefnherbergi, eldhús, þvottaherbergi og geymslu. **V- 43,9 millj.**

### Meistaravellir - 107 Reykjavík



Mjög vel skipulögð 130fm 5 herb. endaíbúð á 1 hæð í Vesturbænum. Eignin skiptist í forstofu, 4 svefnherbergi, stofu, eldhús, þvottaherbergi, búr, baðherbergi og sér geymslu í kjallara. **V- 39,0 millj.**

### Fornhagi - 107 Reykjavík



Mjög skemmtileg 85,2 fm 3 herbergja íbúð á 1. hæð á þessum frábæra stað í Vesturbænum. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, 2 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og sér geymslu.

### Bollagata - 105 Reykjavík



Mjög skemmtileg og vönduð 95,9 fm efri hæð í þríbýli. Íbúðin skiptist í hol, stofu, borðstofu, 2 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og sér geymslu. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús. **V- 35,9 millj.**

### Biskupsgata - 113 Reykjavík



Mjög skemmtilegt 168,8 fm endaraðhús á einni hæð þar af 28,6 fm frístandandi bílskúrs í bílskúrslengju. Mikil lofthæð. Eignin skiptist í forstofu, hol / borðstofu, 4 sverfnh., stofu, eldhús, baðherbergi og þvottaherbergi. Góð timburverönd við suðurhlið húss. Stór grasivaxinn garður. **V-49,9 millj.**

### Hraunbær - 110 Reykjavík



Mikið endurnýjuð 123 fm íbúð á 3 hæð (efstu) í snyrtilegu fjölbýli. Aukaherbergi í kjallara. Íbúðin skiptist í forstofu/ hol, 3 svefnherbergi, stofu, edlhús, baðherbergi, þvottahús, auka herb.í kjallara, tilvalið til útleigu. Íbúðin er laus við kaupsamning. **V-26,9 millj.**

### Ásakór 9 - 203 Kópavogur



Mjög vel skipulögð þriggja herbergja íbúð í góðu fjölbýli. Stutt er í alla þjónustu til að mynda leikskóla, skóla, íþróttahús, sundlauga o.fl. Mjög góð og vel staðsett eign.
**V-34,5 millj.**

### Nönnubrunnur - 113 Reykjavík



Glæsilegar nýjar íbúðir í afar vönduðu nýju lyftuhúsi í Úlfarsárdal. Í húsinu eru 10 íbúðir. Stærðir frá 75,3 fm - 146,4 fm. Mikið útsýni. Úlfarsárdalur er náttúruperla í borginni sem liggur afar vel við samgöngum. Stutt í alla þjónustu s.s. verslun, skóla, leikskóla og íþróttaaðstöðu.

**Traust og góð þjónusta í 11 ár**

# Búseti auglýsir eftirfarandi búseturétti

Umsóknarfrestur til og með 10. júní kl. 16:00

Úthlutun 11. júní kl. 12:00

**BÚSETI**

Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar







**Breiðavík 7** íbúð 204
112 Reykjavík
**2. herb. 67,1 m2**
Afhending: Sem fyrst
**Búseturéttur hámark: 1.680.597.-**
**Búsetugjald: 93.001.-**
Mögulegt lán: 500.000.-*

**Trönuhjalli 17** íbúð 303
200 Kópavogur
**2. herb. 62,6 m2**
Afhending: Lok ágúst
**Búseturéttur hámark: 2.723.100.-**
**Búsetugjald: 109.755.-**
Mögulegt lán: 1.200.000,-*
**ATH: Nýuppgerð íbúð**

**Miðholt 3** íbúð 202
220 Hafnarfjörður
**3. herb. 90,4 m2**
Afhending: 1. júlí
Íbúð með tekjumarki
**Búseturéttur hámark: 2.120.416.-**
**Búsetugjald: 90.633,-***
Mögulegt lán: 600.000,-

**Lerkigrund 7** íbúð 301
300 Akranes
**4. herb. 102,7 m2**
Afhending: strax
**Búseturéttur hámark: 2.516.724.-**
**Búsetugjald: 149.803.-**
Mögulegt lán: 700.000,-*

Búsetugjald innifelur fjármagnskostnað, fasteignatryggingu, fasteignagjöld, hússjóð, þjónustugjald og framlag í í viðhaldssjóð. Fyrirvari um prentvillur og mögulegar breytingar á verði. Ofangreindir þættir taka mið af samþykktum félagsins og reglum.

* Lán sem kaupandi getur fengið hjá viðskiptabanka Búseta vegna kaupa á búseturétti. Háð samþykki og greiðslumati. Hægt er að velja verðtryggt eða óverðtryggt lán - hvort tveggja með breytilegum vöxtum. Hámarks lánstími 8 ár. Vextir eru í dag 4,15% og 7,10%.

**Búseti húsnæðissamvinnufélag**
Síðumúli 10 108 Reykjavík S:520 5788
www.buseti.is buseti@buseti.is


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...



# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið





# GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar


**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

## Rekagrandi 2 – 107 Reykjavík

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 2 JÚNÍ MILLI KL : 17:15- 18:00**






Mjög falleg og vel skipulögð 101fm 4ra herbergja endaíbúð á 2 hæð ásamt 13,7fm stæði í lokaðri bílageymslu, samtals : 114,7fm. Tvennar svalir. Endurnýjað eldhús. Mjög vinsæl staðsetning. **V-35,9millj.**
**Helgi Jónsson sölumaður verður á staðnum GSM : 780-2700.**

**FASTEIGNASALAN BYGGÐ**

# TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955



## Kjarnalundur, Akureyri

Til sölu Fasteignin Kjarnalundur í Kjarnaskógi. Samtals 45 gistiherbergi, böð eru á flestum þeirra auk stoðrýma. Eignin var í upphafi hönnuð sem heilsuhæli og hefur m.a. verið nýtt til hótelrekstur auk þess sem þar var rekið dvalarheimilið fyrir aldraða. Húsið er á þremur hæðum samtals 2.359 fm. að stærð. Lyfta er í húsinu. Laust nú þegar. **Verð 300 m.kr.**

**Björn Guðmundsson Löggiltur fasteignasali.**

**HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA**

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Hafnarsvæðið í Hafnarfirði – Fjárfesting




Nýkomið í einkasölu nýleg penthouse-skrifstofuhæð, efsta hæð, 5.hæð. 165 fm. í vönduðu lyftuhúsi. Ríkið er með hæðina í leigu næstu 8 árin.
Leiga 450.000 per.mánuð. **Verð 49,8 millj.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Jón sölustjóri s. 893 2233.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

**HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA**

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Bæjarhraun – Hafnarfjörður – Atvinnuhúsnæði
**Til leigu**




265 fm. . atvinnuhúsnæði á besta stað í Hafnarfirði. Innkeyrsludyr. Ágæt lofthæð. Tilvalið fyrir heildsölu, lager léttan iðnað ofl. Laust strax. Upplýsingar gefur Helgi sölustjóri s. 893 2233.

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**


SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Þjóðlagagítarpakki kr:23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125,www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.




## Verslun




**VINSÆLASTA UNAÐSTÆKI Í**

Allar flottustu vörurnar fáanlegar Millifærsla - greiðslukort - netgíró www.hush.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**

Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www. brokey.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Vantar borðstofuborð frá tímabilinu 1950-70. (teak) stólar komar líka til greina. uppl. í s. 8919694 Pétur.

## Dýrahald



Glæsilegir Schaferhvolpar úr Hlíðarendaræktun-tilbúnir til afhendingar ! M:Kolgrímu Energy Hólm(Aska), F:Xen av Quantos. Frábært par með mjög góðan sýningarárngur. Glæsileg, barngóð og ljúf í alla staði. Uppl.doladottir@gmail. com og 823-0811

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Í EITT ÁR**

Þriggja herbergja, 108 m2 nýlega innréttuð íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Leiguverð 185.000 á mán. + húsgjöld. Nánar á www.leiga.webs.com Sími 694 7820

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Fasteignir

Íbúð óskast til kaups. 3-4 herb. í RVK eða kóp. Verðbil frá 22-24 millj. staðgreitt. Uppls. sendist jors@mi.is

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**ERTU BROSMILDUR EINSTAKLINGUR MEÐ GÓÐA ÞJÓNUSTULUND ?**

Líflegt og skemmtilegt mötuneyti óskar eftir óskar eftir starfskrafti í hlutastarf.

**Uppl. sendist á thjonusta@365.is merkt „mötuneyti"**

TMÍ

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel sem aukastarf. Föst laun og bónusar í boði. Uppl gefur Ágúst í 770-2277 og agust@tmi.is






# SKOÐUN

Umhugsunarverð úrslit sveitarstjórnarkosninga:

## Áhugaleysi og lýðskrum

Tvennt stendur upp úr sem alvarlegt umhugsunarefni eftir sveitarstjórnarkosningarnar á laugardaginn.

Annars vegar er það hin litla kjörsókn. Hún er enn minni en fyrir fjórum árum og í Reykjavík minnkar hún um meira en tíu prósentustig. Þetta er til marks um áframhaldandi áhugaleysi og óþol almennings gagnvart pólitík. Í síðustu kosningum unnu Bezti flokkurinn og önnur ný framboð góða sigra. Í þetta sinn nær Björt framtíð fótfestu sums staðar, en aðeins broti af fylgi Bezta flokksins í Reykjavík. Niðurstaða Pírata er mun lakari en búizt var við. Jafnvel fólkið með nýju listana og nýju hugmyndirnar nær ekki að vekja áhuga stórs hluta kjósenda. Flokkarnir hljóta allir að þurfa að velta rækilega fyrir sér hvernig þeir nái betur til fólks, ekki sízt þeirra yngri.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Hins vegar hlýtur fólk að staldra við þá staðreynd að Framsóknarflokkurinn meira en þrefaldaði fylgi sitt á nokkrum dögum í höfuðborginni og náði inn tveimur borgarfulltrúum með því að ala á ótta við útlendinga. Það er tilbúningur að moskumálið hafi fyrst og fremst snúizt um lóðaúthlutun; það sannaðist í umræðum á Stöð 2 þegar oddviti framsóknarmanna slengdi því fram að ástæða væri til að hafa áhyggjur af þvinguðum hjónaböndum.

Með þögninni lagði forysta Framsóknar blessun sína yfir þessa aðferð til að krækja í fylgi og ekki verður annað séð en að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður flokksins sé hæstánægður með bæði aðferðina og útkomuna. Af því verður ekki dregin önnur ályktun en sú en að Framsóknarflokkurinn sé í leit sinni að fylgi kominn skrefinu lengra í átt að þeim þjóðernissinnaða lýðskrumsflokki, sem ýmsir hafa talið að hann væri að verða.

Þótt slík stefna skili fylgi, er spurning hvort henni fylgja áhrif til lengri tíma. Í mörgum nágrannalöndunum hafa flokkar af þessu tagi þótt nánast ósnertanlegir og aðrir forðazt að vinna með þeim. Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins velti því til dæmis upp hvað þögn forsætisráðherrans um moskuútspilið þýddi fyrir stjórnarsamstarfið. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir frjálslyndari sjálfstæðismenn.

Sjálfstæðisflokkurinn vann víða góða sigra en hans versta útkoma frá upphafi í Reykjavík dregur niður fylgið á landsvísu. Innbyrðis átök í flokknum skýra þá útkomu að miklu leyti. Fylgið tók augljóslega dýfu eftir að Sjálfstæðisflokkurinn gleymdi kosningaloforðum sínum og ákvað að fylgja Framsóknarflokknum í því að ætla að slíta aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Fleira þvældist fyrir flokknum í borginni; úrslit prófkjörs sem ekki endurspegluðu breiddina í flokknum og kosningabarátta þar sem sömu mistök voru gerð; að fela stefnumálin og fólkið sem helzt höfðaði til kjósenda á miðjunni. Á lokasprettinum lýstu gamlir leiðtogar flokksins í Reykjavík frati á baráttu hans og stefnu en tóku upp hanzkann fyrir Framsókn og fyrrverandi borgarstjóri útmálaði aðdáun sína á flokki Marine Le Pen í Frakklandi.

Það er ekki hægt að útiloka að hægra megin við miðju stjórnmálanna dragi sumir þá ályktun af kosningunum að til að vekja áhuga kjósenda sé bezt að höfða til lægstu hvata þeirra og ótta við hið óþekkta. Þá er íslenzk pólitík komin á hættulega braut.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gamli og nýi Dagur

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar, var frægur fyrir að svara í löngu og loðnu máli þegar hann var spurður að einhverju. Í sjónvarpsþættinum Eyjunni á Stöð 2 í gær viðurkenndi hann að í kosningabaráttunni hefði honum verið bent á að hann væri farinn að tala í frösum. Hann hefði því sett sér það markmið að breyta þessu. Menn veittu því athygli að eftir því sem leið á kosningabaráttuna var Dagur orðinn fremur stuttorður og gagnorður. Í sjónvarpsþætti korter í kosningar talaði hann sjálfur um að þar væri nýi Dagur að svara en ekki gamli Dagur.



### Ekki stjórntækur

Umræddur Dagur var landsföðurlegur þegar hann kom í þáttinn Stóru málin á Stöð 2 í gærkvöldi. Þar var farið yfir úrslit kosninganna og kosningabaráttan gerð upp. Afstaða Framsóknarflokksins til moskubyggingar í Reykjavík og innflytjenda var til umræðu. Dagur kom því skýrt og snarpt til skila að hann efaðist um að Framsóknarflokkurinn væri stjórntækur, hvort sem er í borginni eða á landsvísu. Flokkurinn yrði að skýra betur afstöðu sína í þessum málum.

### Stjórnmálamenn axli ábyrgð

Stjórnmálamenn og -fræðingar keppast við að finna skýringar á dræmri kosningaþátttöku almennings. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra er fyrrverandi borgarstjóri auk þess að vera gallharður talsmaður samræðustjórnmála. Hún var gestur í þættinum Eyjunni á Stöð 2 í gær þar sem þessi mál voru til umræðu. Hún sagði að nýir tímar kölluðu á breyttar aðferðir stjórnmálamanna við að ná til almennings. Hanna Birna sagði stjórnmálamenn verða að axla sinn hluta af ábyrgðinni á lélegri kjörsókn.



johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Raki, mygla – meinsemd, meðul

UMHVERFI



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Umræðan um vandamál af völdum raka og myglu í húsnæði hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Mannkyninu hefur enn ekki auðnast að vinna bug á þessari meinsemd þrátt fyrir miklar rannsóknir sem farið hafa fram á seinni tímum og þrátt fyrir hið flókna og umfangsmikla regluverk mannvirkjagerðar nútímans. Þetta gildir jafnt um Ísland sem og önnur lönd.

Ég fagna umræðu um þetta mikilvæga málefni. Rannsóknir á myndun myglu, vexti og áhrifum hennar á fólk spannar yfir mörg fræðasvið, s.s. byggingaverkfræði, líffræði og læknisfræði. Skoða þarf málið með heildstæðum hætti og vinnur umhverfis- og auðlindaráðuneytið í því að skipa þverfaglegan starfshóp sem mun fara vandlega yfir málið og skila tillögum að úrbótum sem miða m.a. að því að koma í veg fyrir raka og myglusveppi í íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Vöxtur myglu í híbýlum manna getur orsakast af mörgum samverkandi þáttum, svo sem raka, hitastigi, loftskiptum, byggingarefnum, hönnun, framkvæmd og jafnvel lífsstíl fólksins sem býr í húsnæðinu. Til að mynda skiptir loftraki í íbúðarhúsnæði verulegu máli því kjör-

**➜ Mannkyninu hefur ekki auðnast að vinna bug á þessari meinsemd þrátt fyrir miklar rannsóknir.**

aðstæður geta skapast innandyra á stöðum eins og baðherbergjum, þvottaherbergjum, kjöllurum, bílskúrum og víðar. Þá geta léleg loftskipti ýtt undir myndun myglusveppa og því þarf að gæta þess að útloftun eða loftræsting sé góð. Ef sveppurinn nær sér á strik getur hann haft neikvæð áhrif á heilsu fólks, sem er misberskjaldað fyrir áhrifum hans.

Jafnframt er mikilvægt að auka fræðslu og vitund fólks um þennan óboðna gest og það flókna samspil sem á sér stað í aðdraganda myglumyndunar. Sömuleiðis þarf að hvetja til rannsókna sem og efla gerð leiðbeininga vegna mannvirkjahönnunar og -gerðar. Skoða þarf hvort efla þurfi eftirlit með því að ákvæðum reglugerða á sviði byggingarmála sé framfylgt ásamt því hvort ástæða sé til að skerpa á lögum og reglum á viðkomandi sviði sem og lagaumhverfi vátrygginga og ábyrgðar. Því er brýnt að umræðan sé á þverfaglegum grunni svo heildstæð niðurstaða og lausn fáist til framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hinn tvíræði sigurvegari

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Hafi Samfylkingin verið ótvíræður sigurvegari í Reykjavík var Framsókn hinn tvíræði sigurvegari. Hún fór undan í flæmingi þegar knúið var á um skýr svör um moskumálið, sagði það sem hentaði hverju sinni, talaði tungum tveim en undirtextinn var ævinlega sá sami: Hér er múslimaógn sem enginn þorir að tala um nema við.

Á köflum mátti skilja málatilbúnaðinn sem svo að kosið væri um það hvort sett yrðu sjaríalög á næstunni og þess að vænta að farið yrði að höggva hendur af þjófum og drekkja konum fyrir hórdóm, eins og kristnir menn gerðu að vísu um aldir. Kosningabarátta Framsóknar í höfuðborginni var kaldrifjuð. Skeytingarleysið um málefni og raunveruleg úrlausnarefni í borginni var algjört.

Kannski kominn tími til að ræða „þessi mál", eins og það var orðað um daginn í málgagni Framsóknar, Reykjavíkurbréfi Moggans.

### Mannréttindi

Mannréttindi ná til allra. Þau eru líka handa „hinum". Þau eru líka handa fólki sem manni líkar ekkert sérstaklega vel við. Þau eru meira að segja handa alveg ómögulegu fólki, jafnvel beinlínis vondu fólki. Þau eru allsherjarregla. Þau eru ekki umbun fyrir góða hegðun heldur sjálfur grundvöllurinn sem þjóðfélag okkar hvílir á: við fæðumst til þeirra og þurfum að fyrirgera rétti okkar til þeirra með glæpsamlegri hegðun; erum þá sett á bak við lás og slá um skeið og öðlumst þau á ný þegar við erum frjáls. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því fyrirfram að við munum ekki eiga þau skilið. Og það er ekki hægt að láta kjósa um þau: meirihluti þegnanna getur ekki kosið um mannréttindi tiltekinna minnihlutahópa, eins og til-laga Framsóknar í moskumálinu var einhvern tímann farin að snúast um. Ég og vinir mínir í götunni getum ekki kosið um það hvort nýi nágranninn eigi að njóta þeirra. Hann hefur þau óháð vilja okkar og dyntum. Eins er það með trúmálin: Meðlimir Þjóðkirkjunnar geta ekki greitt atkvæði um það hvort eða hvernig til dæmis mormónum skuli leyft að starfa. Fari mormónar að lögum og reglum samfélagsins tryggir trúfrelsið þeim sama rétt og öðrum til þess að tigna sína guði – og boða þá – eins og þeir telja rétt að gera.

Þetta er reyndar prýðilega orðað í stefnuskrá Framsóknarflokksins: „Við berjumst fyrir mannréttindum, virðingu fyrir einstaklingnum og fjölskyldunni. Við höfnum hvers konar mismunun sem gerir greinarmun á fólki t.d. eftir kynþætti, kynferði, tungu, trú, þjóðerni, kynhneigð, búsetu eða stjórnmálaskoðunum. Við munum ávallt verja skoðana- og tjáningarfrelsi, trúfrelsi og friðhelgi einkalífs."

### „Kærleikurinn umber allt"

Frjálslyndi er eftirsóknarvert. Umburðarlyndi er dyggð. Það er ein meginstoð hins opna samfélags þar sem tekist er á um mál með rökræðum og deilur leiddar til lykta með lögformlegum hætti. Þetta táknar að við umberum fólk sem við skiljum ekki eða jafnvel þolum ekki. Að umbera eitthvað táknar ekki að maður samþykki það skilmálalaust eða afsali sér réttinum til að andæfa því, kjósi maður það, heldur hitt að maður viðurkennir rétt þess til að vera til. Manneskja getur til dæmis verið með blátt hár, sem okkur kann gersamlega að blöskra. Við getum samt sem áður ekki hringt í lögregluna og farið þess á leit við hana að hún skipi viðkomandi að vera með eðlilegt hár. Manneskja getur tilbeðið guð sinn með skringilegum kokhljóðum og afkáralegum hreyfingum. Okkur má alveg finnast það sprenghlægilegt og við megum tuða yfir því við kvöldmatarborðið, en við getum ekki bannað fólki að vera til á sínum eigin forsendum og við eigum að sýna því háttvísi. Þetta er umburðarlyndi – sem er dyggð. Það er ekki barnaskapur og það er ekki veiklyndi heldur útheimtir það staðfestu, þroska og hugrekki, að virða rétt annarra til að vera öðruvísi en maður sjálfur, berjast jafnvel fyrir honum. Í kosningabaráttunni heyrðist að kirkjur væru bannaðar í einhverjum Arabalöndum, sem að vísu er rangt, en þó svo væri: Þetta snýst um okkar samfélag og hvernig við ætlum að hafa það, og hér ríkir trúfrelsi.

Það er ekki dyggð í sjálfu sér að „segja eitthvað sem ögrar" eins og forsætisráðherra hrósar frambjóðanda sínum í Reykjavík fyrir; segi maður nógu frámunalega vitleysu gengur hún auðvitað fram af einhverjum, en það gefur vitleysunni ekki gildi í sjálfu sér að hafa gert það. Skoðanaglamur er eitt ofmetnasta fyrirbæri okkar tíma. Það er ekki dyggð að næra og nærast á minnimáttarkennd fólks sem þarf að upplifa virði sitt og sérleik sinn með neikvæðri upplifun á öðrum. Slíkt er lítilmannlegt. Og nú í byrjun 21. aldar eigum við ekki að standa í trúarbragðadeilum. Við eigum ekki að dæma aðra eftir sambandi þeirra – eða sambandsleysi – við guðdóminn. Samfélagið á að hafa sínar leiðir til að grípa inn í þegar trúarbrögð eru notuð til að misnota varnarlitla einstaklinga í slíkum hópum, kúga, áreita eða misbjóða með öðrum hætti, eins og ótal dæmi sanna að gerst hefur, þegar tilteknir einstaklingar taka sér vald yfir andlegu lífi margra annarra. Öll þau dæmi sem við þekkjum um slíkt eru hins vegar úr kristnum söfnuðum.

Enginn maður hér á landi hefur mér vitanlega krafist þess að tekin verði upp sjaríalög – og komi til þess skulum við bara svara viðkomandi með viðeigandi hætti þegar þar að kemur. Ekkert í framgöngu múslima á Íslandi réttlætir það gjörningaveður sem magnað hefur verið í kaldrifjuðum atkvæðaveiðum Framsóknar. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að íslensku samfélagi stafi frekari ógn af múslimum en til dæmis sudoku-iðkendum eða áhangendum Manchester United. Helsta ógnin við samfélagið kemur að innan og felst í fordómum, fáfræði, misskiptingu, ótta, andlegri leti, dómhörku, þröngsýni, eymennsku, minnimáttarkennd, neikvæðni, uppnámi og almennri geðvonsku.

# Yfirvöld koma í veg fyrir að ungt fólk flytji að heiman

HÚSNÆÐI



Ingvar S. Birgisson
formaður Heimdallar

Staðan er sú í dag að það er mun dýrara fyrir ungt fólk að flytja að heiman en á árum áður. Velmeinandi, en íþyngjandi, reglugerðir, lóðaskortur og háir skattar stuðla að háu húsnæðisverði svo erfitt er fyrir einkaaðila að koma til móts við þarfir ungs fólks sem vill hentugt húsnæði á viðráðanlegu verði.

### Reglugerðir

Á Íslandi er bannað að byggja hagkvæmar íbúðir. Reglugerðir sem settar hafa verið takmarka möguleika fólks á að byggja smáar og hagkvæmar íbúðir. Til að mynda þurfa að vera til staðar að minnsta kosti fjögurra fermetra svalir og geymsla, bílastæði, þvottaherbergi og sjö fermetra eldhús. Fjöldi byggingarreglugerða er efni í bók, en ekki pistil, svo ég læt þessi dæmi duga. Ekki leikur þó vafi á því að aflétta þarf og endurhugsa byggingarreglugerðir frá grunni. Stjórnmálamenn eiga ekki að ákveða fyrir fólk hvaða kostum íbúðir eiga að vera gæddar. Núverandi fyrirkomulag hækkar húsnæðisverð og dregur úr fjölbreytileika á húsnæðismarkaðnum.

### Lóðaskortur

Fyrir 15 árum var lóðaverð 4% af byggingarkostnaði fasteignar en í dag er sami kostnaðarliður 17%. Afleiðingin af þessu er hækkun fasteignaverðs. Borgaryfirvöld eiga ekki að búa til lóðaskort til að hækka lóðaverð borgarsjóði til hagsbóta. Ef við viljum ná húsnæðisverði niður er ljóst að borgaryfirvöld verða að auka framboð af lóðum.

### Lóða- og gatnagerðargjöld

Borguð eru jafnhá lóða- og gatnagerðargjöld vegna 35 fermetra húsnæðis og 135 fermetra húsnæðis, en vegna þess er hagstæðara að byggja stórt húsnæði fremur en smátt. Binda þarf lóða- og gatnagerðargjöld við fermetrafjölda íbúðar og búa þannig til hvata fyrir einkaaðila til að byggja íbúðir af öllum stærðum.

Þetta er ekki flókið. Hið opinbera gerir einkaaðilum ókleift að koma til móts við þarfir neytenda og notar það nú sem átyllu fyrir aukin afskipti af húsnæðismarkaðnum. Fjölga þarf íbúðum og lækka leiguverð – en ekki á kostnað skattgreiðenda.




*Mazda2 er sparneytinn, ótrúlega lipur og hagkvæmur í rekstri. Hann er búinn öflugri 1,3 lítra bensínvél sem þó eyðir einungis frá 4,3 l/100 km og fær frítt í stæði.* Mazda2 er áreiðanlegur, öruggur, vel búinn og frábær í endursölu. Taktu snúning á Mazda2, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.*

*MAZDA. DEFY CONVENTION.*

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda2 eyðir 4,3 l/100 km í langkeyrslu og fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1541** Ögmundur Pálsson, síðasti kaþólski biskupinn í Skálholti, er handtekinn og fluttur úr landi.

**1692** Bridget Bishop er fyrsta manneskjan sem er lögsótt í nornaréttarhöldunum í Salem í Massachusetts í Bandaríkjunum. Hún er sakfelld og hengd 10. júní.



HOSNI MUBARAK

**1835** P.T. Barnum og sirkusinn hans hefja fyrsta sýningaferðalagið um Bandaríkin.

**1867** Fyrsta íþróttafélag á Íslandi, Reykjavik Skydeforening, er stofnað.

**1896** Gugliemo Marconi sækir um einkaleyfi á nýjustu uppfinningu sína, útvarpið.

**1934** Dalvíkurskjálftinn verður kl. 12.43.

**1957** Dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík, Hrafnista, er tekið í notkun á tuttugasta sjómannadaginn.

**1979** Jón Páll páfi II. fer í opinbera heimsókn til föðurlands síns Póllands og er fyrsti páfinn sem heimsækir kommúnistaríki.

**2012** Hosni Mubarak, fyrrverandi forseti Egyptalands, er dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir sinn þátt í morði á mótmælendum í egypsku byltingunni árið 2011.

†



Útför ástkærrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**VALDÍSAR ÁRMANNSDÓTTUR**
**frá Siglufirði,**
**Æsufelli 6 í Reykjavík,**

sem lést 25. maí, verður gerð frá
Bústaðakirkju þriðjudaginn 3. júní kl. 13.00.

**Guðmundur Kristinn Jónsson**
**Halldóra Pétursdóttir**
**Sigurður Jónsson**
**Elísabet Þorvaldsdóttir**
**Valdís Björt Guðmundsdóttir**
**Pétur Mikael Guðmundsson**
**Sigurður Pálmi Sigurðarson**
**Þorvaldur Snær Sigurðarson**
**Brynjar Eyberg Sigurðarson**
**Angantýr Guðnason**







**ÞETTA GERÐIST:** 2. JÚNÍ ÁRIÐ 1997

## Timothy McVeigh dæmdur í fangelsi fyrir sprengjuárásina í Oklahoma

Timothy McVeigh var dæmdur í fangelsi fyrir sprengjuárásina á stjórnsýsluhúsið í Oklahoma í Bandaríkjunum á þessum degi árið 1997. Árásin átti sér stað árið 1995 en 168 létu lífið og yfir sex hundruð slösuðust. McVeigh og Terry Nichols voru fljótlega handteknir fyrir tilræðið. Þeir tilheyrðu öfgasamtökum sem börðust gegn því sem þeir álitu vera sósíalíska alræðisstjórn.

Sprengjuárásin var mannskæðasta hryðjuverkaárásin í Bandaríkjunum fyrir þann örlagaríka dag 11. september árið 2001 þegar ráðist var á Tvíburaturnana í New York.

McVeigh og Nichols bjuggu til ANNM-sprengju sem þeir komu fyrir í Ryder-jeppa. McVeigh lagði bílnum fyrir framan stjórnsýsluhúsið þann 19. apríl árið 1995 og sprakk sprengjan klukkan tvær mínútur yfir níu um morguninn, þegar flestir voru mættir til vinnu. Meðal þeirra sem létust voru nítján börn sem voru í daggæslu á annarri hæð byggingarinnar. McVeigh sagði að hann hefði ekki vitað af daggæslunni og hefði líklegast valið aðra staðsetningu ef honum hefði verið það ljóst. Nichols sagði hins vegar að þeir hefðu vitað af daggæslunni og staðið á sama um börnin. McVeigh sýndi engin merki um iðrun þegar hann var yfirheyrður.

„Til þeirra sem misstu ástvin í Oklahoma: Mér þykir þetta leitt en þetta gerist á hverjum degi. Þú ert ekki fyrsta móðirin til að missa barn eða fyrsti afinn eða amman til að missa barnabarn. Þetta gerist á hverjum degi einhvers staðar í heiminum. Ég ætla ekki að fara í réttarsalinn, leggjast í fósturstellinguna og gráta af því að fórnarlömbin vilja að ég geri það.“

McVeigh var tekinn af lífi árið 2001 en Nichols situr af sér margfaldan lífstíðardóm í fangelsi.

- lkg



# Stór sýning í stóru húsi

**Myndlistarfélagið Litka opnar sýningu í Hörpu í dag. Verkin á sýningunni eru í stærri kantinum en minnsta verkið er 150 sinnum 150 sentímetrar.**

„Við ætlum að opna þessa svakalegu stóru sýningu með því að kynna nýtt nafn félagsins og sýna hvað við erum orðin stórtæk. Þetta er stór sýning í stóru húsi,“ segir Hafdís Harðardóttir, formaður myndlistarfélagsins Litka. Félagið opnar sýningu í Hörpu í dag klukkan 17.30 með verkum sem eru í stærri kantinum en þau minnstu eru 150 sinnum 150 sentímetrar. Margir vildu taka þátt í sýningunni. Félagið gerði ráð fyrir um fimmtán listamönnum en það endaði með því að þrjátíu listamenn sýna á sýningunni sem var hún stækkuð talsvert.

Félagið var stofnað árið 2008 en hét þá Félag frístundamálara.

„Í upphafi voru um þrjátíu til fjörutíu félagar en nú erum við með tæplega tvö hundruð manns á félagalistanum. Við ákváðum á síðasta aðalfundi að breyta um nafn en félagið hét alltaf Félag frístundamálara. Okkur fannst það full gamaldags og misvísandi því fullt af fólki í félaginu hefur atvinnu af því að mála. Aðalmarkmiðið er að fólk hittist, kynnist, miðli og haldi sýningar. Margir treysta sér ekki að halda sýningu einir og komast ekki alls staðar inn en sem félag komumst við frekar inn á staði,“ segir Hafdís en saga er á bak við nafnið Litka.

„Litka þýðir að gæða eitthvað lit. Þetta er gamalt og gott íslenskt orð.“

Sýningin í Hörpu er í Flóa, rýminu á jarðhæðinni, og stendur hún til 16. júní. Á opnuninni fá gestir óvænta gjöf sem Hafdís vill ekki gefa upp hver er en segir að gjöfin sjálf skapi eins konar gjörning á sýningunni. Félagið hefur haldið um það bil tíu sýningar síðan það var stofnað fyrir fimm árum og blandar oft á tíðum gjörningalist við sýningarnar.

„Við höldum mismunandi sýningar. Stundum erum við með þema, eins og til dæmis haf eða Íslendinga. Núna höfðum við það algjörlega frjálst en lögðum áherslu á að hafa verkin stór. Við verðum með aðra sýningu í haust í galleríinu Art 67 á Laugavegi. Þar verða allar myndirnar þrjátíu sinnum þrjátíu sentimetrar og ætlum við síðan að búa til eina risastóra mynd úr verkunum,“ segir Hafdís sem hlakkar til að fagna nafnbreytingu félagsins í Hörpu í dag og lofar gestum mikilli litadýrð.

„Þetta er stærsta, dýrasta og viðamesta sýningin sem við höfum haldið.“

**liljakatrin@frettabladid.is**



**Litka þýðir að gæða eitthvað lit. Þetta er gamalt og gott íslenskt orð.**
*Hafdís Harðardóttir*

**FULL TILHLÖKKUNAR** Hafdís lofar mikilli litadýrð í Hörpu. MYNDÚR/EINKASAFNI

# Safnar fyrir námi með tónleikum

**Ágústa Dómhildur Karlsdóttir, líffræðinemi á 17. ári, ætlar í undirbúningsnám í Oxford og heldur söfnunartónleika 4. júní. Stórkanónur og kórar koma fram.**

„Ég hef fengið inngöngu í undirbúningsdeild Oxford-háskóla,“ segir Mosfellingurinn Ágústa Dómhildur Karlsdóttir sem er á sautjánda ári. „Námið er ekki lánshæft þetta fyrsta ár en kostar milljónir þannig að stofnaður hefur verið menntunarsjóður og mér og mömmu datt í hug að halda söfnunartónleika. Við höfum fengið frábæra listamenn til liðs við okkur.“

Tónleikarnir verða í Grensáskirkju miðvikudagskvöldið 4. júní klukkan 20. Þar koma fram þau Diddú, Egill Ólafsson, Greta Salóme og Jógvan og líka nokkrir kórar, að sögn Ágústu Dómhildar, sem telur upp Samkór Reykjavíkur, Kirkjukór Lágafellskirkju og Tindatríóið.

„Svo spila ég sjálf á fiðluna. Þetta verða svona klukkutíma langir tónleikar með skemmtilegri og fjölbreyttri dagskrá og það kostar 2.000 krónur inn,“ bætir hún við.

Ágústa Dómhildur kveðst hafa stundað fiðlunám í Mosfellsbæ í mörg ár og ætla að halda því áfram úti í Oxford þó aðaláherslan verði lögð á líffræðina. Hún segir undirbúningsnámið alþjóðlegt og flestir nemendur fari úr því yfir í toppháskóla í Oxford eða Cambridge.

Meðal þess sem Ágústa Dómhildur hefur afrekað með fiðluna að vopni er að safna rúmlega kvartmilljón fyrir Unicef, barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. Það hefur hún gert með því að spila niðri á Skólavörðustíg á Menningarnótt síðustu ár, nokkrar klukkustundir hverju sinni.

Þess má geta að nú hefur Ágústa Dómhildur líka gefið út disk sem verður til sölu á tónleikunum og víðar til ágóða fyrir menntunarsjóðinn. **gun@frettabladid.is**



**FIÐLUSTELPA** „Þetta verða svona klukkutíma langir tónleikar með skemmtilegri og fjölbreyttri dagskrá,“ segir Ágústa Dómhildur sem hefur fengið frábæra listamenn til liðs við sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




www.stodin.is



**KL. 20:00**

**Höfðingjar heim að sækja**

Eva Laufey heimsækir skemmtilega Íslendinga og eldar með þeim.

# Fjölbreytt mánudagskvöld

**KL. 20:20**

**Nashville**

Dramatískir þættir þar sem tónlistin leikur stórt hlutverk og fjalla um kántrí-söngkonuna Rayna James.




**KL. 21:05**

**Game Of Thrones**

Fjórða þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros.



**KL. 22:00**

**The Americans**

Önnur þáttaröðin um rússnesku njósnarana Phillip og Elizabeth Jennings sem njósna fyrir KGB á dögum Kalda stríðsins.



GULLSTÖÐIN | **KL. 20:35**

**Eldsnöggt með Jóa Fel**

Sjónvarpskokkurinn og bakarameistararinn Jói Fel deilir girnilegum uppskriftum af hjartans lyst.



Krakkastöðin | **KL. 07:00-20:00**

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**3 | KL. 21:40**

**The Vampire Diaries**

Þriðja þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem reynist vera vampíra.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | | 2 | 8 | | | | |
| | 2 | 6 | 4 | | | 7 | | |
| | | | 5 | | | | | 4 |
| 9 | | 7 | 1 | | 2 | | | 3 |
| 6 | | | | 5 | 8 | 4 | 9 | |
| | 5 | 2 | | | 9 | | | |
| 3 | | 8 | | | 1 | 9 | | |
| 1 | 9 | | | | | 3 | | |
| | | | | | 4 | 1 | 8 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 9 | | |
| | | 2 | | 3 | 5 | | 1 | 6 |
| | 3 | 4 | | 7 | | | 2 | 5 |
| 2 | 4 | | 9 | | 6 | 1 | | |
| | 6 | | | | 4 | | | |
| 8 | 9 | 1 | | 2 | | | | 4 |
| | | | 7 | | | | | 1 |
| | | | | 4 | | | 7 | |
| 4 | | | 1 | 9 | 3 | 6 | | 8 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | | 2 |
| 9 | | | 7 | | 8 | | 5 | 3 |
| | 7 | 4 | | | | | 8 | |
| | | | | | 3 | | 2 | |
| 7 | | | | | | | | 8 |
| | 3 | 2 | | | 1 | | | |
| | 8 | 3 | | 2 | | | | 6 |
| | | | | 1 | 4 | | | |
| 4 | | 7 | | | 6 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 9 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 |
| 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 8 | 4 | 6 |
| 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 9 | 5 | 2 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 8 | 5 | 3 | 1 | 7 |
| 2 | 7 | 6 | 5 | 9 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 8 | 5 | 1 | 6 | 4 | 3 | 2 | 7 | 9 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 7 | 2 | 1 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 7 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 | 4 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 7 | 8 | 3 | 2 | 1 |
| 2 | 3 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 | 8 | 7 |
| 5 | 6 | 9 | 2 | 8 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 8 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 3 | 1 | 7 | 5 | 9 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 7 | 4 | 3 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 5 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 6 | 2 | 5 | 7 |
| 5 | 6 | 2 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 |
| 8 | 1 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 3 |
| 4 | 7 | 6 | 3 | 1 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 1 | 5 | 9 | 8 | 7 | 2 | 3 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 8 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 1 |
| 6 | 8 | 4 | 9 | 3 | 1 | 7 | 2 | 5 |
| 3 | 2 | 1 | 4 | 5 | 7 | 6 | 9 | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**Pondus er farinn í sumarfrí en snýr aftur í ágúst.*

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

**„Góð rödd er ekki svo mikilvæg. Það er mikilvægara að hafa einstaka rödd.“**

*Stephen Malkmus*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** land, **6.** í röð, **8.** vefnaðarvara, **9.** næra, **11.** tveir eins, **12.** strengjahljóðfæri, **14.** skammt, **16.** pot, **17.** knæpa, **18.** skar, **20.** pfn., **21.** drykkur.

**LÓÐRÉTT**

**1.** vag, **3.** stefna, **4.** trjátegund, **5.** eyrir, **7.** klína, **10.** sigað, **13.** í viðbót, **15.** rótartauga, **16.** mælieining, **19.** fæddi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kúba, **6.** jk, **8.** tau, **9.** ala, **11.** rr, **12.** gítar, **14.** stutt, **16.** ot, **17.** krá, **18.** hró, **20.** ég, **21.** malt.

**LÓÐRÉTT: 1.** kjag, **3.** út, **4.** barrtré, **5.** aur, **7.** klístra, **10.** att, **13.** auk, **15.** tága, **16.** ohm, **19.** ól.



# Tilboðsdagar

## DAGANA 2.–13. JÚNÍ

**15%** AFSLÁTTUR — af öllum gjafavörum

**30–70%** AFSLÁTTUR — af völdum gjafavörum

**30–70%** AFSLÁTTUR — af völdum sýningarhúsgögnum

Kynntu þér sérpöntunarafsláttinn af glæsilegum húsgögnum frá heimsþekktum framleiðendum.

Minotti · ROLF BENZ · arper
COR · Poliform · SANCAL
KFF · GERVASONI · freistil

* Þeir sem versla á modern.is geta fengið vörurnar sendar heim gegn vægu gjaldi. Einnig er hægt að sækja vörurnar í verslun Módern, Hlíðasmára 1.


M-sófi 15% kynningarafsláttur
af nýjum áklæðum


TAKMARKAÐ MAGN
Elephant ruggustóll, hvítur
Verð 109.900 kr.
Verð áður 154.900 kr.


TAKMARKAÐ MAGN
Wave snúningsstóll, svart leður
Verð frá 199.900 kr.
Verð áður 249.900 kr.


ABC hillur 15% af sérpöntunum


FR175 hornsófi 264x164
Verð 399.900 kr. (tauáklæði, fimm litir)
Fullt verð 554.900 kr.


FR186 sófi 223 sm.
(tauáklæði, fimm litir)
Verð 269.900 kr.
Fullt verð 369.900 kr.


Lalinde sófaborð 20% afsláttur
ef keypt eru 2 borð eða fleiri


Eclipse sófaborð 20% afsláttur
ef keypt eru 2 borð eða fleiri


Maverick, leður, tveir litir / Verð 79.900 kr.
Fullt verð 107.900 kr.


Texas, svart leður / Verð 69.900 kr.
Fullt verð 114.900 kr.

LJÓS BLÁR
GRÁR
HVÍTUR
SVARTUR


Catifa 46 með viðarfótum, fjórir litir
Verð 44.900 kr.
Fullt verð 60.900 kr.


Secto viðarljós 30% afsláttur
af öllum ljósum með nature áferð


TAKMARKAÐ MAGN
Jazz sófi 232 sm svart leður / Verð 559.900 kr.
Fullt verð 809.900 kr.


Nido hægindastóll, leður / Verð 189.900 kr.
Fullt verð 254.900 kr.

PIPAR\TBWA - SÍA

# MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

SAMbio.is



| | | |
|---|---|---|
| **SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA** | | |
| EDGE OF TOMORROW | KL. 3D: 5:30 - 8 - 10:30 2D: 6:30 - 9 | 14 |
| EDGE OF TOMORROW VIP 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| GODZILLA 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 | 12 |
| GODZILLA 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| GODZILLA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 8 - 10:30 | 14 |
| A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| GODZILLA 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 | 12 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



| SMÁRABÍÓ | Aukakrónur 5% | |
|---|---|---|
| MILLION WAYS TO DIE… | KL 5.30 - 8 - 10.45 | 16 |
| MILLION WAYS TO DIE… LÚXUS | KL 10.45 | 16 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| X-MEN 3D | KL 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| X-MEN 3D LÚXUS | KL 5 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 - 8 - 10.30 | 14 |
| VONARSTRÆTI LÚXUS | KL 8 | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | KL 10.25 | 12 |
| THE OTHER WOMAN | KL 8 | 12 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | KL 3.20 | L |
| RIO 2 2D ÍSL TAL | KL 3.20 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | Aukakrónur 5% | |
|---|---|---|
| MILLION WAYS TO DIE… | KL 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 5.45 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 6 - 8 - 9 - 10.40 | 14 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 2D | KL 8 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL 6 | 7 |

Miðasala á: eMiði

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.

LAUGARÁSBÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | 5:30, 8, 10:30 | 16 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D | 6 | L |
| VONARSTRÆTI | 5:20, 8, 10:40 | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | 8, 10:10 | 12 |




**HAMINGJUSÖM** Ginnifer Goodwin og Josh Dallas eru orðin foreldrar.

# Eignaðist strák

Leikkonan Ginnifer Goodwin eignaðist dreng fyrir helgi en þetta er fyrsta barn hennar og eiginmannsins Josh Dallas. Ginnifer, sem er 36 ára, giftist Dallas í apríl en parið, sem kynntist við tökur á sjónvarpsþáttunum Once Upon A Time, trúlofaði sig í október. Það hefur því verið nóg að gera hjá hjónunum undanfarnar vikur. Talsmaður leikkonunnar greindi frá því að móður og barni heilsaðist vel en vildi ekki tjá sig nánar um fæðinguna.

# Vinnustaðakex

**BAKÞANKAR**
Berglind Pétursdóttir



**Á VINNUSTÖÐUM** er kex. Það er í reglugerðinni um vinnustaði. 1.gr. Á vinnustöðum skal vera kex. 2. gr. Kexið skal vera við hliðina á kaffivélinni. Það eru reyndar undantekningar frá þessu eins og flestu. Til dæmis þegar ég vann sem ballettkennari, þá var aldrei kex. En förum ekki nánar út í það hér.

**MEÐAN** ég bíð eftir því að kaffivélin urri út úr sér bragðlitlu kaffi gjóa ég augunum yfir að kexdisknum. Nokkur kex, mikil mylsna. Ég ætla ekki að fá mér. Kaffivélin hristist. Ennþá að mala baunirnar. Ég lít aftur á diskinn. Mikil mylsna þýðir að margir hafa fengið sér sem þýðir að þetta er gott kex. Þarna er líka diskur fullur af safaríkum melónusneiðum sem enginn hefur snert. Kaffivélin byrjar að sprauta. Ég hef sjálfsstjórn. Borðaði svo mörg kex í gær, ætla ekki að úða í mig aftur. Fæ mér bara eitt til að bíta í með kaffibollanum sem er nú tilbúinn. Tek tvö með mér til að hafa á skrifborðinu. Sting einu í viðbót upp í mig til að nasla á meðan ég labba upp stigann.

**VINNUSTAÐAKEX** er hættulegt. Sérstaklega á vinnustöðum þar sem maður situr allan daginn. Maður úðar í sig gómsætu kexi allan daginn, fyllir kransæðarnar af hveiti og deyr hægum dauðdaga í stólnum. Það er alveg hugglegt að bjóða upp á kex en vinnuveitendur, í samstarfi við umsjónarmenn kexpakka innan vinnustaðar, ættu að íhuga að láta starfsmenn vinna aðeins fyrir kexinu, til dæmis með því að láta þá fara í gegnum mjög erfiða Cross-Fit þrautabraut til þess að ná í kexið.

**VIÐ** skulum samt fara okkur að engu óðslega, engar vanhugsaðar skyndilausnir, takk. Lausnin á þessu máli er svo sannarlega ekki að víxla ávaxta- og kexdisknum svo ávextirnir séu nær. Hver nagar appelsínubát með kaffinu? Það er ekki í lagi.

**EN VINNUSTAÐAKEX** er víst hluti af hefðinni og Kalli gamli sem er búinn að vinna lengst á vinnustaðnum yrði fúll ef hætt yrði að bjóða upp á kex. Kex-meðvirkni. Séríslenskt dæmi.




**LJÓSBLEIKT** Smekklegt að bjóða upp á hanska í stíl við töskuna.



**Á HARÐAHLAUPUM** Tískumyndin er einstaklega glæsileg.




**STÍLHREIN** Þessi taska passar við allt.

# Nýjar töskur í tískumynd Dior

## Tískurisinn gefur aðdáendum sínum smjörþefinn af því sem koma skal.

Tískurisinn Dior er búinn að sýna þriðja hlutann af tískumyndinni sinni Secret Garden.

Sviðsmyndin er Versalir í París í Frakklandi og sjást fyrirsæturnar Daria Strokous, Fei Fei Sun og Katlin Aas hlaupa um höllina og garð hennar. Bera fyrirsæturnar fallegar handtöskur sem margir aðdáendur merkisins bíða eflaust spenntir eftir að fari í sölu.

Secret Garden-herferðin verður einnig í prentmiðlum og munu auglýsingar birtast til að mynda í japanska og franska Vogue í júní.

**- lkg**

Perlur

Einstakt uppboð á íslenskum meistaraverkum

mánudaginn 2. júní, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg




Verkin verða sýnd mánudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



**NÝR STARFSVETTVANGUR?** Leikarinn George Clooney er sagður vilja reyna fyrir sér í pólitík.

# Vill í pólitík

George Clooney er sagður vilja reyna fyrir sér í pólitík og segja heimildarmenn vestan hafs að hann hafi í hyggju að taka þátt í næstu þjóðarkosningum Bandaríkjanna. „Hann er með háleit markmið um að hasla sér völl í pólitíkinni. Hann vill kafa dýpra ofan í mannúðarmál og vonast eftir því að fara í framboð með demókrötum fyrir kosningarnar árið 2016,“ sagði heimildarmaður við dagblaðið Daily Mirror. Hann bætti því við að það myndi auka á trúverðugleika Clooneys að hafa kærustuna Amal Alamuddin sér við hlið ef hann færi í framboð en hún er virtur lögfræðingur.



**MIKILL HASAR** Tökuliðið vakti athygli á Klambratúni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**MJÚK LENDING** Ferðin var eflaust eftirminnileg fyrir parið heppna.

# Sjónvarpsstöðin Travel Channel elskar Ísland

**Tökulið þáttanna 1 Way Ticket eyddi átta dögum á Íslandi, þar af fjórum í tökur á þættinum. Stutt er síðan tökulið Booze Traveler tók upp þátt hér á landi.**

Tökulið þáttanna 1 Way Ticket eyddi hér átta dögum í síðasta mánuði, þar af fóru fjórir í tökur á þáttunum. Í þáttunum er pörum komið á óvart með ókeypis ferð til framandi staða. Þegar á staðinn er komið fylgja pörin vísbendingum sem leiða þau í æsispennandi ævintýri.

Þátturinn sem var tekinn hér upp er svokallaður „pilot“-þáttur og verður sýndur á sjónvarpsstöðinni Travel Channel á árinu. Tökuliðið tók upp við Þríhnjúkagíg, leyfðu parinu heppna að fara í vélsleðaferð á Langjökli og svamla um á „paddle board“ á Jökulsárlóni. Þá fór parið einnig í fallhlífarstökk á Klambratúni sem vakti mikla athygli vegfarenda en sérstakt leyfi þurfti fyrir stökkið.

Tökulið 1 Way Ticket var hér á vegum íslenska framleiðslufyrirtækisins Sagafilm en annað tökulið frá Travel Channel heimsótti land og þjóð fyrir stuttu, þá til að taka upp þáttinn Booze Traveler. Tökuliðið eyddi hér tíu dögum, með kynninn Jack Maxwell fremstan í fararbroddi. Sá hefur leikið í sjónvarpsþáttum á borð við 24, Lost, House og Ugly Betty. Kynnti tökuliðið sér íslenska vínmenningu en þátturinn verður sýndur í sumar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru ekki fleiri verkefni fyrirhuguð hjá Travel Channel á Íslandi en greinilegt að forsvarsmenn stöðvarinnar eru afar hrifnir af landinu.

liljakatrin@frettabladid.is





ORKUBÚNT
FUJITSU GÆÐARAFHLÖÐUR

Fujitsu alkaline rafhlöðurnar eru öflugar, endast vel og eru auðvitað á góðu verði.

Fást í fjölda verslana um land allt. Dreifing á Íslandi:

VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c · 104 Reykjavík · Sími 550 8500 · Fax 550 8510 · vv@vv.is · www.vv.is






Eyðir aðeins frá 3,6 lítrum á hundraðið

Nútímatækni og hönnun hefur ekki einungis skilað mögnuðum gæðabíl, heldur er hann **einn sparneytnasti fjöldaframleiddi dísilbíll í heimi**. Magn **$CO_2$ í útblæstri er einnig mjög lítið** svo hann fær **frítt í stæði í Reykjavík** í 90 mínútur í senn. Að sjálfsögðu er **7 ára ábyrgð** á nýjum Kia Rio, svo hún **gildir til ársins 2021**.

**Komdu og reynsluaktu, við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **2.590.777 kr.** Rio 1,1 dísil

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-0134

## HM Í FÓTBOLTA Í BRASILÍU
**10 DAGAR** Í FYRSTA LEIK



**TVEIR LEIKMENN** hafa að margra mati unnið HM í fótbolta nánast upp á eigin spýtur, Brasilíumaðurinn Garrincha á HM í Síle 1962 og Argentínumaðurinn Diego Maradona á HM í Mexíkíó. Garrincha var með 4 mörk og 3 stoðsendingar á HM 1962 en hann skoraði tvö mörk í sigri á Englandi í 8 liða úrslitunum og tvö mörk í sigri á Síle í undanúrslitunum. Maradona var með 5 mörk og 5 stoðsendingar í sjö leikjum Argentínu 1986 og átti því beinan þátt í 10 af 14 mörkum liðsins. Maradona skoraði öll mörkin 8 liða úrslitunum (2-1 sigur á Englandi) og undanúrslitum (2-0 sigur á Belgíu) auk þess að leggja upp sigurmarkið fyrir Jorge Burruchaga í úrslitaleiknum.

## Góður heildarbragur á varnarleik íslenska liðsins

**HANDBOLTI** Ísland vann fimm marka sigur á Portúgal, 33-28, í fyrsta æfingaleik liðanna af þremur hér á landi. Leikurinn fór fram á Ísafirði en liðin mætast í Mosfellsbæ í kvöld og Austurbergi á morgun.

Bjarki Már Elísson var einn þeirra leikmanna sem fengu tækifæri með landsliðinu í gær og hann nýtti það með því að skora átta mörk úr tíu skotum. Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari var ánægður með niðurstöðuna.

„Það var fínt að fá þennan leik til að slípa til vörnina en það var engu að síður ágætur heildarbragur á henni,“ sagði Aron við Fréttablaðið í gær. „Sóknarleikurinn var kaflaskiptur og við létum verja of oft frá okkur úr dauðafærum. Við þurfum stundum að sýna meiri þolinmæði í okkar leik en það var engu að síður gott að klára leikinn með fimm marka sigri.“

Aron hrósaði heimamönnum á Ísafirði fyrir góða umgjörð. „Það var vel mætt og sumir komnir einum og hálfum tíma fyrir leik. Ég þakka Ísfirðingum fyrir frábæra skemmtun,“ sagði þjálfarinn.

Leikurinn í Mosfellsbæ hefst klukkan 19.00 í kvöld. **- esá**



**ARON KRISTJÁNSSON**

## Jón Axel og Sylvía best

Eitt gull og eitt silfur á Norðurlandamótinu í Solna.

**KÖRFUBOLTI** Ísland átti fjögur yngri landslið á Norðurlandamótinu sem lauk í Solna í Svíþjóð um helgina. U16-lið kvenna vann alla sína leiki og varð því Norðurlandameistari en Sylvía Hálfdánardóttir var valin besti leikmaður mótsins.

U-18 lið karla varð í öðru sæti og Jón Axel Guðmundsson, leikmaður Grindavíkur, fékk sömu viðurkenningu og Sylvía. U-18 lið kvenna og U-16 liða karla lentu svo bæði í fjórða sæti í sínum flokkum.

Alls áttu Íslendingar fimm leikmenn í úrvalsliðum mótsins. **- esá**

MANCHESTER UNITED
ICELAND

Aðalfundur

Aðalfundur stuðningsmannaklúbbs Manchester United á Íslandi verður haldinn fimmtudagskvöldið 12. júní 2014 kl. 20.
Fundurinn fer fram í sal félagsheimilis Sjálfstæðismanna í Mjódd, Álfabakka 14a.
Atkvæðarétt á aðalfundi hafa þeir sem greitt hafa ársgjaldið 2013 - 2014.

**Dagskrá**
1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnarmanna
6. Önnur mál

Stjórnin

# Þolinmæðin mikilvæg

Ragnar Már Garðarsson, GKG, hefur unnið tvö fyrstu mót sumarsins á Eimskipsmótaröðinni í golfi. Hann bætti vallarmetið á Hellu á lokahringnum í gær.

**GOLF** „Það koma dagar þar sem maður dettur í „zone-ið“. Þá vill allt ganga upp hjá manni,“ sagði Ragnar Már Garðarsson, kylfingur úr GKG, við Fréttablaðið í gær eftir að hann tryggði sér glæstan sigur á öðru móti sumarsins á Eimskipsmótaröðinni en það fór fram á Hellu í gær.

Aðstæður voru erfiðar á Hellu um helgina og kylfingar náðu ekki sínu besta fram fyrstu tvo keppnisdagana. Besti dagurinn var á lokadeginum í gær og þá hrökk Ragnar Már í gírinn. Hann spilaði á 62 höggum, átta undir pari vallarins, og bætti vallarmet Ólafs Björns Loftssonar um eitt högg. Hann fékk alls níu fugla en hringurinn dugði honum til að sigra á mótinu með tveggja högga forystu á Gísla Sveinbergsson, GK, sem varð annar.

### Sló mjög vel

„Ég tók bara eina holu í einu og spilaði hana eins vel og ég gat,“ sagði hinn hógværi Ragnar Már en hann er á nítjánda aldursári. „Ég var að slá mjög vel, bæði hélt mér á braut og setti nálægt pinna í innáhögginu. Púttin gengu líka vel og þá komu fuglarnir,“ segir hann en Ragnar vann einnig fyrsta mót ársins um síðustu helgi, einnig eftir öflugan lokahring.

Hann segist hafa unnið mikið í því að styrkja andlega þáttinn í sínu spili. „Ég reyni að vera mjög þolinmóður því það er helsti áhættuþátturinn. Ég hef unnið í þessu með þjálfara mínum og það hefur hjálpað til,“ segir Ragnar.

Hann segir að árangurinn hafi komið nokkuð á óvart. „Markmiðin voru bara að vera ofarlega í mótunum og gera mitt besta. Hitt kom bara að sjálfu sér og ég vona bara að ég nái að halda mínu striki.“

Ragnar er þrátt fyrir ungan aldur kominn í háskólanám í Bandaríkjunum en hann hélt utan síðasta haust eftir að hafa klárað verslunarpróf frá VÍ. „Það gekk mjög vel úti,“ segir hann. „Námið gekk vel og golfið var upp og niður, eins og það vill oft vera. En liðinu mínu gekk vel og skólinn náði sínum besta árangri í tíu ár.“



**SLÆR TIL SIGURS** Ragnar Már á Strandavelli í gær en þá bætti hann vallarmetið með því að koma í hús á 62 höggum. MYND/GSÍ

> **Ég tók bara eina holu í einu og spilaði hana eins vel og ég gat.**
>
> *Ragnar Már Garðarsson, GKG*

### Fyrsti hringurinn í barnavagni

Ragnar þekkir vel til á Hellu en faðir hans er frá Hvolsvelli og fór oft með hann á þennan völl.

„Ég fór minn fyrsta golfhring hér en þá var ég reyndar í barnavagni,“ segir Ragnar í léttum dúr. „Svo spilaði ég mikið hér sem krakki og þykir því vænt um að hafa bætt vallarmetið. Það var mjög skemmtilegt.“

**eirikur@frettabladid.is**



Granítheliur

Steypustöðin býður upp á mikið úrval af fallegum hellum og mynstursteypu fyrir heimili, garða, göngustíga og bílaplön.

YFIR 20 TEGUNDIR AF HELLUM

4 400 400
Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is



**MAGNAÐUR** Mattias Andersson, markvörður Flensburg, var maður úrslitaleiksins en hann lokaði markinu á löngum köflum í síðari hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Aron bestur en Flensburg vann

## Ólafur Gústafsson og félagar í Flensburg komu öllum í opna skjöldu í Kiel.

**HANDBOLTI** Flensburg varð um helgina Evrópumeistari í handbolta eftir að hafa borið sigur úr býtum í Meistaradeild Evrópu. Undanúrslitin og úrslitin fóru fram í Köln en Flensburg, sem varð í þriðja sæti í þýsku úrvalsdeildinni í vetur, gerði sér lítið fyrir og lagði Barcelona í undanúrslitum og svo Kiel í úrslitaleiknum í gær, 30-28.

Vonbrigðin voru mikil fyrir lærisveina Alfreðs Gíslasonar en landsliðsmennirnir Aron Pálmarsson og Guðjón Valur Sigurðsson voru meðal markahæstu leikmanna Kiel í gær. Aron var svo valinn mikilvægasti [e. MVP] leikmaður úrslitahelgarinnar en það er mikil viðurkenning fyrir kappann.

„Það var æðislegt að fá að kveðja félagið með þessum hætti," sagði Ólafur Gústafsson sem fer til Álaborgar í Danmörku í sumar eftir tæplega tveggja ára dvöl í Flensburg. Hann kom þó ekkert við sögu í leikjunum um helgina. „Ég var alltaf til staðar þegar félagið þurfti á mér að halda og geng sáttur frá borði."

Ólafur segir að Flensburg hafi nálgast leikina með því hugarfari að þeir hefðu engu að tapa. „Það var létt og góð stemning í hópnum og menn voru tilbúnir að gefa allt sem þeir áttu í þetta. Markvörðurinn okkar, Mattias Andersson, vann svo þetta fyrir okkur."

Guðjón Valur Sigurðsson var að spila í Köln fjórða árið í röð en þarf að bíða eitthvað lengur eftir fyrsta titlinum í Meistaradeildinni. Leikurinn í gær var hans síðasti með Kiel en hann hefur verið sterklega orðaður við Barcelona á Spáni.

- esá

**Þór 1-1 ÍBV**
**Þórsvöllur**
Áhorf: 652
**Erlendur Eiríksson (5)**

**Mörkin:** 0-1 Brynjar Gauti Guðjónsson (38.), 1-1 Kristinn Þór Björnsson (90.).

**ÞÓR (4-3-3):** Sandor Matus 5–Shawn Nicklaw 6 , Atli Jens Albertsson 5 (78. Sigurður Marino Kristjánsson -), Orri Freyr Hjaltalín 5, Ármann Pétur Ævarsson 5–Hlynur Atli Magnússon 6, Sveinn Elías Jónsson 5, Jónas Björgvin Sigubergsson 5–Jóhann Þórhallsson 5 (64. Kristinn Þór Björnsson 6), Jóhann Helgi Hannesson 5, Þórður Birgisson 6.

**ÍBV (4-3-3):** Abel Dhaira 6–Jökull I Elísabetarson 6, ***Brynjar Gauti Guðjónsson 7** (90. Óskar Zoega Óskarsson -), Eiður Aron Sigurbjörnsson 6, Matt Garner 6–Dean Martin 3, Gunnar Þorsteinsson 5, Víðir Þorvarðarsson 5–Jonathan Glenn 6, Dominic Adams 5 (70. Bjarni Gunnarsson -), Arnar Bragi Bergsson 5 (89. Ian Jeffs -).

**Skot (á mark):** 12-7 (7-6) **Horn**: 6-5

**Varin skot:** Matus 4 - Dhaira 6

**Keflavík 1-1 Fjölnir**
**Nettóvöllurinn**
Áhorf: 919
**Þóroddur Hjaltalín (6)**

**Mörkin:** 1-0 Hörður Sveinsson (68.), 1-1 Christopher Paul Tsonis (83.).

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Jonas Sandqvist 7 - Unnar Már Unnarsson 6 (65. Andri Fannar Freysson 5), ***Halldór Kristinn Halldórsson 8**, Haraldur Freyr Guðmundsson 7, Magnúr Þórir Matthíasson 6 - Paul McShane 6 (73. Frans Elvarsson -), Sindri Snær Magnússon 6, Jóhann Birnir Guðmundsson 7 - Magnús Sverrir Þorsteinsson 4 (59. Theodór Guðni Halldórsson 5), Bjoan Stefán Ljubicic 6, Hörður Sveinsson 6.

**FJÖLNIR (4-3-3):** Þórður Ingason 6 - Gunnar Valur Gunnarsson 6, Haukur Lárusson 6, Bergsveinn Ólafsson 6, Matthew Ratajczak 6 - Illugi Gunnarsson 5, Gunnar Már Guðmundsson 6, Gumundur Karl Guðmundsson 5 (85. Júlíus Orri Óskarsson -) - Ragnar Leósson 7, Aron Sigurðarson 5 (58. Christopher Paul Tsonis 7), Þórir Guðjónsson 5 (68. Einar Karl Ingvarsson 5).

**Skot (á mark):** 10-18 (4-6) **Horn**: 6-9

**Varin skot:** Sandqvist 5 - Þórður 3

**FH 1-0 Víkingur**
**Kaplakrikav.**
Áhorf: 1.167
**Örvar Sær Gíslason (6)**

**Mörkin:** 1-0 Atli Viðar Björnsson (74.).

**FH (4-3-3):** Róbert Örn Óskarsson 7 - Sean Reynolds 5, Pétur Viðarsson 6, ***Kassim Doumbia 8**, Böðvar Böðvarsson 6 - Hólmar Örn Rúnarsson 6 (70. Sam Hewson 6), Davíð Þór Viðarsson 5, Emil Pálsson 5 - Ólafur Páll Snorrason 4 (70. Ingimundur Níels Óskarsson 6), Atli Guðnason 6, Atli Viðar Björnsson 7.

**VÍKINGUR (4-3-3):** Ingvar Þór Kale 8 - Kjartan Dige Baldursson 6 (46. Aron Elís Þrándarson 7), Tómas Guðmundsson 6, Alan Lowing 7, Halldór Smári Sigurðsson 6 - Igor Taskovic 7, Kristinn Magnússon 6, Arnþór Ingi Kristinsson 4 (46. Agnar Darri Sverrisson 5) - Dofri Snorrason 6, Todor Hristov 4 (70. Ívar Örn Jónsson 5), Pape Mamadou Faye 6.

**Skot (á mark):** 15-8 (9-1) **Horn**: 9-3

**Varin skot:** Róbert Örn 1 - Ingvar Þór 7

## PEPSI-DEILDIN 2014

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 6 | 4 | 2 | 0 | 8-2 | 14 |
| Stjarnan | 5 | 3 | 2 | 0 | 8-5 | 11 |
| Keflavík | 5 | 3 | 1 | 1 | 7-3 | 10 |
| Fjölnir | 5 | 2 | 3 | 0 | 9-5 | 9 |
| Valur | 5 | 2 | 2 | 1 | 9-7 | 8 |
| KR | 5 | 2 | 1 | 2 | 5-5 | 7 |
| Víkingur | 6 | 2 | 1 | 3 | 5-8 | 7 |
| Fylkir | 5 | 2 | 0 | 3 | 7-11 | 6 |
| Fram | 5 | 1 | 2 | 2 | 7-9 | 5 |
| Þór | 6 | 1 | 1 | 4 | 11-13 | 4 |
| Breiðablik | 5 | 0 | 3 | 2 | 5-8 | 3 |
| ÍBV | 6 | 0 | 2 | 4 | 5-10 | 2 |

### NÆSTU LEIKIR

**Í kvöld**: 19.15 Valur - Fylkir, KR - Fram. 20.00 Breiðablik - Stjarnan (Stöð 2 Sport).

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins



## Í KVÖLD

**Stöð 2 kl. 20**

### Höfðingjar heim að sækja



Vandaðir þættir með Evu Laufeyju Kjaran Hermannsdóttur þar sem hún heimsækir þjóðþekkta Íslendinga. Viðmælendurnir eru sannkallaðir sælkerar og eru flestir þekktir fyrir eitthvað allt annað en eldamennsku. Þeim líður engu að síður dásamlega heima í eldhúsinu að undirbúa gómsætar kræsingar handa fjölskyldu og vinum.



**Game of Thrones**

**STÖÐ 2 KL. 21.05** Fjórða þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.



**Limitless**

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.15** Æsispennandi og stórgóð mynd um rithöfund, sem öðlast ómennska hæfileika eftir að hann tekur nýtt eiturlyf. En aukaverkanirnar eru ekki eins jákvæðar. Með aðalhlutverk fara Bradley Cooper, Anna Friel og Robert De Niro.



**Two and a Half Men**

**STÖÐ 2 GULL KL. 19.45** Hér er á ferðinni sjötta þáttaröðin um Charlie, fertugan piparsvein sem nýtur mikillar kvenhylli og hefur gert það gott með því að semja auglýsingastef. Bróðir hans, Alan, flutti inn á hann þegar hann skildi við eiginkonu sína og deila þau forræði yfir syninum.

**Léttbylgjan kl. 15-19**

### Erna Hrönn



Söng- og útvarpskonan Erna Hrönn spilar þægilega og ljúfa tónlist fyrir þig alla mánudaga frá kl. 15-19.






### STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm In The Middle** *(8:22)*
**08.30** **2 Broke Girls** *(1:24)*
**08.50** **Anger Management** *(1:10)*
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors** *(162:175)*
**10.15** **Smash** *(13:15)*
**10.55** **Falcon Crest** *(18:28)*
**11.45** **Perfect Couples** *(10:13)*
**12.10** **I Hate My Teenage Daughter** *(11:13)*
**13.00** **The X-Factor US** *(23:26)*
**14.25** **ET Weekend** *(37:52)*
**15.10** **Ofurhetjusérsveitin**
**15.35** **Villingarnir**
**16.00** **Frasier** *(22:24)*
**16.25** **Mike & Molly** *(20:23)*
**16.45** **How I Met Your Mother** *(22:24)*
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(3:22)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Mindy Project** *(1:24)*
**19.35** **The Goldbergs** *(5:23)*
**20.00** **Höfðingjar heim að sækja**
**20.20** **Nashville** *(14:22)*
**21.05** **Game Of Thrones** *(8:10)*
**22.00** **The Americans** *(13:13)*
**22.45** **Vice** *(8:12)*
**23.15** **Anger Management** *(9:22)*
**23.40** **The Mentalist** *(22:22)*
**00.25** **The Smoke** *(8:8)*
**01.10** **Veep** *(4:10)*
**01.35** **Boss** *(10:10)*
**02.35** **American Horror Story** *(8:12)*
**03.20** **Philadelphia**
**05.25** **Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00** **Indiana - Miami** *(Game 7)*
**12.15** **Meistaraeildin í handbolta: Úrslitaleikur**
**13.35** **Meistaradeildin í handbolta: 3. sætið**
**14.55** **Ítalía** Útsending frá Moto GP á Ítalíu.
**15.55** **Demantamótin**
**17.55** **Indiana - Miami** *(Game 7)*
**19.45** **Breiðablik - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Pepsí deild karla í knattspyrnu.
**22.00** **Pepsímörkin 2014**
**23.15** **Breiðablik - Stjarnan**
**01.00** **San Antonio – Oklahoma** *(Game 7)* Bein útsending frá leik San Antonio og Oklahoma í NBA.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**12.00** **Liverpool - Chelsea**
**13.45** **England - Brasilía**
**15.30** **Man. Utd. - Chelsea**
**17.10** **Suður-Kórea - Ítalía**
**19.45** **Man. Utd - Liverpool / HD**
**21.30** **Season Highlights 2013/2014**
**22.30** **Premier League World**
**23.00** **Liverpool - Chelsea**

### ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar Frumkvöðlagróska sem aldrei fyrr. **20.30** Heilsa og hollustu Sölvi Tryggvason um streitu og slökun 2.6 **21.00** Vafrað um Vesturland Friddi og Halli í heimabyggð **21.30** Stormað um Hafnarfjörð Siggi Stormur með vikulegar Gaflarafréttir

### STÖÐ 3

**17:30** **Grand Designs**
**18:20** **Hart Of Dixie**
**19:00** **Take the Money and Run**
**19:45** **Bleep My Dad Says**
**20:05** **Time of Our Lives** *(2/13)* Dramatískir þættir sem fjalla hið daglega líf og hin ýmsu vandamál sem einstaklingar á öllum aldri og úr öllum stigum þjóðfélagsins glíma við.
**21:00** **Glee 5** *(18/20)*
**21:45** **The Vampire Diaries** *(17/22)*
**22:25** **Pretty Little Liars**
**23:10** **Nikita**
**23:50** **Southland**
**00:30** **Take the Money and Run**
**01:15** **Bleep My Dad Says**
**01:35** **Time of Our Lives**
**02:30** **Glee 5**
**03:15** **The Vampire Diaries**
**04:00** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### Krakkastöðin

**07.00** Lukku láki **07.25** Ljóti andarunginn og ég **07.47** Tommi og Jenni **07.55** Leyndarmál vísindanna **08.00** Brunabílarnir **08.23** Latibær **08.47** Gulla og grænjaxlarnir **09.00** Könnuðurinn Dóra **09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.45** Doddi litli og Eyrnastór **09.55** Sumardalsmyllan **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveins **10.45** Ævintýraferðin **10.55** UKI **11.00** Lukku láki **11.22** Ljóti andarunginn og ég **11.44** Tommi og Jenni **11.51** Leyndarmál vísindanna **12.00** Brunabílarnir **12.23** Latibær **12.47** Gulla og grænjaxlarnir **13.00** Könnuðurinn Dóra **13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Sumardalsmyllan **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveins **14.45** Ævintýraferðin **14.55** UKI **15.00** Lukku láki **15.22** Ljóti andarunginn og ég **15.44** Tommi og Jenni **15.51** Leyndarmál vísindanna **16.00** Brunabílarnir **16.23** Latibær **16.47** Gulla og grænjaxlarnir **17.00** Könnuðurinn Dóra **17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Doddi litli og Eyrnastór **17.55** Sumardalsmyllan **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveins **18.45** Ævintýraferðin **18.55** UKI **19.00** Ísöldin II **20.30** Sögur fyrir svefninn

### GULL

**18.05** **Strákarnir**
**18.35** **Friends** *(14:24)*
**19.00** **Seinfeld** *(10:21)*
**19.25** **Modern Family**
**19.45** **Two and a Half Men** *(23:24)*
**20.10** **Sjálfstætt fólk**
**20.35** **Eldsnöggt með Jóa Fel** *(4:12)*
**21.00** **The Killing** *(11:13)*
**21.40** **Sisters** *(2:22)*
**22.25** **The Newsroom** *(5:10)*
**23.20** **Rita** *(1:8)*
**00.05** **Lærkevej** *(9:10)*
**00.45** **Sjálfstætt fólk**
**01.10** **Eldsnöggt með Jóa Fel** *(4:12)*
**01.35** **The Killing** *(11:13)*
**02.20** **Sisters** *(2:22)*
**03.05** **The Newsroom** *(5:10)*
**03.50** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### BÍÓ

**11.40** **Charlie and the Chocolate Factory**
**13.35** **I Don't Know How She Does It**
**15.05** **Limitless**
**16.50** **Charlie and the Chocolate Factory**
**18.45** **I Don't Know How She Does It**
**20.15** **Limitless**
**22.00** **Contagion**
**23.45** **Green Street Hooligans 2**
**01.20** **Son Of No One**
**02.55** **Contagion**

### RÚV

**16.35** **Herstöðvarlíf** *(15:23)*
**17.20** **Ævintýri Berta og Árna** *(27:52)*
**17.25** **Grettir** *(32:46)*
**17.38** **Engilbert ræður** *(65:78)*
**17.46** **Fisk í dag**
**17.55** **Hrúturinn Hreinn**
**18.10** **Táknmálsfréttir**
**18.20** **Ferðastiklur** *(8:8) (Reykjarfjörður) (e)*
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Sjómannslíf** *(2:3) (Kapphlaup við tímann)*
**20.05** **Villta Brasilía** *(3:3) (Wild Brazil)*
**21.00** **Víkingarnir** *(3:9) (The Vikings)*
**21.45** **Takk fyrir hjálpið** Stuttmynd í leikstjórn Benedikts Erlingssonar um konu sem lendir í vandræðum þegar bíll hennar verður bensínlaus á áfförnum vegi. *(e)*
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Vestfjarðavíkingurinn 2013** Upptaka frá síðasta sumri frá hinum árlega Vestfjarðarvíkingi. Nokkrir sterkustu manna landsins kepptu þar um hinn eftirsótta titil og voru átökin að venju mikil og keppendur hrikalegir.
**23.15** **Skylduverk** *(5:5) (Line of Duty)* **Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.** *(e)*
**00.15** **Fréttir**
**00.25** **Dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond** *(3:26)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**15.55** **Last Chance to Live** *(5:6)*
**16.55** **Judging Amy** *(18:23)*
**17.40** **Dr. Phil**
**18.20** **Top Gear USA** *(2:16)*
**19.10** **Rules of Engagement** *(10:26)*
**19.35** **Trophy Wife** *(21:22)*
**20.00** **Top Chef** *(10:15)*
**20.45** **Málið** *(9:13)*
**21.15** **Rookie Blue** *(1:13)* Þriðja þáttaröðin af kanadísku lögregluþáttunum Rookie Blue er komin aftur á skjáinn. Fylgst er með lífi og störfum nýliða í lögreglunni sem þurfa ekki aðeins að glíma við sakamenn á götum úti heldur takast á við samstarfsmenn, fjölskyldu og eiga um leið við eigin bresti. Þetta er dramaþáttur eins og þeir gerast bestir og hefur þáttunum m.a. verið líkt við Grey's Anotomy nema í veröld löggæslumanna. Stjörnur þáttanna eru þau Missy Peregrym og Gregory Smith.
**22.00** **CSI** *(21:22)* Vinsælasta spennuþáttaröð frá upphafi þar sem Ted Danson fer fyrir harðsvíruðum hópi rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Morð á eiginkonu spilavítiseiganda tengist netheimum og rannsóknardeildin leitar á náðir tölvubrotadeildar Alríkislögreglunnar.
**22.45** **The Tonight Show**
**23.30** **Law & Order** *(16:22)*
**00.15** **Agents of S.H.I.E.L.D.** *(7:22)*
**01.00** **Rookie Blue** *(1:13)*
**01.45** **The Tonight Show**
**02.30** **Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**07.00** NBA 2013/2014 **12.15** Meistaradeildin í handbolta **13.35** Meistaradeildin í handbolta **14.55** Moto GP 2014 **15.55** IAAF Diamond League 2014 **17.55** NBA 2013/2014 - Playoff G **19.45** Pepsí deildin 2014 **22.00** Pepsímörkin 2014 **23.15** Pepsí deildin 2014 **01.00** NBA 2013/2014 - Playoff Game

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# SNJALLSÍMAR

## KAZAM – HTC – LG





KAZAM

Einfaldir og ódýrir snjallsímar sem allir taka 2 símakort, eru með Dual Core eða Quad Core örgjörvum og fást með 3,5“-5,5“ skjá.

htc

Fyrir þá sem vilja aðeins það besta. Nýji HTC One M8 er kominn. Hágæða myndavél. Mögnuð rafhlöðuending. Frábær skjár. Ótrúlegur vinnsluhraði. Lofaður af fagtímaritum.





LG

LG er einn stærsti farsímaframleiðandi heims og samhliða að bjóða sjónvörp með bognum OLED skjá þá má einnig fá boginn OLED skjá í flaggskipinu þeirra G Flex.

## 15% KYNNINGARAFSLÁTTUR

### AF ÖLLUM FARSÍMUM TIL 6. JÚNÍ

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

## MÁNUDAGSLAGIÐ



**Ég byrja alla morgna á að rífa mig í gang með rótsterkum kaffibolla og set Wake me up með Avici í spilarann. Þetta er skotheld byrjun á góðri viku.**

Einar Mikael töframaður

# Ásdís skemmtir með Snoop Dogg

Eurovision-stjarnan Ásdís María Viðarsdóttir kemur fram á stórri tónlistarhátíð í Manchester með DJ Margeiri í júní. Heimsþekkt nöfn koma fram á hátíðinni.

„Ég er geðveikt spennt, þetta á eftir að verða svo tryllt," segir söngkonan Ásdís María Viðarsdóttir, en hún kemur fram með Dj Margeiri á Parklife-hátíðinni í Manchester í júní. „Við förum út 7. júní og verðum þarna í tvo daga." Um er að ræða stærðarinnar tónlistarhátíð sem um 70–80.000 manns sækja árlega en á hátíðinni í ár koma fram ásamt Ásdísi Maríu og Margeiri þekkt nöfn á borð við Snoop Dogg, London Grammar, Rudimental og Bastiller, auk fjölda annarra listamanna. „Ég hef ekki spilað live áður með Margeiri en er að farast úr spennu," segir Ásdís María. Hún segir jafnframt að þau muni aðallega leika tökulög á hátíðinni. „Við erum byrjuð að semja tónlist saman en ég veit ekki hversu mikið af efni verður tilbúið fyrir hátíðina." Þau hafa í hyggju að koma saman fram á tónleikum í sumar. „Við stefnum á að spila meira saman í sumar og spilum til dæmis sama í Bláa lóninu á næstunni. Við ætlum svo að sjá hvernig þetta gengur," bætir hún við. Ásdís María hefur vakið mikla athygli að undanförnu enda bráðefnileg söngkona. Hún sigraði í Söngvakeppni framhaldsskólanna árið 2013 og þá komst hún í úrslit í undankeppni Eurovision hér á landi þegar hún flutti lagið Amor fyrr á árinu.

- glp



**SYNGJANDI SÆL** Söngkonan Ásdís María Viðarsdóttir hlakkar til sumarsins enda mikið í vændum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




# Ertu að flytja
## til Noregs, Danmerkur eða Svíþjóðar?

Halló Norðurlönd og EURES standa fyrir upplýsingafundum vegna flutninga til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Fundirnir eru ætlaðir öllum þeim sem hyggja á vinnu eða nám í þessum löndum og eru ókeypis og öllum opnir. Farið verður yfir hagnýt atriði varðandi flutning og atvinnuleit auk þess sem fulltrúi frá Ríkisskattstjóra kynnir skattamál.

- Fimmtudaginn 5. júní kl. 17:30 – 19:00
  ***Að flytja til Noregs.***
- Fimmtudaginn 5. júní kl. 19:30 - 21:00
  ***Að flytja til Svíþjóðar og Danmerkur.***

Námskeiðin fara fram í húsnæði Vinnumálastofnunar, Kringlunni 1, í sal á 1. hæð. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og því er nauðsynlegt að skrá sig á námskeiðin með því að senda tölvupóst á **hallo@norden.is** eða hringja í síma 511-1808.

norden
Halló Norðurlönd

EURES
EVRÓPSK VINNUMIÐLUN


# Öryggismyndband í anda Into The Wild

Leikstjórinn Rúnar Ingi Einarsson leikstýrir nýju myndbandi um öryggi flugfarþega fyrir Icelandair. Myndbandið verður sýnt fyrir öll flug en það sýnir erlendan ferðamann á flakki um Ísland og eru öryggisatriðin teiknuð í náttúruna.

„Þessi öryggismyndbönd eru oft og tíðum frekar einsleit og tíðindalítil. Við vildum reyna að nálgast þetta á ferskan hátt," segir leikstjórinn Rúnar Ingi Einarsson sem fenginn var til að leikstýra nýju myndbandi um öryggi flugfarþega fyrir Icelandair. Myndbandið verður sýnt fyrir allar ferðir flugfélagsins og því má reikna með að um 2,4 milljónir manna sjái það árlega. Rúnar segir myndbandið gert í anda kvikmyndarinnar Into The Wild.

„Myndbandið sýnir erlendan ferðamann ferðast um íslenska náttúru og öryggisatriðin birtast svo á frumlegan hátt í náttúrunni. Norðurljósin við Fjallsárlón teikna til að mynda neyðarljós þegar ferðamaðurinn er að tjalda tjaldi sínu," segir Rúnar og bætir við að helstu náttúruperlur Suðurlandsins fái að njóta sín í myndbandinu. Rúnar hefur starfað sem leikstjóri hjá framleiðslufyrirtækinu Pegasus frá árinu 2011 en nýverið hóf hann störf fyrir eitt fremsta framleiðslufyrirtæki á Norðurlöndum, Camp David í Stokkhólmi. „Ég flutti út með unnustu minni sem er að læra lögfræði hér í Stokkhólmi og fékk í kjölfarið tilboð frá helstu kvikmyndaframleiðslufyrirtækjum Svía en það var ekki aftur snúið eftir að Camp David opnaði dyrnar enda eru þar á mála bestu auglýsingaleikstjórar Skandinavíu og víðar."

Rúnar hefur leikstýrt fjölda auglýsinga hér á landi, meðal annars fyrir Nike, Prince Polo, Arion banka og Egils Gull. Auglýsing sem hann gerði fyrir Lottó í desember vakti töluverða athygli og fékk meðal annars umfjöllun hjá virtum fagtímaritum ytra. „Sú auglýsing opnaði nýjar dyr fyrir mér vestan hafs og í kjölfarið hélt ég utan til að skoða þau tilboð sem mér bárust. Ég fór meðal annars á fund hjá framleiðslufyrirtæki í Bandaríkjunum sem heitir Green Dot Films og skrifaði svo undir samning þar um daginn. Samningurinn veitir mér atvinnuleyfi í Bandaríkjunum og gerir mér því kleift að leikstýra auglýsingum þar í landi. Það er virkilega gaman. Svo er ég líka fæddur 4. júlí," segir Rúnar hress að lokum.

kristjana@frettabladid.is



**ÍSLAND Í AÐALHLUTVERKI** Helstu náttúruperlur Suðurlands fá að njóta sín í öryggismyndbandi Icelandair.



**EFTIRSÓTTUR** Rúnar Ingi hefur nóg að gera þessa dagana en hann fékk nýverið atvinnuleyfi í Bandaríkjunum og getur því leikstýrt bandarískum auglýsingum.

# Kyngir stoltinu í frisbígolfi

Framkvæmdir við frisbígolfvöll hefjast á Víðistaðatúni í vikunni.

„Þetta er vinsælt sport og sívaxandi og hefur gefist vel á Klambratúni. Hugmyndin kom inn á Betri Hafnarfjörður og við tókum strax vel í hana," segir Margrét Gauja Magnúsdóttir, formaður fjölskylduráðs og umhverfis- og framkvæmdaráðs í Hafnarfirði. Framkvæmdir við frisbígolfvöll hefjast á Víðistaðatúni í vikunni. Nokkrir frisbígolfvellir eru á Íslandi en sá fyrsti var opnaður á Úlfljótsvatni árið 2000. Þá er hægt að spila frisbígolf í Mosfellsbæ, í Gufunesi, á Klambratúni, á Akureyri, við Laugavatn, á Akranesi og á Flateyri.

„Við ætlum að byrja með sex holu völl í sumar og ef þetta gengur vel verður hann stækkaður í níu holur á næsta ári," bætir Margrét við.

Ekki er aðeins fyrirhugað að búa til frisbígolfvöll í Hafnarfirði í sumar en vellir í Vatnaskógi, við Apavatn, í Miðhúsaskógi, á Flúðum, á Húsavík, á Hrísey ásamt nýjum völlum í Reykjavík bætast við frisbígolfvallaflóruna í sumar. Í lok sumars er því áætlað að frisbígolfvellir á Íslandi verði sautján talsins.

Margrét Gauja segist ekki hafa prófað íþróttina. „Nei, ég hef verið glötuð í öllum íþróttum sem krefjast þess að ég hitti en ég mun pottþétt draga fjölskylduna á Víðistaðatúnið að leika. Krakkarnir munu bursta mig en það er í lagi. Ég get alveg kyngt keppnisskapinu einstaka sinnum."

- lkg



**MJÖG SPENNT** Margrét Gauja er ánægð með þessar nýju framkvæmdir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

➜ Frisbígolf, eða folf, er leikið á svipaðan hátt og venjulegt golf. Í stað golfkylfa og golfbolta nota leikmenn frisbídiska. Þessi íþrótt var mótuð á áttunda áratug síðustu aldar og á það sameiginlegt með venjulegu golfi að reynt er að klára hverja holu í sem fæstum köstum.


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe
S A F T


SÓLARHRINGS SÓLARSAMBA!
SALA HEFST KLUKKAN 12:00 Í DAG, 2. JÚNÍ OG STENDUR Í 24 KLUKKUSTUNDIR.
OKKUR ER SÖNN ÁNÆGJA AÐ BJÓÐA UPP Á FRÁBÆRT SÉRTILBOÐ TIL SUMARÁFANGASTAÐA OKKAR. EKKI LÁTA ÞETTA EINSTAKA TILBOÐ FRAMHJÁ ÞÉR FARA ÞVÍ AÐEINS ER TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ Í BOÐI Á ÞESSUM FRÁBÆRU KJÖRUM.
SALAN HEFST KL. 12:00 Í DAG!
!
24
KLST
TENERIFE
Hovima Jardin Caleta ☆☆☆
m.v 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi með morgunverði.
Ferðatímabil: 2.-9. júlí
108.800 kr.*
Verð m.v. 2 fullorðna: 119.200 kr.
ALMERÍA
Neptuno ☆☆☆☆
m.v 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi og hálfu fæði.
Ferðatímabil: 17.- 24. júní
94.900 kr.*
Verð m.v. 2 fullorðna: 117.040 kr.
MARMARIS
Liman Apart ☆☆☆
m.v 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.
Ferðatímabil: 12.-26. júní
96.900 kr.*
Verð m.v. 2 fullorðna: 111.800 kr.
COSTA DORADA
Regina Gran ☆☆☆☆
m.v 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði.
Ferðatímabil: 16.-23. júní
108.800 kr.*
Verð m.v. 2 fullorðna: 123.753 kr.
BENIDORM
Paraiso Centro ☆☆
m.v 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.
Ferðatímabil: 8.-17. júlí
87.500 kr.*
Verð m.v. 2 fullorðna: 107.397 kr.
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
sumarferdir.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Metnaðarfullt búningapartí

**Auðunn Blöndal** hélt sitt árlega búningapartí á laugardagskvöldið en þetta er í þriðja sinn sem Auðunn býður vinum og vandamönnum í slíkt teiti. Fjölmargir þjóðþekktir einstaklingar létu sjá sig en sjálfur var Auðunn klæddur upp sem skoska þjóðhetjan William Wallace úr kvikmyndinni Braveheart. Vinsælustu búningarnir voru þó án efa Walter White og Jesse Pinkman úr sjónvarpsþáttunum Breaking Bad en Jón Gunnar Geirdal, Sverrir Bergmann, Friðrik Dór Jónsson og kærasta hans, Lísa Hafliðadóttir, mættu öll vel gölluð. **- ka**



### Lét drauminn rætast

Tónlistarmaðurinn **Ólafur Arnalds** lauk tónleikaferðalagi sínu um Portúgal fyrir helgi og skellti sér í kjölfarið til Balí. Þar lét hann gamlan draum rætast og lærði á brimbretti. Brimbrettaævintýrið gekk þó ekki slysalaust fyrir sig því Ólafur flækti fótinn á brettinu og skall í kjölfarið með höfuðið í það þegar stór alda skall á honum. Hann greinir frá atvikinu á Facebook-síðu sinni og segir að óhappið hafi kennt honum að bera virðingu fyrir sjávaröflunum, sem eru ekkert til að gantast með. **- ka**



## Mest lesið VÍSIR

1 Versta kjörsókn í Reyjavík síðan 1928
2 Framsóknarkonur fagna: „Ég held að konur geti allt“
3 Frambjóðendur í tilfinningarússíbana: Inn og út úr borgarstjórn
4 Fokking ótrúlegt og þú mátt hafa það eftir mér
5 Munu leggja til að lóðaúthlutun til mosku verði dregin til baka





